
LÖGFRÆÐISVIÐ

Hlutlæg ábyrgð sem grundvöllur skaðabótaábyrgðar

- Hvað réttlætir þá víðtæku ábyrgð sem reglan um hlutlæga ábyrgð kveður á um?

Ritgerð til ML gráðu

Nemandi: Sveinbjörn Guðlaugsson

Leiðbeinandi: Þ. Skorri Steingrímsson hdl.

Haustönn – 2014



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting lokaverkefnis
til ML gráðu í lögfræði

Lokaverkefnið:

Hlutlæg ábyrgð sem grundvöllur
skaðabótaábyrgðar

- Hvað réttlætir þá víðtæku ábyrgð sem reglan um hlutlæga
ábyrgð kveður á um?

eftir

Sveinbjörn Guðlaugsson kt. 180989-3079

hefur verið metið og varið á málsvörn frammi fyrir dómnefnd þriggja dómnefndarmanna
samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst
og hlotið lokaeinkunnina _____

Bifröst hinn ____ dag _____ mánaðar, á því herrans ári _____

rektor

Lokaverkefni til ML gráðu í lögfræði
við Háskólann á Bifröst
Haust 2014

Hlutlæg ábyrgð sem grundvöllur skaðabótaábyrgðar

- Hvað réttlætir þá víðtæku ábyrgð sem reglan um hlutlæga
ábyrgð kveður á um?

Höfundur: Sveinbjörn Guðlaugsson
Leiðbeinandi: P. Skorri Steingrímsson



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Ágrip

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til ML-gráðu í lögfræði við Háskólann á Bifröst. Í ritgerðinni er fjallað um regluna um hlutlæga ábyrgð og er markmið ritgerðarinnar að varpa ljósi á þau sjónarmið og þau rök sem réttlæta þá víðtæku ábyrgð sem reglan kveður á um.

Til að byrja með er gerð grein fyrir tilgangi skaðabótareglna og þeim markmiðum sem skaðabótareglum er ætlað að ná. Því næst er gerð grein fyrir muninum á reglunni um hlutlæga ábyrgð og öðrum reglum sem geta átt við um grundvöll skaðabótaábyrgðar.

Umfjöllunin sem snýr beint að reglunni um hlutlæga ábyrgð er svo skipt upp í tvo hluta. Í fyrri hluta umfjöllunarinnar er spjótunum beint að þeim hlutlægu ábyrgðarreglum sem hafa verið lögfestar á Íslandi. Hlutlægar ábyrgðarreglur hafa verið lögfestar á ýmsum sviðum og eru því sjónarmiðin og rökin fyrir þeim misjöfn en fyrst og fremst er það hættueiginleiki háttsemis sem ræður því hvort nauðsynlegt sé að kveða á um hlutlæga ábyrgð eða ekki. Umfjöllunin byggist að mestu á greinargerðum þeirra laga sem kveða á um hlutlæga ábyrgð en einnig á fræðiritum.

Í síðari hluta umfjöllunarinnar er spjótunum beint að ólögfestum hlutlægum ábyrgðarreglum sem dómstólar hafa þurft að taka afstöðu til. Þar snýr umfjöllunin ekki einungis að því að kanna hvaða sjónarmið dómstólar líta til, heldur einnig hver afstaða dómstóla er til ólögfesta hlutlægra ábyrgðarreglna og hvort þær reglur séu yfir höfuð í gildi á Íslandi. Byggist umfjöllunin fyrst og fremst á reifun dóma en til að byrja með var afstaða dómstóla mjög á reiki að er virtist. Í dag virðast dómstólar á Íslandi hafa myndað sér skoðun um gildi þessara reglna en samkvæmt nýjustu dómum þar sem reynt hefur á reglurnar virðist sem að ekki séu í gildi reglur um ólögfesta hlutlæga ábyrgð.

Formáli

Ritgerð þessi er 30 ECTS eininga lokaverkefni til ML gráðu í lögfræði við lagadeild Háskólans á Bifröst. Viðfangsefni hennar er hlutlæg ábyrgð sem grundvöllur skaðabótaábyrgðar.

Öflun heimilda, vinnsla og ritun ritgerðarinnar fór fram frá mars 2014 til loka nóvember 2014. Höfundur vill færa þeim þakkir sem aðstoðað hafa við vinnslu verkefnis. Sérstakar þakkir fær Þ. Skorri Steingrímsson hdl. sem var leiðbeinandi við vinnslu verkefnisins fyrir ítarlega og greinargóða handleiðslu og leiðsögn. Þá vill höfundur þakka Ásgeiri Erni Blöndal Jóhannssyni hdl. fyrir fræðilegt álit og athugasemdir á efni ritgerðarinnar. Að lokum vill höfundur þakka Áslaugu Magnúsdóttur fyrir góðan og faglegan prófarkalestur.

Bifröst 16. desember 2014

Sveinbjörn Guðlaugsson

Efnisyfirlit	
1. Inngangur	1
2. Markmið skaðabótaeigna	4
2.1. Bótahlutverkið	4
2.2. Varnaðarhlutverk	5
2.3. Yfirfærsluhlutverk	6
2.4. Dreifingarhlutverk	6
3. Grundvöllur skaðabótaábyrgðar	7
3.1. Sakarreglan	7
3.1.1. Óhappatilvik	8
3.1.2. Saknæm háttsemi	9
3.1.3. Ólögmati og saknæmi	13
3.2. Vinnuveitendaábyrgð	13
3.3. Sakarlíkindareglan	14
3.4. Bótaábyrgð án sakar	15
4. Reglan um hlutlæga ábyrgð	17
4.1. Inntak reglunnar	17
4.2. Uppruni reglunnar	18
4.2.1. Uppruni reglunnar í íslenskum rétti	18
4.3. Rök með og á móti reglunni	19
5. Lögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur	22
5.1. Inngangur	22
5.2. Krafa um að ákvæðin séu skýr	22
5.2.1. 23. gr. a. skaðabótalaga	22
5.3. Tjón sem hlýst af notkun farartækja	24
5.3.1. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987	24
5.3.2. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985	26
5.3.3. 128. gr. loftferðalaga nr. 60/1998	27
5.4. Tjón sem hlýst vegna umhverfismengunar	28

5.4.1. Lög um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012	28
5.4.2. Lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996	31
5.4.3. Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001	32
5.4.4. Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004	32
5.4.5. Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar	33
5.4.6. Samningur um álbræðslu við Straumsvík	34
5.5. Ábyrgð vegna tjóns af fasteignum	34
5.6. Ábyrgð á dýrum	35
5.7. Lög um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991	35
5.8. Lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000	37
5.9. Tengsl hlutlægra ábyrgðarreglna við váttryggingar	39
5.10. Samantekt	39
6. Hlutlæg ábyrgð án beinnar lagaheimildar	42
6.1. Inngangur	42
6.2. Réttarþróun hlutlægrar ábyrgðar á Íslandi	43
6.2.1. Dómar fyrir 1970	43
6.2.2. Dómar eftir 1970	46
7. Hlutlæg ábyrgð þegar um hættulega starfsemi er að ræða	49
7.1. Inngangur	49
7.2. Kenningar Henry Ussing	49
7.3. Dómar er varða hlutlæga ábyrgð þegar um hættulega starfsemi er að ræða	50
7.3.1. Slys á sjómanni við störf	50
7.3.2. Slys er rekja má til force majeure	53
7.3.3. Tjón vegna hættulegra efna	54
7.3.4. Jarðgangagerð	55
7.4. Sérlæg um atvinnuslysatryggingar á Norðurlöndunum	57
8. Ólögfest hlutlæg ábyrgð á Norðurlöndunum	59
8.1. Danmörk	59

8.2. Noregur	60
8.3. Svíþjóð	61
9. Niðurstaða	63
Lokaorð	66
Heimildaskrá	67
Lagaskrá	67
Dómaskrá	68

1. Inngangur

Í skaðabótarétti eru fjórar reglur sem geta verið grundvöllur skaðabótaábyrgðar. Í fyrsta lagi er það sakarreglan sem er meginregla skaðabótaréttarins. Í stuttu máli virkar hún þannig að þegar henni er beitt þarf tjónþoli að sýna fram á, og sanna, að einhver tiltekinn aðili hafi viðhaft saknæma háttsemi sem orsakaði það tjón sem hann varð fyrir. Í öðru lagi er það reglan um vinnuveitendaábyrgð þar sem vinnuveitandi ber ábyrgð á því tjóni sem starfsmenn valda með saknæmri háttsemi við vinnu. Í þriðja lagi er það sakarlíkindareglan þar sem sönnunarbyrðinni er snúið við, þ.e. meintur tjónvaldur þarf að sýna fram á, og sanna, að hann hafi ekki viðhaft saknæma háttsemi. Og í fjórða lagi er það reglan um hlutlæga ábyrgð sem er til umfjöllunar í þessu riti. Hlutlæg ábyrgð er í stuttu máli þannig að ekki þarf að sýna fram á, né sanna, að aðili hafi viðhaft saknæma háttsemi. Tjónþoli þarf aðeins að sýna fram á að tjón hans falli undir tiltekna hlutlæga ábyrgðarreglu og að orsakatengsl séu á milli tjóns hans og tjónsatburðar. Með öðrum orðum virkar ábyrgðin þannig að aðili sem ekki hefur viðhaft saknæma háttsemi þarf að bera skaðabótaábyrgð á tjóni einhvers annars aðila.

Það er því eðlilegt að spyrja sig hvort svo víðtæk ábyrgð sé ekki ósanngjörn gagnvart þeim sem bera þarf ábyrgð á tjóninu. Hann hefur í raun ekki gert neitt rangt né valdið tjóninu með einhverjum hlutlægum hætti. Eitthvað hlýtur þó að vera að baki þessum reglum og er þessari ritgerð ætlað að kafa í þau rök sem standa að baki þeim hlutlægu ábyrgðarreglum sem í gildi eru eða hafa verið í gildi. Hlutlægum ábyrgðarreglum má hins vegar skipta í tvo þætti, annars vegar lögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur, sem löggjafinn hefur lögfest á ýmsum sviðum, og svo hins vegar ólögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur, sem snúa að ábyrgð vinnuveitanda á tjóni starfsmanns.

Í eðli sínu má segja að þessar tvær tegundir reglna séu ólíkar að því leyttinu til að lögfestu reglurnar eru ítarlega rökstuddar af löggjafanum en hinar ólögfestu koma aðeins til álita hjá dómstólum sem vega og meta hvort þær eigi við tiltekin tilvik eða ekki. Einnig hefur það verið nokkuð á reiki hjá dómstólum hvort hinar ólögfestu hlutlægu ábyrgðarreglur séu yfir höfuð í gildi í íslensku réttarhari eða ekki. Því má segja að ritgerðin sé tvíþætt. Fyrst verða lögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur teknar fyrir og skoðaðir þeir þættir sem löggjafinn hefur litið til þegar hann hefur lögfest svo víðtæka ábyrgð eins og reglan um hlutlæga ábyrgð kveður á um. Í öðru lagi verða svo hinar ólögfestu hlutlægu ábyrgðarreglur teknar fyrir og fjöldi dóma reifaður til að kanna hvaða sjónarmiða dómstólar hafa litið til þegar reglan hefur komið til álita en einnig verður reynt að varpa ljósi á skoðun dómstóla varðandi gildi

ólögfesta hlutlægra ábyrgðarreglna í íslensku réttarfari í dag. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er því:

Hvað réttlætir þá viðtæku ábyrgð sem reglan um hlutlæga ábyrgð kveður á um?

Til þess að gera innihaldi ritgerðarinnar frekari skil er efnisskipan hennar eftirfarandi:

2. kafli er fjallar um markmið skaðabótareglna og 3. kafli er fjallar um grundvallareglur skaðabótaábyrgðar eru fyrst og fremst almennir fræðikaflar. Verður þar gerð grein fyrir eðli þeirra reglna sem í gildi eru og hverju þeim er ætlað að ná fram. Þeir eru fyrst og fremst hugsaðir fyrir heildarmyndina sem ritgerðinni er ætlað að draga upp.

Í 4. kafla verður svo inngangur að meginumfjöllun ritgerðarinnar en honum er ætlað að gera grein fyrir inntaki reglunnar um hlutlæga ábyrgð. Gerð verður grein fyrir uppruna reglunnar og af hverju það var nauðsynlegt að setja reglu sem kvæði á um svo viðtæka ábyrgð eins og reglan um hlutlæga ábyrgð gerir. Þessi kafli mun því vera ákveðinn inngangskafli áður en umfjölluninni verður beint að lögfestu og ólögfestu hlutlægu ábyrgðarreglunum.

Í 5. kafla verður umfjölluninni sérstaklega beint að löggfestum hlutlægum ábyrgðarreglum. Þar verða þær reglur sem lögfestar hafa verið á Íslandi skoðaðar ítarlega og gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum og rökum sem löggjafinn studdist við. Auk umfjöllunar um þau sjónarmið sem löggjafinn studdist við verður gerð grein fyrir tengslum reglnanna við váttryggingarétt. Í lok kaflans verður svo samantekt á öllu því sem kom fram í kaflanum.

Í 6. og 7. kafla verður umfjölluninni svo aftur á móti beint að hinum ólögfestu hlutlægu ábyrgðarreglum sem dómstólar hafa í einhverjum tilfellum reist niðurstöðu sína á. Í 6. kafla er sérstök áhersla lögð á þróun reglunnar á Íslandi þar sem dómur sem féllu um 1970 verða sérstaklega skoðaðir en þeir mörkuðu ákveðin þáttaskil í afstöðu dómstóla til reglunnar. Fyrir þann tíma var afstaða íslenskra dómstóla nokkuð á reiki. Verður því umfjöllunin að mestu í formi dómareifana en rýnt verður í niðurstöður dóma þar sem ólögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur hafa komið til álita.

Í 7. kafla verður sérstök áhersla lögð á ólögfesta hlutlæga ábyrgð á líkamstjóni er verður vegna hættulegrar starfsemi. Verða þar dómur á ýmsum sviðum reifaðir og afstaða dómstóla greind.

Í 8. kafla verður svo umfjöllun um hvernig réttarframkvæmdin hefur verið á Norðurlöndunum en til að mynda hafa norskir dómstólar verið hvað duglegastir að fallast á ólögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur.

9. kafli mun svo verða niðurstöðukafli þar sem gerð verður grein fyrir umfjölluninni í heild sinni og hvaða sjónarmiða og raka löggjafinn lítur til við lögfestingu hlutlægra ábyrgðarreglna annars vegar og hins vegar afstöðu dómstóla til ólögfestra hlutlægra ábyrgðarreglna og hvaða sjónarmiða þeir líta til þegar þeim er beitt varðandi sakarábyrgð.

Í lokin verða svo lokaorð frá höfundi og hans gagnrýni á þá niðurstöðu sem ritgerðin skilaði.

2. Markmið skaðabótareglna

Þegar talað er um hlutverk skaðabótareglna er átt við þau áhrif af framkvæmd skaðabótareglanna sem liggja því til grundvallar að þær eru taldar gagnlegar og hentugar.¹ Vanalega er talað um að skaðabótareglur hafi tvö meginhlutverk sem réttlæta þá bótaábyrgð sem þær bera með sér, þ.e. bótahlutverk og varnaðarhlutverk.² Sumir fræðimenn vilja þó skipta hlutverkunum í fleiri flokka. Má þar nefna að sænski prófessorinn Jan Hellner skiptir hlutverkunum t.d. á milli fjögurra hlutverka, þ.e. bótahlutverks, yfirfærsluhlutverks, dreifingarhlutverks og varnaðarhlutverks.³ Verður hér stuttlega gerð grein fyrir þessum fjórum flokkum.

2.1. Bótahlutverkið

Bótahlutverkið er eins og að framan greinir eitt af meginhlutverkum skaðabótareglna og hefur gjarnan verið talið mikilvægasta hlutverk þeirra. Í því felst að veita eigi tjónþola fjárgreiðslu fyrir það tjón sem hann hefur orðið fyrir. Þannig skal greiða þeim sem verður fyrir líkamstjóni bætur vegna þeirra útgjalda sem hann verður fyrir vegna tjónsins, t.d. vegna læknskostnaðar og vegna missis atvinnutekna, tímabundið og til frambúðar, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993⁴, en þar segir: „*Sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni skal greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur.*“ Eins ef um muntatjón er að ræða, þá skal miða bætur við það að tjónþoli geti aftur eignast eins hlut og eyðilagðist, eða látið gera við skemmdir á honum. Tjónþoli er þó ekki skyldugur skv. bótahlutverkinu til að fá sér nýjan eins hlut eða sambærilegan hlut eða láta gera við þann sem eyðilagst hefur. Bótahlutverkinu er aðeins ætlað að stýra ákvörðun á fjárhæð skaðabóta.⁵

Það hefur að auki verið talið að bótahlutverkið þjóni einnig þeim tilgangi að efla öryggi í þjóðfélaginu.⁶ Í því felst að almennur borgari ætti að vera öruggur að vita að ef hann verður fyrir tjóni fái hann það bætt og verði þannig ekki fyrir neinum fjárhagslegum skaða. Það er þó ekki svo einfalt að hægt sé að segja að allir fái tjón sitt bætt að fullu. Til þess að tjónþoli öðlist rétt til bóta á grundvelli skaðabótareglna þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Oftast er sök þess sem veldur tjóni skilyrði skaðabótaábyrgðar, en stundum eiga við víðtækar

¹ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 25, og Jan Hellner og Marcus Radetzki. Skadeståndsrätt (2010), bls. 39.

² Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 60. Sjá einnig, Peter Lødrup. Lærbok i erstatningsrett (2011), bls. 107.

³ Jan Hellner og Svante Johansson. Skadeståndsrätt (2010), bls. 39-46.

⁴ Hér eftir skbl.

⁵ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 60-61.

⁶ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 26.

ábyrgðarreglur eins og hlutlæg ábyrgð. Þannig fæst tjón ekki bætt á grundvelli skaðabótareglna ef það uppfyllir ekki skilyrði skaðabótaábyrgðar.

Einnig kann að vera þótt háttsemi sé skaðabótaskyld að það sé ekki sjálfgefið að tjónþolinn fái bætur. Það getur orðið raunin ef tjónvaldur, eða hinn bótaskyldi, er eignalítill eða eignalaus og hafi þar af leiðandi ekki efni á að greiða fullar eða nokkrar bætur yfirleitt. Skaðabótarétturinn helst í hendur við önnur réttarsvið og treystir þar með að þau leysi slík vandamál.⁷ Að auki er gjarnan talað um að gildi skaðabótareglna verði að meta í ljósi þess að önnur bótaúrræði, einkum váttryggingar og almannatryggingar, hafa á mörgum sviðum í raun tekið við bótahlutverki skaðabótaréttar að meira eða minna leyti.⁸ Má þar nefna að tjónþoli geti verið ábyrgðartryggður fyrir munatjóni og fær hann þá tjón sitt bætt frá váttryggingafélagi sínu óháð því hvort um sök einhvers hafi verið að ræða. Sé um sök einhvers að ræða á váttryggingafélagið skaðabótakröfu á tjónvald og renna þá skaðabæturnar beint til félagsins en ekki til tjónþola.

2.2. Varnaðarhlutverk

Eins og að framan sagði er varnaðarhlutverk skaðabótareglna talið vera eitt af tveimur meginhlutverkum reglnanna. Viðar Már Matthíasson, prófessor, telur að skipta megi varnaðarhlutverkum skaðabótareglna í tvo þætti, þ.e. sérstök varnaðaráhrif og almenn varnaðaráhrif. Skilgreinir hann sérstöku varnaðaráhrifin á eftirfarandi hátt: „*Með sérstökum varnaðaráhrifum er átt við, að sá, sem bótaskyldur er og þarf að greiða skaðabætur, muni láta það hafa áhrif á háttsemi sína framvegis þannig, að hann forðist í framtíðinni, að valda tjóni.*“ Almennu varnaðaráhrifin eru ekki svo frábrugðin en Viðar Már Matthíasson skilgreinir þau á eftirfarandi hátt: „*Með almennum varnaðaráhrifum skaðabótareglna er átt við, að vitneskja manna um tilvist skaðabótareglna hafi almennt áhrif á háttsemi þeirra.*“ Eiga þessi áhrif að leiða til þess að menn forðist að viðhafa tiltekna háttsemi viti þeir að hún leiði til skaðabótaábyrgðar með tilheyrandi fjárútlátum.⁹ Einnig hefur verið talið að skaðabótareglur hafi ákveðin uppeldisáhrif eða áhrif á mótun siðferði manna þar sem reglurnar kveða oft á um að ákveðin skaðaverk séu vítaverð.¹⁰

Það hefur almennt verið talið að varnaðaráhrif skaðabótareglna skili sér best í þeim skaðabótareglum þar sem sök er forsenda skaðabótaskyldu, enda kveða þær skýrt á um hvaða háttsemi leiði til skaðabótaábyrgðar. Þannig eiga einstaklingar auðveldara með að fylgja þeim

⁷ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 61-62.

⁸ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 26.

⁹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 63-64.

¹⁰ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 28.

og fyrirbyggja þar með að valda tjóni. Það hefur þó verið talið að víðtækari skaðabótareglur, sem ekki byggja á sök sem skilyrði bótaábyrgðar, hafi að einhverju leyti varnaðaráhrif. Þannig skila varnaðaráhrif reglunnar um vinnuveitendaábyrgð sér í því að þeir, sem mega búast við að verða dæmdir eftir svo víðtækum bótareglum, muni gera auknar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón, m.a. með ströngu eftirliti með starfsmönnum og með því að leita ráða til að hindra að mistök geti valdið tjóni.¹¹

Á undanförnum áratugum hafa einnig verið uppi kenningar um fjárhagslega vörn gegn tjóni. Er það talið vera afbrigði varnaðaráhrifa, þ.e. fjárhagsleg varnaðaráhrif. Arnljótur Björnsson, prófessor, skilgreinir kenninguna á eftirfarandi hátt: „*Fjárhagsleg vörn er í því fólgin að koma því svo fyrir, að þeir, sem hafa besta aðstöðu til að hafa áhrif á hvort tjón verði, hafi fjárhagslegan ávinning af því að haga gerðum sínum þannig, að sem minnstar líkur séu á tjóni*“.¹² Ef reglur laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 eru skoðaðar má sjá að þær bera keim af þessum sjónarmiðum, en þar er það framleiðandinn sem ber á endanum ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluhlutar.

2.3. Yfirfærsluhlutverk

Þegar talað er um yfirfærsluhlutverk skaðabótareglna er átt við að tjón flyst frá þeim sem það kom fyrst niður á, til þess sem ber skaðabótaábyrgðina. Tjónið verður þannig í sjálfu sér ekki bætt, a.m.k. ekki frá sjónarhóli samfélagsins, heldur færast það öllu heldur yfir á tjónvald. Í mörgum tilfellum á tjónþoli ekki rétt á bótum og tekur þetta hlutverk ekki til þeirra tilvika. Nær það heldur ekki yfir þau tilvik þar sem tjónþoli kann að hafa keypt ábyrgðartryggingu sem bætir tjón hans eða óskað eftir að t.d. almannatryggingar beri hluta tjónsins. Sá tilflutningur fer fram á grundvelli váttryggingasamninga eða laga um almannatryggingar.¹³

2.4. Dreifingarhlutverk

Með dreifingarhlutverkinu er átt við þau tilvik þar sem sá, sem ber bótaábyrgð, getur dreift henni, t.d. með álagningu á verð vöru eða þjónustu. Með þeim hætti dreifist fjárhagsleg byrði af tjóni á herðar fleirum en þeim manni, sem tjón kom fyrst niður á. Algengara er að skaðabótareglur gegni dreifingarhlutverkinu óbeint fyrir tilstuðlan ábyrgðartrygginga. Þá er tjóni dreift á alla þá, sem tekið hafa sambærilega váttryggingu.¹⁴

¹¹ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 28.

¹² Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 28. Sjá einnig t.d. Jan Hellner og Marcus Radetzki. Skadestandsrátt (2010), bls. 45 og Peter Lødrup. Lærbok i erstatningsrett (2011), bls. 107.

¹³ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 66.

¹⁴ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 67.

3. Grundvöllur skaðabótaábyrgðar

Þegar talað er um bótagrundvöll í skaðabótarétti er átt við þá reglu sem við á um skilyrði eða grundvöll skaðabótaábyrgðar hverju sinni. Í skaðabótarétti er almennt miðað við að fjórar reglur séu fyrir hendi um bótagrundvöllinn þegar til álita kemur að tjón sé skaðabótaskyld. Getur ekki komið til skaðabótaábyrgðar, nema fyrir liggi, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem eiga við samkvæmt þeirri reglu, er gildir um bótagrundvöllinn í hverju tilviki. Þær reglur sem eru fyrir hendi um bótagrundvöllinn eru sakarreglan, reglan um vinnuveitandaábyrgð, sakarlíkindareglan og reglan um hlutlæga ábyrgð. Almenna reglan er sú að það hvíli á tjónþola að sanna að tjóni sé valdið með skaðabótaskyldum hætti. Sé skilyrðum um bótagrundvöllinn í tilteknu tilviki ekki fullnægt getur ekki komið til skaðabótaábyrgðar.¹⁵

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir framangreindum bótagrundvelli sem fyrir hendi er. Markmið kaflans er fyrst og fremst að skýra þann mun sem skilur bótagrundvöll að áður en umfjöllun ritsins verður vikið að hlutlægri ábyrgð einni og sér.

3.1. Sakarreglan

Meginreglan í skaðabótarétti er sú að aðili ber ekki skaðabótaábyrgð á tjóni nema það verði rakið til saknæmrar háttsemi hans. Í dag er þessi regla almennt þekkt sem sakarreglan en hún hefur einnig verið nefnd saknæmisreglan, almenna skaðabótareglan eða gáleysisreglan (culpareglan).¹⁶ Sakarreglan er meginregla bæði í þeim skilningi að algengast er að skaðabótaábyrgð sé reist á henni og í þeim skilningi að reglan gildir um bótagrundvöllinn nema annað sé kveðið á um í lögum eða sérstakar ástæður séu fyrir hendi.¹⁷ Fræðimenn hafa almennt skilgreint sakarregluna svo:

„Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum (þ.e. af ásetningi eða gáleysi) og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði, að sérstakar huglæggar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegu heilbrigði.“¹⁸

Mikilvægt er að áréttu að hugtökin sök og saknæmi hafa ekki sömu merkingu þegar talað er um þau í skaðabótarétti. Með orðinu sök er átt við að háttsemi sé saknæm og ólögmæt, en saknæmi tekur einungis til saknæmisskilyrðanna, ásetnings og gáleysis.¹⁹

¹⁵ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 137.

¹⁶ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 57.

¹⁷ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 138.

¹⁸ Sjá Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 52 og 140. Sbr. einnig Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 58, og A. Vinding Kruse. Erstatningsretten (1989), bls. 30.

¹⁹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 141.

Svo að hægt sé að beita sakarreglunni þurfa tvö megin skilyrði að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi þarf að vera um háttsemi (athöfn eða athafnaleysi) að ræða sem er ólögmat og í öðru lagi verður háttsemin að vera saknæm. Samkvæmt skilgreiningu sakarreglunnar hér að framan telst háttsemi saknæm sé hún viðhöfð af ásetningi eða gáleysi. Þannig skiptir því almennt ekki máli að ákveða nákvæmlega mörkin milli ásetnings og gáleysis. Hins vegar er mikilvægt að gera greinarmun á hvort háttsemi hafi verið viðhöfð af ásetningi eða gáleysi, eða hvort um óhappatilvik hafi verið að ræða. Sé um óhappatilvik að ræða leiðir háttsemin ekki til bótaskyldu.²⁰

Verður hér gerð grein fyrir óhappatilvikum annars vegar, sem ekki leiða til skaðabótaábyrgðar og saknæmri háttsemi hins vegar sem leiðir til skaðabótaábyrgðar.

3.1.1. Óhappatilvik

Eins og fyrr segir er tjón, sem verður við óhappatilvik, ekki bótaskyld á grundvelli sakarreglunnar. Eitt af helstu viðfangsefnum skaðabótaréttar er að greina mörkin á milli óhappatilkvika annars vegar og tilvika sem teljast viðhöfð af almennu gáleysi hins vegar.²¹ Fjölmörg dómafordæmi eru til þar sem ágreiningur aðila snýr að því hvort háttsemi teljist óhappatilvik eða gáleysi.

Þegar talað er um óhappatilvik er átt við um tilvik þar sem orsakasamband milli tjóns og háttsemi er sönnuð, án þess að það sé einhverjum um að kenna og tjónið ekki rakið til gáleysis eða ásetnings. Getur það átt við um tilvik þar sem tilviljun ein veldur því að tjónið verður. Í Hrd. 455/1998 er að finna dæmi um tilvik þar sem tjón verður vegna óhappatilkvika.

Hrd. 455/1998

Málsatvik voru þau að rafvirki, J, hafði verið að störfum í verslunarhúsnæði. Verkið krafist þess að J tæki strauminn af húsinu, þar sem hann þurfti að tengja nýja grein inn á rafmagnstöfluna, en að því búnu setti hann straum á aftur. Þegar starfsmaður M, fyrirtækis sem hafði starfsstöð í húsinu, kom til starfa daginn eftir, voru tvær vélar fyrirtækisins bilaðar. M taldi háttsemi J saknæma og krafðist skaðabóta úr hans hendi vegna tjónsins. Sérfróðir meðdómsmenn í málinu komust að þeirri niðurstöðu að spennutoppur hefði myndast þegar höfuðrofa var slegið inn eftir verkið. J var sýknaður í málinu þar sem verklag hans þótti að öllu leyti eðlilegt og almennt ekki til þess fallið að valda tjóni.

²⁰ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 58.

²¹ Bo von Eyben og Helle Isager. Lærbog í erstatningsret (2003), bls. 59-60.

Í þessu máli var það talið sannað að M hafi orðið fyrir tjóni vegna starfa J í rafmagnstöflunni. Sérfróðir meðdómendur komust hins vegar að því að J hafi ekki viðhaft gáleysisleg vinnubrögð og með tilliti til þess taldi dómurinn að J hafi ekki valdið M umdeildu tjóni með saknæmum hætti.

Í Hrd. 29/2011 greindi aðila á um hvort tjón yrði rakið til óhapps eða gáleysis starfsmanns. Dómurinn er einnig áhugaverður að því leyti að héraðsdómur og Hæstiréttur voru ekki sammála um niðurstöðu málsins.

Hrd. 29/2011

Málsatvik voru þau að I varð fyrir tjóni er hún steig á döðlu sem lá á gólfi við ávaxtaborð í verslun H hf. og féll. I taldi að H hf. bæri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þar sem þeim hafi borið skylda að hreinsa aðskotahluti af gólfinu til þess að tryggja öryggi viðskiptavina, líkt og vinnureglur verslunarinnar bæru með sér. I taldi að eftirliti hafi verið ábótavant og það því haft í för með sér slyshættu fyrir þá, sem áttu leið um ávaxtaborðið. Var það niðurstaða Hæstaréttar að ekki væri hægt að rekja slys I til saknæmrar vanrækslu starfsmanna H hf. heldur yrði að telja að um óhappatilviljun hefði verið að ræða. Var H hf. því sýknað af kröfu I.

Héraðsdómur taldi H hf. bera skaðabótaábyrgð á tjóni I og vísaði til þess að H hf. hafi verið kunnugt um áhættuna af matvælum á gólfinu í umræddum hlutum verslunarinnar og af þeim sökum borið að hafa sérstaka aðgát á þeim stöðum. Hæstiréttur féllst hins vegar á það með H hf. að ógjörningur hafi verið fyrir starfsmenn hans að koma í veg fyrir að ávextir falli á gólf verslunarinnar eða að fylgjast svo nákvæmlega með að jafnan sé strax unnt að bregðast við þegar slíkt gerist. Taldi Hæstiréttur því að aðeins væri um óhappatilvik að ræða sem ekki væri hægt að rekja til sakar H hf.

Framangreind dæmi eru aðeins brot af þeim fjölmörgu málum sem hafa farið fyrir dómstóla vegna samskonar ágreinings. Af þeim er óhætt að draga þá ályktun að ekki eru skýr mörk á milli óhappatílvika, sem ekki leiða til skaðabótaskyldu, og gáleysislegrar háttsemi, sem leiðir til skaðabótaskyldu.

3.1.2. Saknæm háttsemi

Eins og komið hefur fram er það eitt af skilyrðum fyrir beitingu sakarreglunnar að háttsemi þarf að vera saknæm, þ.e. framkvæmd af gáleysi eða af ásetningi. Saknæmi er huglægt ástand sem varðar hina huglægu afstöðu tjónvalds til þeirrar háttsemi er olli tjóni.²² Mat á huglægu ástandi fer þó eftir hlutlægum þáttum, þ.e. notuð er aðferð sem beitir hlutlægum viðmiðunum

²² Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 58.

til þess að draga ályktanir, svo unnt sé að segja til um hvort huglægum skilyrðum sé fullnægt.²³

3.1.2.1. Gáleysi

Með gáleysi er átt við þá huglægu afstöðu manns, sem felst í vilja hans. Er þar ekki átt við vilja manns til að valda tjóni heldur vilja til að viðhafa tiltekna háttsemi. Sé maður neyddur eða þvingaður til að gera eitthvað, sem veldur tjóni, verður að meta það svo að það hafi ekki verið vilji hans til að viðhafa tiltekna háttsemi og því ekki hægt að leggja skaðabótaábyrgð á hann.²⁴

Gáleysi er ekki skilgreint í lögum en fræðimenn, bæði á sviði skaðabótaréttar og refsiréttar, hafa leitast við að skilgreina hugtakið og hefur það m.a. verið skilgreint svo í skaðabótarétti:

„Tjóni er valdið af gáleysi, ef háttsemi tjónvalds hefur, vegna þess að hann hefur ekki sýnt þá varkárni, sem ætlast mátti til af honum, vikið frá því, sem telja má viðurkennda háttsemi samkvæmt því sem ákveðið er í lögum, fordæmum, venju, eða eftir öðrum viðmiðunum í skaðabótarétti.“

Í þessu felst, að tjónvaldur hefði átt þess kost að forðast það að valda tjóni, ef hann hefði hegðað sér öðruvísi, en hann gerði.²⁵ Við mat á því hvort tjónvaldur hafi sýnt af sér gáleysi hefur aðferðafræði skaðabótaréttar lengst af verið á þann veg, að spurt hefur verið, hvernig gegn og skynsamur maður, bonus pater familias, hefði hegðað sér við hinar tilteknu aðstæður. Þessi aðferðafræði er viðurkennd víða, m.a. á Norðurlöndunum, og í breskum og bandarískum rétti hefur verið notast við sambærilegan mælikvarða eða „the reasonable man“. Sé tiltekin háttsemi talin víkja frá þeirri háttsemi sem gegn og skynsamur maður hefði viðhaft, og tjónið rakið til þess fráviks, ber tjónvaldur jafnan skaðabótaábyrgð á tjóninu.²⁶ Á síðari árum hefur mælikvarðinn þó sætt mikilli gagnrýni vegna þeirra takmarkana sem á honum eru. Hefur þróunin verið sú að í mun minna mæli er stuðst við bonus pater familias-mælikvarðann. Gagnrýnin felst fyrst og fremst í því að viðmiðun við gegnan og skynsaman mann stenst ekki af þeirri ástæðu, að þeir menn gera líka mistök, en bonus-pater familias-mælikvarðinn miðar á hinn bóginn við það að fyrirmyndin geri ekki mistök. Einnig voru þjóðfélagsaðstæður allt aðrar þegar mælikvarðinn varð til, eða það er að segja að frá tilurð mælikvarðans hefur orðið mikil tækniþróun og mikil sérhæfing. Menn reyndu að bregðast við þessu með því að rýmka mælikvarðann og gera bonus pater familias að svonefndum vir optimus, þ.e. að miða við þann

²³ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 141.

²⁴ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 146.

²⁵ Einnig hafa önnur orð verið notuð um gáleysi sem hafa sömu merkingar, eins og t.d. aðgæsluleysi, afglöp, andvaraleysi, handvömm, hirðuleysi, kæruleysi, mistök, óaðgætni, vanræksla og yfirsjón.

²⁶ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 146-149.

fullorðna mann, sem best hafði hagnýtt sér þá þekkingu, sem til var á viðkomandi sviði. Þannig var mælikvarðinn breytilegur eftir því hvort deilt væri um skaðabótaskyldu innan einhvers sérsviðs, t.d. vegna tjóns er leiddi af störfum lækna, sjómanna, lögfræðinga, smiða o.fl.²⁷

Í dag hefur þróunin orðið sú að æ sjaldnar þarf að spyrja, hvernig hinn gegni og skynsami maður, eða sérfræðingur á því sviði, er tjón varð, hefði hegðað sér. Er það einkum vegna aukinnar regluvæðingar sem hefur átt sér stað undanfarna áratugi. Með aukinni regluvæðingu hafa verið settar fleiri og fleiri reglur um hvernig fólk eigi að hegða sér á tilteknum sviðum. Þannig nægir að líta til skráðra háttennisreglna til að finna fyrirmynd að háttsemi sem tjónvaldur hefði átt að viðhafa. Sé ekki skráðum háttennisreglum til að dreifa er gjarnan gripið til þess að leita að fordæmum frá dómstólum eða öðrum úrlausnaraðilum um það hver sé hin rétta háttsemi í því tilviki sem á við. Sé hvorki skráðum háttennisreglum eða fordæmum til að dreifa hafa menn spurt hvort til sé venjubundin háttsemi á hinu tiltekna sviði og talið það háttsemi sem tjónvaldur hefði átt að viðhafa.²⁸

Sakarreglan miðar við að almennt gáleysi nægi til að unnt sé að slá því föstu að tjón sé skaðabótaskyld. Það hefur þó þýðingu í skaðabótarétti, að greina á milli almenns gáleysis og stórkostlegs gáleysis. Hefur þessi greining aukist á síðustu áratugum sem rekja má til beinna fyrirsmæla þar um í lögum. Sem dæmi um þýðingu slíkrar aðgreiningar má í fyrsta lagi nefna að stundum er gengið lengra en meginreglan miðar við og krafist stórkostlegs gáleysis sem skilyrðis skaðabótaábyrgðar. Í öðru lagi veldur stórkostlegt gáleysi af hálfu tjónvalds því stundum að skaðabótaréttur tjónþola rýmkar, þ.e. hann á rétt til meiri skaðabóta en hann hefði átt, ef einungis hefði verið um almennt gáleysi að ræða hjá þeim sem tjóni olli. Í þriðja lagi getur háttsemi, sem viðhöfð er af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi og leiðir til dauða manns, valdið því að svið skaðabótaábyrgðar er rýmkað, þ.e. þeir sem almennt eru ekki taldir eiga skaðabótarétt, öðlist hann samt sem áður. Í fjórða lagi hefur það mikla þýðingu að greina á milli almenns gáleysis og stórkostlegs gáleysis samkvæmt II. kafla skaðbótalaga, þar sem þessi greining ræður því oft hvort váttryggjandi hagsmuna, sem tjóni er valdið á, getur krafist tjónvald um bætur. Í fimmta lagi skiptir stig gáleysis oft máli, þegar til athugunar kemur, hvort lækka eigi skaðabætur eða fella þær niður, sbr. 24. gr. skbl. og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.²⁹ Í sjötta lagi hefur þessi greining þýðingu við mat á skaðabótaábyrgð þess, sem samkvæmt lögum eða samningi er undanþeginn, í heild eða hluta,

²⁷ Bo von Eyben og Helle Isager. Lærbog í erstatningsret (2003), bls. 60-61.

²⁸ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 150-152.

²⁹ Hér eftir umfl.

skaðabótaábyrgð á tiltekinni háttsemi. Það á einkum við á sviði flutningaréttar, sbr. t.d. 176. gr. siglingalaga, nr. 34/1985 og 109. gr. loftferðalaga, nr. 60/1998. Í báðum tilvitnuðum lagaákvæðum ber að víkja skilmálum um takmörkun á bótaábyrgð til hliðar, ef tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.³⁰

Sé farið fáum orðum um muninn á almennu gáleysi og stórkostlegu gáleysi er almennt gáleysi lægra stig gáleysis. Huglægi þáttur beggja stiga gáleysis snýr að því að tjónvaldur sýnir ekki af sér þá varfærni eða aðgæslu sem honum bar að gera. Tjónvaldur á þá að gera sér grein fyrir því, að háttsemi hans fæli í sér hættu á tjóni og honum hefði borið að leiða hugann að hættueiginleikum háttseminnar en gerði það þó ekki. Slíkt hefði hann gert ef hann hefði sýnt af sér venjulega aðgæslu. Hlutlægi þáttur þessara beggja stiga snýr að því sem að framan hefur verið rakið, þ.e. að háttsemi tjónvalds er frávik frá því sem mælt er fyrir um í skráðum háttnerisreglum, fordæmum eða venjum, sem gilda á því sviði sem um ræðir. Greining milli þessara beggja stiga gáleysis lýtur fyrst og fremst að hinum hlutlæga þætti, þ.e. stórkostlegt gáleysi felur í sér alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi, sem tjónvaldi bar að viðhafa, en þarf ekki að fela í sér að hann hafi verið meðvitaðri um möguleika á tjóni, en þegar um almennt gáleysi er að ræða. Það er þó oft svo að stórkostlegt gáleysi er líka meðvitað.³¹ Stórkostlegt gáleysi er því aðeins hástig almenns gáleysis.³²

3.1.2.2. Ásetningur

Ekki er ástæða til að eyða mörgum orðum í skilgreiningu á ásetningi. Í skaðabótarétti hefur aðgreining á ásetningi og gáleysi nánast enga þýðingu þar sem ásetningur er ekki skilyrði fyrir því, að unnt sé að fella skaðabótaskyldu á tjónvald. Þetta er ólíkt því sem finnst í refsirétti en þar er meginreglan sú, að til þess að heimilt sé að refsa fyrir brot samkvæmt almennum hegningarlögum, þarf það að vera framið af ásetningi. Gáleysi getur þó orðið refsigrundvöllur í refsirétti en það á ekki við nema um brot á sérrefsilögum sé að ræða. Það er því mikilvægt viðfangsefni í refsirétti að gera greinarmun á milli ásetnings og efstu stiga gáleysis.³³

Það má segja að tjóni sé valdið af ásetningi ef tjónvaldur var meðvitaður um, eða mátti vita, að tjón myndi mjög líklega verða af háttsemi hans, en hann kaus þrátt fyrir það að hegða sér á þann hátt sem hann gerði.³⁴

³⁰ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 154-158.

³¹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 158 og 161.

³² A. Vindig Kruse. Erstatningsret (1989), bls. 53.

³³ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 164-165.

³⁴ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 165.

3.1.3. Ólögmati og saknæmi

Auk þess skilyrðis að háttsemi sé saknæm er það skilyrði að háttsemi sé ólögmat svo unnt sé að beita sakarreglunni sem bótagrundvelli, sbr. skilgreiningu sakarreglunnar hér að framan. Hugtakið ólögmati hefur á síðari tímum verið skilgreint með neikvæðum hætti þ.e. að segja sem svo að háttsemi sem veldur tjóni sé ólögmat nema hún réttlætist af hlutrænum ábyrgðarleysisástandum.³⁵

Þegar sakarreglunni er beitt fyrir dómstólum er algengt að dómstólar láti sér nægja að slá því föstu, að háttsemi tjónvalds hafi verið andstæð skráðum réttarreglum eða öðrum skráðum háttnerisreglum, þ.e. ólögmat. Viðar Már Matthíasson telur að í því felist að álykta megi, að skilyrðinu um saknæmi sé fullnægt. Ástæða er því til að velta fyrir sér hver munurinn á ólögmati og saknæmi sé og hvort ástæða sé til þess að hafa bæði hugtökin sem skilyrði í sakarreglunni. Eins og vikið var að í kaflanum hér að framan um saknæmi er saknæmi huglægt ástand. Eftir að staðreynt hefur verið hvort háttsemi hafi falið í sér brot á skráðum háttnerisreglum, venjum eða fordæmi, er ástæða til þess að kanna hvort hinum huglæga þætti sé einnig fullnægt. Í því felst að kanna hvort tjónvaldi hafi verið kunnugt um reglurnar, venjuna eða fordæmið. Því er ástæða til þess að bæði ólögmati og saknæmi séu hugtaksatriði í sakarreglunni.³⁶

3.2. Vinnuveitendaábyrgð

Reglan um vinnuveitendaábyrgð³⁷ er grundvallarregla í skaðabótarétti, bæði í íslenskum rétti sem og annarra þjóða. Regluna er ekki að finna í skráðum íslenskum lögum, en dómstólar mynduðu regluna eftir fyrirmyndum úr erlendri löggjöf og réttarframkvæmd, einkum norrænni.³⁸ Ýmis lagaákvæði gera þó ráð fyrir tilvist reglunnar og má þar nefna 1. mgr. 23. gr. skbl. sem segir: „*Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.*“

Reglan um vinnuveitendaábyrgð felur það í sér að vinnuveitandi getur orðið skaðabótaskyldur vegna tjóns sem starfsmaður hans hefur valdið með saknæmum hætti. Telst reglan þannig til víðtækra bótareglna þar sem vinnuveitandinn verður ábyrgur, án þess að hann hafi sjálfur sýnt af sér saknæma háttsemi. Ábyrgðin er þó á sakargrundvelli því það er skilyrði þess að reglunni verði beitt að starfsmaður hafi valdið tjóni með saknæmum hætti. Sú

³⁵ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 219.

³⁶ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 219.

³⁷ Hugtakið húsbóndaábyrgð einnig notað yfir regluna, einkum í eldri fræðiritum.

³⁸ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 94.

hugsun býr að baki reglunni, að samsama eigi vinnuveitanda starfsmanni hans, sem valdið hefur tjóni með saknæmum hætti.³⁹

Dómur Hæstaréttar nr. 188/2009 er gott dæmi um beitingu reglunnar. Þar höfðaði kona, sem átti heima í nágrenni við sýruverksmiðju, skaðabótamál gegn rekstraraðila sýruverksmiðjunnar vegna líkamstjóns sem hún taldi sig hafa orðið fyrir þegar sýruverksmiðjan var ræst 30. september 1998. Í dómnum var það talið fyllilega leitt í ljós að starfsmenn verksmiðjunnar hefðu sýnt af sér saknæma vanrækslu er þeir létu undir höfuð leggjast að vara konuna við losun ammoníaks og annarra lofttegunda umræddan dag og gefa rangar upplýsingar í kjölfar þess sem hún kvartaði fyrst um loftmengun. Eins var það sannað að losun þessi hefði valdið líkamstjóni hennar og var því skaðabótaábyrgð felld á rekstraraðila verksmiðjunnar vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna hans.

Helstu rök fyrir reglunni eru þau að það sé vinnuveitandinn, sem standi fyrir þeirri starfsemi, þar sem tjóni er valdið, og hafi af henni fjárhagslegan ávinning. Þannig er hann að auki betur í stakk búinn fjárhagslega til að taka þeim áföllum sem skaðabótaábyrgð hefur í för með sér. Einnig er það vinnuveitandinn sem ákveður með hvaða hætti starfið skuli framkvæmt og það er líka hann, sem í atvinnurekstri sínum hefur möguleika á að velja þeim kostnaði, sem ábyrgðinni fylgir, yfir á viðskiptamenn sína í hærra verði á vörum og þjónustu og þannig dreifa byrðunum.⁴⁰ Eins hafa fræðimenn bent á að reglan hafi varnaðaráhrif á þann hátt að vinnuveitandi vandi betur val á starfsmönnum og leiðbeiningum til þeirra eins og vikið var að í kafla 2.2. um varnaðaráhrif skaðabótareglna. Ekki er ástæða til að telja þær upp hér.

3.3. Sakarlíkindareglan

Þegar sakarlíkindareglunni er beitt snýst sönnunarbyrði aðila við, þ.e. vikið er frá þeirri almennu reglu, að tjónþoli verði að sanna að tjón hans verði rakið til sakar af hálfu þess, sem hann hyggst sækja til bótaábyrgðar.⁴¹ Tjónvaldur eða sá sem ber ábyrgð á honum, hefur þá sönnunarbyrði fyrir því, að háttsemi sú, er olli tjóni, hafi ekki verið saknæm. Í þeim tilvikum leitast tjónvaldur við að sanna að tjón hefði orðið vegna óhappatilviks. Takist tjónvaldi ekki þessi sönnun er honum skylt að greiða bætur fyrir tjónið.⁴² Efnislega má segja að sakarlíkindareglan sé eitt afbrigði sakarreglunnar þar sem sönnunarbyrði um saknæmi er með sama hætti. Eina sem skilur reglurnar að er að sönnunarbyrðin snýst við og fellur á tjónvald.

³⁹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 256.

⁴⁰ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 255-256.

⁴¹ Í íslenskum rétti hefur stundum verið notað heitið, reglan um öfuga sönnunarbyrði.

⁴² Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 105.

Þrátt fyrir að regluna skorti sjálfstætt efnislegt inntak, hefur hún verið meðhöndluð sem sjálfstæð regla um bótagrundvöllinn. Rökin fyrir því eru þau að um er að ræða víðtæka bótareglu, sem kveður á um skaðabótaábyrgð ef sönnun tekst ekki um tilteknar staðreyndir. Eins hefur reglan sögulega sterka stöðu í íslenskri lögfræði þar sem hún hefur verið lögfest sem ábyrgðarregla á mikilvægum réttarsviðum. Má þar nefna að reglan var meginreglan um tjón af völdum notkunar ökutækja allt fram til gildistöku umferðarlaga nr. 26/1958 en þá var hlutlæg ábyrgð lögfest í stað sakarlíkindareglunnar.⁴³ Önnur dæmi þar sem sakarlíkindareglan er lögfest og er enn við gildi er t.d. 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985 sem segir: „*Skemmist farmur eða glatist meðan hann er í vörslum farmflytjanda á skipi eða í landi ber honum að bæta tjón sem af því hlýst nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.*“ Í 2. mgr. er þó að finna ýmsar takmarkanir á ábyrgðinni en þar er upptalning í staflaðum frá a.-p. á háttsemi sem fríar farmflytjanda frá ábyrgð á tjóni.

3.4. Bótaábyrgð án sakar

Reglan um hlutlæga ábyrgð er meginumfjöllun þessarar ritgerðar en þessum stutta kafla er einungis ætlað að skýra mörkin á milli reglunnar um hlutlæga ábyrgð og þeirra þriggja reglna sem geta átt við um bótagrundvöllinn og eru nefndar hér að framan.

Þegar talað er um að aðrar reglur geti átt við um bótagrundvöllinn en sakarreglan er átt við víðtæka ábyrgð. Víðtæk ábyrgð er því samheiti yfir ábyrgð sem reist er á reglunni um vinnuveitendaábyrgð, sakarlíkindareglunni og reglunni um hlutlæga ábyrgð.⁴⁴ Með hlutlægri ábyrgð stofnast skaðabótaábyrgð vegna tjóns þótt tjónvaldur hafi ekki sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi.⁴⁵ Þetta þýðir að tjónþoli þarf ekki að sanna að tjónvaldur hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi eins og ef um sakarregluna væri að ræða. Er jafnan talað um bótaábyrgð án sakar.

Þrátt fyrir að reglan um vinnuveitendaábyrgð sé á sakargrundvelli hefur því verið haldið fram að hana megi telja til hlutlægrar ábyrgðar. Er það vegna þess að skaðabótaábyrgð er felld á vinnuveitanda þrátt fyrir að hann hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Eins hefur sakarlíkindareglan verið talin þess eðlis að hún leiði til ábyrgðar sem er allt að því jafnvíðtæk og hlutlæg ábyrgð. Sönnunarbyrði í þessum tveim reglum er hins vegar á sakargrundvelli, það er að segja þegar vinnuveitendaábyrgð á við hvílir það á tjónþola að sanna sök starfsmanns og hins vegar þegar sakarlíkindareglan á við hvílir það á tjónvaldi að sanna að hann hafi ekki viðhaft saknæma háttsemi. Þar af leiðandi eru reglurnar ekki að öllu leyti hlutlægar

⁴³ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 308.

⁴⁴ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 221.

⁴⁵ Páll Sigurðsson. Lögfræðiorðabók með skýringum (2008).

ábyrgðarreglur. Reglan um hlutlæga ábyrgð hefur þannig stundum verið nefnd hrein hlutlæg ábyrgð.⁴⁶ Það fer hins vegar ekki á milli mála hvaða reglu er verið að tala um þegar talað er um hlutlæga ábyrgð.

⁴⁶Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 105.

4. Reglan um hlutlæga ábyrgð

4.1. Inntak reglunnar

Reglan um hlutlæga ábyrgð er víðtækasta reglan um bótagrundvöllinn í skaðabótarétti.⁴⁷ Eins og fyrr hefur komið fram stofnast skaðabótaskylda þótt enginn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Er þessi skýring á reglunni hið raunverulega inntak reglunnar.⁴⁸ Tjónþoli þarf einungis að sýna fram á, að skilyrði hlutlægrar ábyrgðar sé fyrir hendi. Þau geta verið mismunandi en almennt nægir að leiða í ljós að tjón hafi hlotist með tilteknum hætti, t.d. af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, sbr. 88. gr. umfl., verið afleiðing umhverfismengunar, sbr. lög um umhverfisábyrgð nr. 55/2012, eða af ágangi búpenings í engi, tún eða garðlönd eða önnur afgirt svæði, sbr. 34. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 svo fátt eitt sé nefnt. Einnig dæmdu dómstólar á tímabili hlutlæga ábyrgð án beinnar lagastoðar ef sýnt var fram á að tjón hlaust vegna bilunar eða galla í tæki, en nánar verður sú þróun rakin í kafla 6.

Það er hins vegar megin skilyrði reglunnar að orsakasamband sé á milli þeirrar háttsemi, sem hin hlutlæga ábyrgð tekur til, og tjónsins. Það er því nauðsynlegt fyrir tjónþola að sanna orsakatengsl milli háttsemi þeirrar, sem hin hlutlæga ábyrgðarregla tekur til, og tjónsins.⁴⁹ Eins og segir hér að framan er gildissvið reglna um hlutlæga ábyrgð oft takmarkað við tiltekna háttsemi eða tiltekna starfsemi og því mikilvægt að tjónþoli sanni orsakatengsl milli tjóns síns og þeirrar reglu sem hann beitir. Sem dæmi má nefna að tjónþolar, sem hyggjast reisa rétt sinn á 88. gr. umfl., þurfa að sanna orsakatengsl milli tjóns síns og notkunar ökutækis í skilningi greinarinnar. Fjölmargir dómar hafa einmitt fallið vegna slíks ágreinings og má þar í dæmaskyni nefna dóm Hæstaréttar nr. 307/1999. Í því máli voru málsatvik þau að flutningastjóri hjá landflutningafyrirtæki varð fyrir líkamstjóni er hann var að afferma tengivagn sem í voru fiskikassar. Hagaði hann vinnuháttum þannig að hann dró þrjá kassa í senn að brún vagnsins og notaði hann til þess járnkrók sem hann krækti í neðsta kassann. Í eitt skipti brotnaði brún kassans sem hann krækti í þannig að hann féll út úr tengivagninum og á jörðina. Í skaðabótamáli sem flutningastjórinn höfðaði gegn váttryggjanda bifreiðarinnar reisti hann kröfu sína á 92. gr. umfl., en skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins er að slys sé rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. umfl. Á báðum dómstigum var skaðabótakröfunni hafnað. Í forsendum Hæstaréttar segir eftirfarandi: „*Orsök slyssins var sú að plastkassi á kyrrstæðum eftirvagninum lét undan við átak frá áfrýjanda. Varð slysið því ekki að neinu leyti*

⁴⁷ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 222.

⁴⁸ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 222.

⁴⁹ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 106.

rakið til aksturs bifreiðarinnar, sérstaks búnaðar hennar eða eiginleika sem ökutækis. Atburðurinn varð ekki í slíkum tengslum við afferminguna að hann verði talinn hafa hlotist af notkun bifreiðarinnar eða við stjórn hennar, sbr. 88. gr. og 92. gr. umferðarlaga.“

4.2. Uppruni reglunnar

Í íslenskum og norrænum rétti miðalda var meginreglan sú að refsí- og bótaábyrgð var óháð huglægri afstöðu, þ.e. sök. Þetta breyttist þegar sakarreglan náði fótfestu í norrænum rétti en fræðimenn eru þó ekki sammála um hvenær það var. Til er dæmi úr danskri dómaframkvæmd um tilvist reglunnar frá því um miðja 18. öld og er því miðað við að hún hafi þá þegar náð fótfestu í norrænum rétti. Það var svo á síðari hluta 19. aldar sem menn töldu það nauðsynlegt, af tillitssemi við hagsmuni almennings, að setja reglur um víðtækari ábyrgð. Var það einkum á sviðum þar sem aukin slysatíðni hafði orðið vegna tæknilegra framfara og iðnvæðingar. Það voru ýmsir þættir sem sköpuðu forsendur fyrir víðtækari ábyrgðarreglum á síðari hluta 19. aldar. Þrjú atriði eru þar helst. Í fyrsta lagi hafi hætta á tjónum aukist verulega með aukinni iðnvæðingu, umferð ýmiss konar vélknúinna tækja eins og járnbrautarlesta o.fl. Í öðru lagi hafi hætta á alvarlegri slysum, einkum líkamstjónum, aukist verulega með vélvæðingu í iðnaði og í samgöngum. Í þriðja lagi hafi vald ört stækkandi verkalýðsstéttar aukist mjög verulega og óhjákvæmilegt hafi verið að verða við kröfum hennar um meira félagslegt öryggi, en það sem leiddi af sakarreglunni.⁵⁰

Talið er að þróun hlutlægrar ábyrgðar hafi hafist árið 1871 þegar samþykkt voru lög í Prússlandi um hlutlæga ábyrgð á tjóni, sem orsakaðist af rekstri járnbrauta þar í landi. Í framhaldi var víðtæk ábyrgð lögfest á fleiri sviðum og þá einkum þar sem sérstök hætta var talin á tjóni, eins og t.d. í siglingalögum, umferðarlögum, loftferðalögum og á ýmsum öðrum sviðum. Einnig eru dæmi úr mörgum löndum að dómstólar dæmdu hlutlæga ábyrgð á tjóni á tilteknum sviðum, þótt ekki væri til að dreifa settum réttarreglum. Sumir fræðimenn telja að þessi þróun hafi verið mjög veigamikill þáttur í þróun skaðabótaréttarins að því er bótagrundvöllinn varðar.⁵¹

4.2.1. Uppruni reglunnar í íslenskum rétti

Þrátt fyrir að talað sé um að reglan um hlutlæga ábyrgð hafi komið fyrst fram um miðja 18. öld þá var hér á þjóðveldisöld að finna reglur um hlutlæga ábyrgð í Grágás og Jónsbók. Skaðabótaréttur þá var hins vegar ekki í þeirri mynd sem hann er í dag. Refsingar og skaðabætur voru oft samslungnar og forsendur fyrir bótaskyldu voru allt aðrar en nú.

⁵⁰ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 89.

⁵¹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 89-90.

Fémunaviðurlög, sem þá lágu við réttarbrotum, voru ekki háð því skilyrði að tjón yrði rakið til sakar. Ákvæði núgildandi laga um hreina hlutlæga ábyrgð á tjóni á jarðargróðri af völdum búfjár eiga rót sína að rekja til Grágásar og Jónsbókar. Að undanskildum þessum fornu lagaákvæðum má segja að saga hlutlægrar bótaábyrgðar á Íslandi hefjist ekki fyrr en í kringum 20. öld.⁵²

Fyrstu lagaákvæðin um hlutlæga ábyrgð á síðari tímum⁵³ er að finna í lögum um skaðabætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju o.fl., nr. 28/1893. Fólu þau m.a. í sér reglur um hlutlæga bótaábyrgð ríkissjóðs gagnvart manni, sem setið hafði í gæsluvarðhaldi eða tekið út hegningu að ósekju. Lagaákvæði sem fólu í sér hreina hlutlæga ábyrgð vegna tjóns á munum eða fólki komu fyrst fram í 31. gr. laga nr. 32/1929 um loftferðir og 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Í umferðarlögunum frá 1914 var þó að finna reglu um viðtæka ábyrgð eiganda bifreiðar sem var ákveðinn undanfari reglunnar sem þekkist í dag og var lögfest í umferðarlögunum árið 1958. Samkvæmt 13. gr. umferðarlaga nr. 21/1914 bar bifreiðareigandi ábyrgð, nema upplýst væri, að slys hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta.⁵⁴ Fyrstu dæmi um beitingu hlutlægrar ábyrgðar án beinnar lagaheimildar í settum lögum eru í Hrd. 1958, bls. 112 og Hrd. 1968, bls. 1051 en nánar verður vikið að þeim í 6. kafla.

4.3. Rök með og á móti reglunni

Ýmis rök mæla með og á móti setningu hlutlægra ábyrgðarreglna. Reglan hefur til að mynda mætt talsverðri andstöðu á ýmsum tímum. Hefur það einkum verið vegna rótgróinna hugmynda manna um að sök skuli vera ófrávíkjanlegt skilyrði skaðabótaskyldu.⁵⁵ Taka verður tillit til röksemda með og á móti þegar metið er hvort setja eigi reglur um hlutlæga ábyrgð, eða fella dóma um slíka ábyrgð, án þess að fyrir því sé bein lagastoð. Áður en vikið verður að þeim sjónarmiðum og rökum sem íslenski löggjafinn hefur litið til við setningu hlutlægra ábyrgðarreglna er vert að líta á helstu rök sem færð hafa verið fyrir setningu hlutlægra ábyrgðarreglna í lögum á Norðurlöndunum, að Íslandi frátöldu. Eru þessi rök byggð á grein Thomas Wilhelmsson, Bristfállighetsansvaret áterupplivat – synpunkter i anledning av ny finsk rättspraxis. Viðar Már Matthíasson, prófessor, tók saman þessi helstu rök og þýddi og

⁵² Arnljótur Björnsson. Kaflar úr skaðabótarétti. (1990), bls. 227-228.

⁵³ Gjarnan er talað um „fyrstu lagaákvæði um hlutlæga ábyrgð á síðari tímum“ vegna þeirra fornu lagaákvæða sem voru að finna í Grágás og Jónsbók á þjóðveldisöld.

⁵⁴ Arnljótur Björnsson. Kaflar úr skaðabótarétti. (1990), bls. 228.

⁵⁵ Arnljótur Björnsson. Kaflar úr skaðabótarétti. (1990), bls. 239.

verða þau hér sett upp eins og þau koma fram í bók Viðars.⁵⁶ Þau rök, sem einkum mæla með setningu hlutlægra ábyrgðarreglna, eru eftirfarandi:

1. Hlutlægar ábyrgðarreglur fela í sér réttlæti fyrir tjónþola, bæði af því að hann á oftart rétt á skaðabótum vegna tjóns síns og hann á auðveldara með að fullnægja kröfum um sönnun í þeim tilvikum.
2. Hlutlægar ábyrgðarreglur geta haft meiri almenn varnaðaráhrif, en sakarreglan.
3. Hlutlæg ábyrgð tengd atvinnurekstri, sem af stafar sérstök hættu, er skynsamleg og tryggir oft, að tjónvaldur getur í raun greitt skaðabæturnar.
4. Hlutlæg ábyrgð leiðir til þjóðhagslegs sparnaðar, t.d. af málaferlum, vegna þess að mun einfaldara er að knýja fram ábyrgð á grundvelli reglna um hlutlæga ábyrgð en á grundvelli sakarreglunnar.
5. Þegar reglur um hlutlæga ábyrgð eru tengdar skyldu til að taka ábyrgðartryggingu, felur slík ábyrgð ekki í sér sérstakt óréttlæti fyrir tjónvald.
6. Réttur til skaðabóta eftir sakarreglunni er oft tilviljunarkenndur, þ.e. hann er háður því, að sýnt sé fram á, að tjóni sé valdið með saknæmri háttsemi.
7. Það er ekki ósanngjarnt að tengja saman fjárhagslegan ávinning og ríka ábyrgð og þess vegna eðlilegt, að atvinnurekandi, sem hagnast af starfsemi, er getur verið hættuleg, beri hlutlæga ábyrgð á tjóni, sem af henni leiðir.
8. Í tilvikum, þar sem tjónþoli hefur litla sem enga möguleika á að takmarka þá áhættu, sem hann er neyddur til að taka, er eðlilegt, að tjónvaldur beri hlutlæga ábyrgð. Þessi rök hafa verið notuð til að mæla fyrir um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda á tjóni starfsmanna, líkamstjóni þeirra er gegna herþjónustu o.fl.

Þau rök, sem einkum mæla á móti setningu hlutlægra ábyrgðarreglna, eru eftirfarandi:

1. Slíkar reglur kunna að vera ósanngjarnar fyrir hinn bótaskylda.
2. Hlutlæg ábyrgð yrði of mikil byrði fyrir atvinnurekstur að bera vegna kostnaðar. Hún geti því dregið úr vilja manna til að setja á stofn og stunda atvinnurekstur.
3. Önnur réttlátari úrræði eru til, svo sem slysatrygging.
4. Hlutlæg ábyrgð felur í sér misræmi milli tjónþola og leysir ekki vanda þeirra mörgu, sem engar bætur fá, t.d. vegna þess að enginn nema þeir sjálfir bera ábyrgð á tjóninu.

Áður fyrr lögðu fræðimenn áherslu á að hlutlægar bótareglur hefðu mikil varnaðaráhrif. Það hefur hins vegar breyst því nú leggja menn meiri áherslu á önnur áhrif reglnanna, einkum það, að með þeim má færa ábyrgðina á herðar aðila, sem frekar geta borið bótaábyrgð, t.d.

⁵⁶ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 226-228. Tekið skal þó fram að höfundur skoðaði umrædda grein Thomas Wilhelmsson og sá ekki ástæðu til þess að endurorða þýðingu Viðars.

þeir sem geta keypt ábyrgðartryggingu og tekið tillit til kostnaðar af henni þegar þeir taka ákvarðanir um rekstur sinn.⁵⁷

⁵⁷ Arnljótur Björnsson. Kaflar úr skaðabótarétti. (1990), bls. 240.

5. Lögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur

5.1. Inngangur

Hér á landi hafa lagaákvæði sem kveða á um hlutlæga ábyrgð verið sett á ýmsum sviðum. Eins og áður segir var óhjákvæmilegt að bregðast við aukinni þróun í iðn- og vélvæðingunni. Hefur þannig verið litið á hlutlægar ábyrgðarreglur sem andsvar löggjafans við tjónshættu sem skapast með tilkomu nýrrar tækni.⁵⁸ Til að varpa frekara ljósi á eðli og tilgang lögfesta hlutlægra ábyrgðarreglna verða hér skoðaðar þær hlutlægu ábyrgðarreglur sem löggjafinn hefur sett á undanförunum áratugum. Í kaflanum er megináherslan lögð á að skoða eðli lögfesta hlutlægra ábyrgðarreglna og hvaða rök liggja þeim að baki sem mæla með því að svo víðtæk ábyrgð verði lögð á tiltekna háttsemi. Einkum verður gerð grein fyrir tengslum hlutlægra ábyrgðarreglna við váttryggingar.

5.2. Krafa um að ákvæðin séu skýr

Þegar tjónþoli hyggst reisa skaðabótakröfu á hlutlægi ábyrgð þarf ákvæðið sem hann byggir kröfu sína á að bera það með sér að ótvírætt sé um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða. Eins er það skilyrði að orsakatengsl séu á milli tjónsatburðar og þess sem ákvæðið kveður á um. Leiðir þetta af þeirri stöðu sem reglan um hlutlæga ábyrgð er í við hlið sakarreglunnar, þ.e. að hún sé undantekningarregla. Hlutlægum ábyrgðarreglum er því ekki beitt nema sýnt sé fram á að gild rök séu fyrir því.⁵⁹ Eins og sjá má síðar í þessum kafla er það tekið fram með berum orðum, í nær öllum þeim ákvæðum sem kveða á um hlutlæga ábyrgð, að um hlutlæga ábyrgð sé að ræða. Undanskilin er 34. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Í því tilviki leiddu lögskýringarreglur til þess að um hlutlæga ábyrgðarreglu væri að ræða, þ.e. sögulegar ástæður studdu þann skýringarkost.⁶⁰

Hins vegar hafa komið upp álitamál fyrir dómstólum hvort ákvæði kveði á um hlutlæga ábyrgð eða ekki. Verða hér tekin tvö nýleg dæmi varðandi ágreining um túlkun orðalags 23. gr. a. laga um skaðabótaábyrgð.

5.2.1. 23. gr. a. skaðabótalaga

Í tveimur frekar nýlegum dómum, Hrd. 472/2011 og Hrd. 90/2013, var ágreiningur um hvort 23. gr. a. skbl. kvæði á um hlutlæga ábyrgð, en ákvæðið kom inn í lögin með gildistöku laga nr. 124/2009. Ákvæðið tekur til meðábyrgðar starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum en í 1. mgr. ákvæðisins segir:

⁵⁸ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 228.

⁵⁹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 224.

⁶⁰ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 224.

„Nú verður starfsmaður fyrir líkamstjóni í starfi sínu og skerðist þá ekki réttur hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð.“

Eins og sjá má segir ákvæðið ekki með berum orðum að um hlutlæga ábyrgð sé að ræða. Einnig virðist ákvæðið aðeins eiga við þegar starfsmaður kann á einhvern hátt að bera ábyrgð á slysinu sjálfur. Í fyrrgreindum hæstaréttardómum vildu tjónþolar meina að samkvæmt orðalagi ákvæðisins bæri það með sér að um hlutlæga ábyrgð væri að ræða. Dómarnir eiga það sammerkt að í báðum tilfellum var tjónþoli við vinnu er hann varð fyrir líkamstjóni og tekið skal fram að í báðum dómunum var lögmaður tjónþola sá sami.

Svo stuttlega sé farið yfir málsatvikin eru málsatvik í Hrd. nr. 472/2011 þau að tjónþoli var að vinna við að landa upp úr togara og var hans hlutverk að raða kössum á bretti úr lest togarans. Í lestinni var mikið frost, eða á bilinu 25-30°. Fór svo að tjónþola kól á fingrum og hlaut varanlegt mein af. Í Hrd. nr. 90/2013 eru málsatvik þau að tjónþoli, sem gegndi starfi aðstoðarleikstjóra, var staddur í myndveri við upptökur á auglýsingu er ljósastandur féll niður og lenti á efri hluta baks og hálsi tjónþola. Við þetta högg toгнаði tjónþoli á háls hrygg, brjósthygg og olnboga sem leiddi til varanlegs tjóns.

Samkvæmt málsástæðum tjónþola, í báðum þessum dómum, vildu þeir meina að vinnuveitandi þeirra bæri ábyrgð samkvæmt hlutlægru ábyrgðarreglu og vísuðu þar til 23. gr. a. skbl. Vildu þeir meina að þegar litið væri til lögskýringargagna, og þá sérstaklega frumvarpsins, að vilji löggjafans hafi verið að setja hlutlæga ábyrgðarreglu. Hæstiréttur afgreiddi þá málsástæðu þó eins í báðum tilfellunum en í Hrd. nr. 90/2013 segir eftirfarandi:

„Áfrýjandi heldur því einnig fram að af ákvæðum laga nr. 124/2009, en með þeim var nýrri grein, 23. gr. a., bætt í skaðabótalög nr. 50/1993, leiði hlutlæg ábyrgð eða að minnsta kosti ströng sakarábyrgð vinnuveitenda í vinnuslysamálum. Hvorki verður ráðið af orðalagi ákvæðisins né lögskýringargögnum með því að slík regla hafi þá verið lögfest, sbr. dóm Hæstaréttar 15. mars 2012 í máli nr. 472/2011. Breytir ákvæðið engu um að á áfrýjanda hvílir að sanna að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis stefndu.“

Eins og hér sést taldi Hæstiréttur ekki að lögskýringargögn styddu þá fullyrðingu tjónþola að ákvæðið bæri með sér hlutlæga ábyrgð.

Ef frumvarp laga nr. 124/2009 er skoðað kemur fram að ákvæðið hafi verið sett til að bregðast við bágri réttarstöðu starfsmanna sem kunna á einhvern hátt að bera ábyrgð á líkamstjóni sem þeir verða fyrir í starfi. Samkvæmt lögunum á þeim tíma var staða starfsmanns, sem veldur því við framkvæmd vinnu sinnar að samstarfsmaður hans verður fyrir líkamstjóni, mun betri heldur en þess sem bar að einhverju leyti ábyrgð á eigin líkamstjóni. Stafaði það af því að sá starfsmaður sem olli öðrum tjóni þarf ekki að sæta skaðabótaábyrgð á

líkamstjóninu nema hann hafi valdið tjónsatburðinum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. regluna um vinnuveitendaábyrgð.⁶¹ Megintilgangur ákvæðisins var því að rétta af þennan mismun þannig að ekki þurfti lengur aðeins almennt gáleysi til þess að skerða eða fella niður skaðabætur til starfsmanns sem bar að einhverju leyti ábyrgð á líkamstjóni sínu.

Hins vegar kemur einnig fram í frumvarpinu að reglan sé að norrænni fyrirmynd og er þar m.a. vísað til danskra, norskra og sænskra laga. Þau lög eru hins vegar öll sérstök atvinnuslysaftryggingalög sem byggja á hlutlægri ábyrgð. Umfjöllunin í frumvarpinu heldur svo áfram og er þar fjallað um að meðábyrgð í líkamstjónum sæti oft sérstakri meðferð í lögum og þar vísað til ákvæða sem hafa verið lögfest sem hlutlægar ábyrgðarreglur. Því má alveg segja að lögin geti verið ruglingsleg hvað varðar eiginlegan vilja löggjafans. Þessu til frekari rökstuðnings kom fram í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja að til þess að taka af allan hugsanlegan vafa um eiginlega ábyrgð ákvæðisins skyldi eftirfarandi athugasemd koma fram í nefndarálit⁶²:

„Til að taka af hugsanlegan vafa er með þessu frumvarpi ekki verið að leggja hlutlæga bótaábyrgð á vinnuveitendur eða aðra sem bera ábyrgð á líkamstjóni starfsmanns, heldur er eingöngu verið að mæla fyrir um reglur um meðábyrgð starfsmanns þegar ábyrgð vinnuveitenda eða annars aðila liggur fyrir.“

Þetta kom hins vegar ekki fram sem leiddi til þess að dómstólar þurftu að úrskurða um túlkun ákvæðisins. Komast hefði mátt hjá því með mun skýrara orðalagi í frumvarpinu en ekki síst einnig í orðalagi ákvæðisins sjálfs. Eins og fyrr segir sýnir þetta hversu nauðsynlegt það er að orðalag ákvæða séu skýr.

5.3. Tjón sem hlýst af notkun farartækja

5.3.1. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987

Af þeim sviðum þar sem hlutlægar ábyrgðarreglur hafa verið settar, ber fyrst að nefna þau svið sem tengjast samgöngum. Eina þekktustu hlutlægu ábyrgðarreglu í íslenskri löggjöf er að finna í umferðarlögunum nr. 50/1987.⁶³ Í 1. mgr. 88. gr. umfl. segir:

„Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskyld vélknúð ökutæki dregur annað ökutæki.“

⁶¹ Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum, þskj. 189, 170. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0189.html>. [Sótt á vefinn 23.07.2014].

⁶² Umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum. Slóð: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=138&dbnr=489>. [Sótt á vefinn 15.10.2014].

⁶³ Hér eftir umfl.

Í þessu felst hlutlæg ábyrgð á tjóni af völdum ökutækis. Tjónþoli getur þannig átt rétt til bóta, þótt atvik að tjóni séu þannig, að almennar skaðabótareglur myndu leiða til sýknu eiganda ökutækisins. Þær sögulegu forsendur sem búa að baki 1. mgr. 88. gr. umfl. og eru fyrst og fremst taldar réttlæta þá víðtæku ábyrgð sem hún kveður á um eru að ökutæki séu hættuleg umhverfi sínu.⁶⁴ Reglan sætir þó þeim takmörkunum að hún á ekki við um tjón, sem verður vegna árekstrar tveggja skráningarskyldra vélknúinna ökutækja, sbr. 89. gr. umfl. Ástæða þess er einkum sú að þegar tvö ökutæki lenda í árekstri sé ekki unnt að segja að annað tækið sé hættulegra en hitt.⁶⁵ Eins tekur reglan ekki til skemmda sem verða á hinu skráningarskylda vélknúna ökutæki sem um ræðir og heldur ekki til annars tjóns sem eigandi þess eða ökumaður kann að hafa orðið fyrir. Það tjón ber að bæta samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.⁶⁶

Reglan á rætur sínar að rekja alveg til fyrstu löggjafar umferðarlaga, þ.e. til 13. gr. bifreiðalaga, nr. 21/1914. Í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 21/1914 kemur fram að ákvæði um skaðabótaskyldu voru sett að norskri og danskri fyrirmynd.⁶⁷ Reglan var þó í töluvert frábrugðinni mynd frá því sem hún er í dag. Má þar nefna að um tjónið gildi sakarlíkindareglan og einnig náði reglan yfir mun færri ökutæki en hún gerir í dag. Það var með lögum nr. 26/1958 sem hlutlæg ábyrgðarregla var lögfest á Íslandi. Ástæða þess að sú víðtæka ábyrgð sem lögfest hafði verið með sakarlíkindareglunni var gerð enn víðtækari var að reynslan hafi verið sú að þeim, er ábyrgð bar á bifreið, hafði sjaldnast tekist að sanna gallaleysi tækisins eða að ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt fulla aðgæslu eða varkárni. Hafði þetta aðeins ýtt undir það að menn lögðu í hæpin og kostnaðarsöm málaferli.⁶⁸

Rökin fyrir þeirri víðtæku ábyrgð sem lögin kveða á um í dag eru þá fyrst og fremst þau að ökutæki séu hættuleg umhverfi sínu og einkum þau að með reglunni er komist hjá flóknum og kostnaðarsömum málaferlum. Það ber þó einnig að nefna að velgengi þeirra lögboðnu ábyrgða- og slysatrygginga í 91. og 92. gr. laganna hafa styrkt hina hlutlægu ábyrgðarreglu í sessi.⁶⁹

⁶⁴ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 443. Sjá einnig, Hákon Árnason. „Notkunarhugtak 1. mgr. 88. gr. og 1. mgr. 91. gr. umfl.“, bls. 75.

⁶⁵ Arnljótur Björnsson. Ökutæki og tjónbætur (2003), bls. 74.

⁶⁶ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 230.

⁶⁷ Frumvarp til laga um notkun bifreiða. *Alþingistíðindi* 1914, 25. löggjafarþing A. 77. mál, þingskjal 8, bls. 86.

⁶⁸ Frumvarp til laga um breytingu á bifreiðalögum. *Alþingistíðindi* 1956-57, 75. löggjafarþing A. 94. mál, þingskjal 105, bls. 488.

⁶⁹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 443.

5.3.2. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985

Í 1. ml. 1. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, er að finna hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns á tjóni er ráðnir menn í skiprúm hjá honum verða fyrir. Þar segir:

„Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjóunar þeirra er starfa í þágu skips.[...]"

Eins og ákvæðið ber með sér nær ábyrgðin aðeins til þeirra aðila sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni. Einnig er það skilyrði að slys tjónþola hafi orðið um borð í skipi útgerðarmanns eða hafi orðið í beinum tengslum við rekstur skips hans. Eins leiðir af reglunni að bótaskylda útgerðarmanns er einskorðuð við slys. Verði skipverji eða annar maður sem ráðinn er hjá útgerðarmanni fyrir líkamstjóni af völdum sjúkdóms, fer um fébótaábyrgð eftir almennum reglum og þá fyrst og fremst eftir 8. gr. siglingalaga.

Í frumvarpi því er varð að lögum er að finna rök löggjafans fyrir reglunni. Í fyrsta lagi virðist vera byggt á þeim sjónarmiðum að sjósókn við strendur Íslands sé erfiður og áhættusamur atvinnuvegur. Sjóslys séu að auki óhugnanlega tíð og erfitt sé að koma í veg fyrir þau að öllu leyti, þótt fyllstu varúðar sé gætt. Í öðru lagi er byggt á því sjónarmiði að nauðsynlegt sé að búa svo um hnútana, að sá sem fyrir slysi verður á sjó fái tjón sitt bætt, að svo miklu leyti sem unnt er og án mikillar fyrirhafnar eða langrar tafar. Þetta er ekki ósvipað þeim sjónarmiðum sem litið var til þegar hlutlæg ábyrgð var lögfest í umferðarlögum. Það er að segja að koma í veg fyrir viðamiklar réttarrannsóknir og langdregin og kostnaðarsöm málaferli, t.d. ef slys stafar af hálku á skipi, sem málsaðilar eru ekki sammála um.⁷⁰

Í 2. mgr. 172. gr. er mælt fyrir um skyldu útgerðarmanns til að kaupa tryggingar fyrir þeim bótum sem á hann geta fallið samkvæmt 1. mgr. Samkvæmt 5. tl. 175. gr. laganna takmarkast hin hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns við þær fjárhæðir sem 2. mgr. 172. gr. kveður á um. Það er að segja að samkvæmt lögum losnar útgerðarmaður undan hlutlægu ábyrgðinni ef bætur eru greiddar úr váttryggingunni. Um ábyrgð á bótum sem fara umfram þær fjárhæðir sem 2. mgr. 172. gr. kveður á um fer eftir meginreglunni, þ.e. sakarreglunni, sbr. 171. gr. laganna. Raunin er hins vegar sú að bætur samkvæmt 2. mgr. 172. gr. eru oft lægri en sem nemur raunverulegu tjóni. Hlutlægu ábyrgðarreglu 172. gr. er því ekki ætlað að bæta tjón að fullu heldur aðeins að tryggja sjómönnum lágmarksbætur og draga þannig úr fjárhagslegu áfalli.⁷¹

⁷⁰ Frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum, þskj. 25, 25. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/92/s/pdf/0025.pdf>. [Sótt á vefinn 23.07.2014].

⁷¹ Guðmundur Sigurðsson (2004). Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, bls. 13.

Aftur á móti hefur merkileg þróun átt sér stað á þessu sviði. Með gerðardómi, sem upp var kveðinn 30. júní 2001 á grundvelli laga um kjaramál fiskimanna og fleira, nr. 34/2001, var stigið stórt skref í að auka vægi váttryggingaréttarins á kostnað skaðabótaréttarins. Í úrskurði gerðardómsins segir:

„Útgerðin skal tryggja hvern þann mann sem samningur þessi nær til og slasast um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985. Bætur úr váttryggingu þessari ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985.“

Samkvæmt þessu hefur því verið slegið fram að almenna reglan sé sú að sjómaður sem slasast í samræmi við 172. gr. siglingalaga eigi rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu án tillits til þess hvort útgerðarmaður beri skaðabótaábyrgð á tjóninu eða ekki.⁷² Aftur á móti ber að hafa í huga að úrskurður gerðardóms kveður á um innihald kjarasamnings. Þar af leiðandi gildir slyshugtak 172. gr. siglingalaga ekki um bótarétt umfram þær fjárhæðir sem kveðið er á um í 2. mgr. 172. gr. Þetta gæti leitt til þess að í einhverjum tilvikum gæti tjónstilvik talist slys í skilningi 172. gr. en ekki í skilningi slyshugtaks váttryggingaréttarins.⁷³

5.3.3. 128. gr. loftferðalaga nr. 60/1998

Í 1. mgr. 128. gr. loftferðalaga, nr. 60/1998 er einnig að finna hlutlæga ábyrgðarreglu. Svipuð sjónarmið liggja að baki þeirri reglu og reglunni sem er að finna í umferðarlögunum, að loftfar sé hættulegt umhverfi sínu. Greinin hljóðar svo:

„Nú hlýzt af notkun loftfars skaði á mönnum eða hlutum sem eru utan loftfarsins, og er eigandi þess eða, eftir því sem við á, aðili sá sem ber kostnað af rekstri þess skyldur að bæta skaðann.“

Ýmsar takmarkanir eru á ábyrgðinni en þar má fyrst nefna að hún tekur ekki til manna eða hluta sem eru í loftfarinu, eins og orðalag ákvæðisins ber með sér. Í öðru lagi segir í 1. mgr. 129. gr. að sé um að ræða tjón á mönnum eða hlutum innan marka viðurkennds flugvallar skuli ekki beita 1. mgr. 128. gr. Í 2. mgr. 129. gr. segir svo að ef tjón verði við árekstur tveggja eða fleiri loftfara skuli beita ákvæðum siglingalaga um árekstur skipa, en sú regla byggist á sakarreglunni.

Ákvæðið er því talið taka til þess tjóns sem verður á mönnum eða mannvirkjum á jörðu niðri er loftfar hrapar eða hlutir falla frá því. Einnig er til dæmi um að í Noregi hafi samhljóða hlutlægi ábyrgðarreglu verið beitt um tjón, sem verður vegna hávaða frá loftförum. Í **Rt.**

⁷² Guðmundur Sigurðsson (2004). Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, bls. 14.

⁷³ Guðmundur Sigurðsson (2004). Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, bls. 21.

1996, bls. 1122 fór hreindýrabóndi fram á skaðabætur á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar þegar hann varð fyrir tjóni er orrustuþota frá norska flughernum flaug yfir hreindýrahjörð hans er hann hafði verið að smala, með þeim afleiðingum að dýrin trylltust og 39 glötuðust. Þrátt fyrir að orrustuþotan hafði ekki farið undir leyfilega lágmarksflughæð var norska ríkinu gert að greiða bóndanum skaðabætur á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu þágildandi norsku loftferðalaganna.

Í 131. gr. loftferðalaga er svo að finna váttryggingarskyldu á eiganda loftfars fyrir þeirri hlutlægu ábyrgð sem hann getur þurft að bera. Þar er eiganda loftfars gert skylt að halda við váttryggingu er telst örugg til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess.

5.4. Tjón sem hlýst vegna umhverfismengunar

5.4.1. Lög um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012

Fyrir setningu laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð höfðu ekki verið í gildi nein almenn lög um skaðabótaábyrgð vegna umhverfistjóns eins og verið hefur í flestum nágrannalöndum Íslands. Var því talið að um slíka ábyrgð giltu almennar reglur um ábyrgð á grundvelli sakar að undanskildum sérákvæðum í einstaka lögum sem kváðu á um hlutlæga ábyrgð⁷⁴, en nánar verður vikið að þeim síðar í kaflanum.

Frumvarp það sem varð að lögum um umhverfisábyrgð var samið í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna EES-samningsins, en markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð. Tilskipunin byggist á þeirri meginreglu umhverfisréttar að mengunarvaldur skuli að jafnaði bera þann kostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum mengunar. Hefur þessi regla verið nefnd á íslensku greiðsluregla umhverfisréttarins eða mengunarbótareglan en á ensku kallast hún polluter pays principle eða PPP-reglan.⁷⁵ Í 1. gr. laganna kemur þetta skýrt fram en þar segir:

„Markmið laga þessara er að tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni ef það hefur orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir í samræmi við greiðsluregla umhverfisréttarins.“

⁷⁴ Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, þskj. 448, 372. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/140/s/0448.html>. [Sótt á vefinn 22.07.2014].

⁷⁵ Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, þskj. 448, 372. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/140/s/0448.html>. [Sótt á vefinn 22.07.2014].

Um bótagrundvöllinn er meginreglan því fyrst og fremst hlutlæg ábyrgð. Nær hlutlæga ábyrgðin yfir umhverfistjón sem valdið er við atvinnustarfsemi sem fellur undir II. viðauka laganna eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni af völdum slíkrar starfsemi, sbr. 1. mgr. 2. gr. Að auki er kveðið á um ábyrgð á grundvelli sakar vegna tjóns á vernduðum tegundum og vistgerðum af völdum annarrar atvinnustarfsemi en þeirrar sem kveðið er á um í II. viðauka.

Rök fyrir nauðsyn þess að setja svo víðtæka bótaábyrgð á sviði umhverfisréttar kemur fram í aðfaraorðum tilskipunarinnar um umhverfisábyrgð. Þar segir að eins og sakir standa séu mörg menguð svæði innan bandalagsins sem hafi í för með sér umtalsverða heilbrigðisáhættu, og auk þess hafi dregið verulega úr líffræðilegri fjölbreytni á síðustu áratugum. Af þeirri ástæðu var talið að ef ekki yrði gripið inn í myndi mengun aukast enn meira og að enn frekar myndi draga úr líffræðilegri fjölbreytni í framtíðinni. Í frumvarpi laganna kemur einnig fram að geri megi ráð fyrir að frumvarpið hafi fyrirbyggjandi áhrif í ljósi þeirrar ábyrgðar sem lögð er á rekstraraðila er frumvarpið tekur til. Hafi það þau áhrif að þeir geri að einhverju leyti ráðstafanir til að varna því að umhverfistjón verði af völdum starfsemi þeirra eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni. Er þar sérstaklega vísað til þeirrar atvinnustarfsemi er ber hlutlæga ábyrgð samkvæmt II. viðauka laganna.⁷⁶ Þegar þetta er tekið saman má segja að tilgangur laganna og þeirrar hlutlægu ábyrgðar sem þau bera með sér sé að hafa varnaðaráhrif. Að mati höfundar má segja að það sé verið að færa umhverfisvernd í hendur þeirra rekstraraðila sem eru hvað hættulegastir umhverfinu þegar kemur að mengun.

Í tilskipun Evrópusambandsins sem lögin byggja á er ekki kveðið á um váttryggingarskyldu rekstraraðila vegna ábyrgðar sem kynni að falla á hann. Hins vegar segir í tilskipunni að aðildarríki skuli gera ráðstafanir til að hvetja til þróunar samninga og markaða á sviði fjárhagslegra trygginga. Að auki var svo kveðið á um að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skyldi leggja fram skýrslu sem fjallaði m.a. um aðgang að váttryggingum fyrir sanngjarnt verð og skilyrði þar að lútandi og um aðrar tegundir fjárhagslegra trygginga. Sú skýrsla var birt 12. október 2010 og segir þar að vegna skorts á reynslu við framkvæmd tilskipunarinnar væru ekki nægileg gögn til staðar til að kynna samhæft kerfi af lögboðnum fjárhagslegum tryggingum. Af þeim ástæðum var skoðun á þessu frestað til ársins 2014.⁷⁷

⁷⁶ Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, þskj. 448, 372. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/140/s/0448.html>. [Sótt á vefinn 22.07.2014].

⁷⁷ Nefndarálit um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, þskj. 1379, 372. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/140/s/1379.html>. [Sótt á vefinn 30.07.2014].

Þegar þetta er skrifað hefur sú skýrsla ekki enn verið birt og ekki von á henni fyrr en í árslok 2014.⁷⁸

Svo virðist vera að miklar efasemdir séu hjá váttryggingafélögum og að þau séu ekki tilbúin að bjóða fram váttryggingar á þessu sviði eins og staðan er í dag. Í aðdraganda laganna gáfu Samtök fjármálafyrirtækja umsögn um frumvarp laganna. Þar lýsa þau yfir miklum efasemdum um að unnt verði að bjóða upp á váttryggingar vegna ábyrgðar rekstraraðila sem frumvarpið kveður á um. Svo hægt verði að byrja að skoða það að einhverju leyti telja samtökin að skýra þurfi frekar til hvaða áhættu lögin taka og einnig að leysa þurfi úr álitamálum varðandi aðferðir við áhættumat og mat á tjóni. Vísa þau meðal annars í skýrslu endurtryggingafélagsins Swiss Re og Samtaka evrópskra váttryggingafélaga þar sem þau telja að svo unnt verði að bjóða uppá váttryggingar gegn umhverfistjóni þurfi váttryggjendur að þróa nýjar aðferðir við áhættumat og tjónsuppgjör.⁷⁹ Af framangreindu er ljóst að þeir rekstraraðilar sem lögin taka til geta með engu móti váttryggt sig fyrir þeirri ábyrgð sem á þá kann að falla samkvæmt lögnum.

Í 22. gr. laganna er þó kveðið á um fjárhagslega tryggingu. Þar segir að rekstraraðili sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni skuli setja fullnægjandi tryggingu fyrir efndum á þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt lögnum. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. er það í höndum Umhverfisstofnunar að ákveða hverju sinni fjárhæð eða önnur skilyrði tryggingarinnar. Í nefndarálit meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar bendir meirihlutinn á að Umhverfisstofnun sé í sjálfsvald sett að ákveða hvaða tryggingu hún telur fullnægjandi og nefna þar að það gæti verið í formi veðs í fasteign, bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem talist getur fullnægjandi.⁸⁰ Í 3. mgr. 22. gr. er svo kveðið á um að ráðherra setji reglur um setningu tryggingar. Þær reglur hafa hins vegar ekki enn verið settar.

Í ljósi alls framangreinds er það mat höfundar að á meðan rekstraraðili á í erfiðleikum með að tryggja sig fyrir þeirri hlutlægu ábyrgð sem kann að falla á hann samkvæmt lögnum eigi eftir að reynast erfitt að fá tjón bætt að fullu úr hans hendi, sérstaklega ef um meiriháttar umhverfistjón er að ræða. Það þýðir einfaldlega að lögin þjóni ekki því markmiði að tryggja tjónþola fullar bætur fyrir tjón sem lögin taka til.

⁷⁸ Vefsíða Framkvæmdastjórnar ESB um umhverfisábyrgð, slóð: <http://ec.europa.eu/environment/legal/liability/index.htm>

⁷⁹ Umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð. Vefsíða SFF, slóð: http://www.sff.is/sites/default/files/299_mal_frumvarp_til_laga_um_umhverfisabyrgd.pdf. [Sótt á vefinn 31.07.2014]. Vakin er athygli á því að umsögnina er ekki að finna í innsendum erindum og umsögnum um lög sem birt eru á vef Alþingis.

⁸⁰ Nefndarálit um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, þskj. 1379, 372. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/140/s/1379.html>. [Sótt á vefinn 31.07.2014].

5.4.2. Lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996

Samkvæmt 1. gr. laga um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996 er markmið laganna að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn hugsanlega skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Eins segir þar að tryggja skuli að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

Í frumvarpi því er varð að lögunum segir að til þess að ná tilsettum markmiðum þurfi sá sem hyggst hefja starfsemi þar sem fram á að fara afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera að fá leyfi Hollustuverndar ríkisins, sem nú er undir Umhverfisstofnun ríkisins. Það leyfi er ströngum skilyrðum háð og einnig háð því að starfsemin verði undir ströngu eftirliti Umhverfisstofnunar ríkisins.⁸¹ Auk þeirra ströngu skilyrða sem leyfishafa eru settar, og er ætlað að hafa varnaðaráhrif gegn skaðlegum áhrifum erfðabreyttra lífvera á náttúruna, er að finna reglu um hlutlæga skaðabótaábyrgð í 28. gr. laganna.⁸² Hjóðar hún svo:

„Sá sem ábyrgð ber á afmarkaðri notkun, sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera samkvæmt lögum þessum er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.“

Í frumvarpi laganna segir að slíkri hlutlægri skaðabótareglu sé ætlað að reyna að draga úr óæskilegum áhrifum manna á náttúrulegt umhverfi og stuðla að því að sá sem mengar umhverfið eða veldur tjóni sem rekja má til notkunar erfðabreyttra lífvera skuli gerður greiðsluskyldur vegna þess tjóns.⁸³ Óvíst er þó hvaða gildi þessi regla hafi í dag, annað en að undirstrika þessa hlutlægu ábyrgð, en starfsemi sem þarf leyfi til samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur er tiltekin í 5. tl. II. viðauka laga um umhverfisábyrgð, sem fjallað er um í kaflanum að framan. Þannig hefur greiðsluregla umhverfisréttar (PPP-reglan) verið færð yfir alla leyfisskylda starfsemi sem lög um erfðabreyttar lífverur ná yfir.

Að endingu ber að nefna að ekki er kveðið á um váttryggingarskyldu í lögunum en í 13. tölul. 7. gr. segir að það sé í höndum ráðherra að setja reglugerð varðandi ábyrgðartryggingar. Það hefur þó ekki verið gert.

⁸¹ Frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur, þskj. 129, 117. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/120/s/0129.html>. [Sótt á vefinn 21.07.2014].

⁸² Fyrir setningu laga nr. 83/2010, um breytingu á lögunum, var regluna að finna í 24. gr. laganna.

⁸³ Frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur, þskj. 129, 117. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/120/s/0129.html>. [Sótt á vefinn 21.07.2014].

5.4.3. Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001

Í 1. mgr. 28. gr. laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu. Hún hljóðar svo:

„Handhafar leitarleyfa eða rannsóknar- og vinnsluleyfa samkvæmt lögum þessum eru skaðabótaskyldir fyrir hvers konar tjón sem stafar af kolvetnisstarfsemi, þar á meðal umhverfisspjöll, án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar. Orkustofnun er heimilt, við ákvörðun um rekstraraðila, að kveða svo á um að skaðabótaskylda samkvæmt þessari málsgrein nái einnig til rekstraraðila sem ekki er leyfishafi.“

Samkvæmt greininni tekur hún ekki bara til tjóns sem verður vegna umhverfisspjalla heldur einnig til líkamstjóns. Í 3. mgr. segir að lækka megi eða fella niður bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda ef sá sem fyrir slysinu varð átti að einhverju leyti sjálfur sök á tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það sama gildir ef um munatjón er að ræða, sbr. sömu málsgrein. Í 4. mgr. er einnig að finna reglu sem kveður á um að lækka megi bætur eða fella niður þegar sannað þykir að tjónið stafaði af náttúruhamförum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum sem leyfishafa verður ekki um kennt.

Í frumvarpi því er varð að lögunum segir að helstu rökin sem búa að baki reglunni séu þau að um er að ræða starfsemi sem almennt má telja hættulega.⁸⁴

Hvað varðar ábyrgðartryggingar, er kveðið á um það í 6. tl. 1. mgr. 11. gr. að leyfishafi skuli kaupa ábyrgðartryggingu. Segir að tryggingin megi vera hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, bankatrygging eða í öðru formi sem Orkustofnun telur jafngilt og bæti tjón sem leyfishafi kann að valda með störfum sínum.

5.4.4. Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004

Í 16. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu. Í 1. ml. 1. mgr. 16. gr. segir:

„Mengunarvaldur er ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans, sé mengunin af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I.“

Ákvæðið kveður þó einnig á um að þeir sem ábyrgðin nær til skulu leggja fram fullnægjandi tryggingu allt að einni milljón SDR⁸⁵. Fari skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins. Í frumvarpi því er varð að lögunum kemur fram að

⁸⁴ Frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, þskj. 182, 175. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/126/s/0182.html>. [Sótt á vefinn 21.07.2014].

⁸⁵ SDR er skammstöfun á reiknieiningu sem Alþjóðgjaldeyrissjóðurinn notar. Gildi SDR er reiknað út frá gengi tiltekinna kórfa þeirra gjaldmiðla sem helst eru notaðir í milliríkjavíðskiptum.

nauðsynlegt væri að setja reglu um hlutlæga ábyrgð til þess að tryggja framkvæmd laganna er varðaði bráðamengun.⁸⁶

5.4.5. *Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar*

Í einum þriggja samninga, sem lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu nr. 14/1979 taka til, er að finna ákvæði sem kveður á um hlutlæga ábyrgð. Sá samningur sem um ræðir er frá 29. nóvember 1969, um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar. Upprunalegi samningurinn tók gildi á Íslandi 15. október 1980 en síðan þá hefur Ísland einnig gerst aðili að bókun vegna breytingar á samningnum, sem gerð var í Lundúnum 27. nóvember 1992. Öðlaðist bókunin gildi á Íslandi þann 13. nóvember 1999, sbr. auglýsingu nr. 25/1998 í C-deild Stjórnartíðinda 1998. Samkvæmt 3. gr. samningsins hvílir hlutlæg ábyrgð á eiganda þess skips sem veldur mengunartjóni.⁸⁷ Undantekningar á þessari hlutlægu ábyrgð er þó að finna í 2. og 3. mgr. en samkvæmt þeim getur eigandi losnað undan ábyrgð ef hann getur sannað að mengunartjónið megi rekja til hernaðaraðgerða, ófriðar, borgarastyrjaldar eða uppreisnar, náttúruhamfara (force majeure), vegna verknaðar eða vanrækslu þriðja aðila í þeim tilgangi að valda tjóni eða vegna vanrækslu ríkis eða stjórnvalda að viðhalda ljósum eða öðrum búnaði til aðstoðar við sjófarendur.⁸⁸

Af aðfaraorðum samningsins um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1969 má draga þá ályktun að tilgangur setningar hlutlægrar ábyrgðar á eiganda skips sé fyrst og fremst að tryggja að þeir, er yrðu fyrir tjóni af völdum olíumengunar skips, fengju tjón sitt bætt að fullu. Þar segir að þau ríki er gerðust aðilar að samningnum væru sannfærð um að þörf væri á að tryggja að þeir aðilar sem verða fyrir mengunartjóni vegna leka eða losunar olíu úr skipum eigi kost á fullnægjandi skaðabótum.⁸⁹ Þetta leiðir sennilega af því að tjónþoli er í mun verri stöðu heldur en tjónvaldur til þess að sanna að tjón hans hafi hlotist af saknæmri háttsemi tjónvalds. Það yrði að teljast mjög ósanngjarnt gagnvart tjónþola olíumengunar ef hann fengi ekki tjón sitt bætt.

⁸⁶ Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, þskj. 164, 162. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/130/s/0164.html>. [Sótt á vefinn 22.07.2014].

⁸⁷ Bókun um breytingu á alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1969, 27. nóvember 1992. *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 25/1998.

⁸⁸ Frumvarp laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, þskj. 115, 104. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/100/s/pdf/0115.pdf>. [Sótt á vefinn 22.07.2014].

⁸⁹ Frumvarp laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, þskj. 115, 104. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/100/s/pdf/0115.pdf>. [Sótt á vefinn 22.07.2014].

Í 1. mgr. 5. gr. samningsins, sem breytt var með fyrrgreindri bókun, segir að eiganda skips sé frjálst að takmarka ábyrgð sína samkvæmt samningnum við fyrirfram ákveðna heildarfjárhæð sem útlistuð er í staflinu í greininni. Sú takmörkun er háð því að eigandinn leggi fram tryggingarfé sem nemi þeirri heildarfjárhæð sem ábyrgð hans takmarkast við, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Fari eigandi ekki þessa leið að tryggja sig fyrir tjóni ber hann þó ávallt takmarkaða ábyrgð upp að vissu marki þar sem kveðið er á um það í 1. mgr. að heildarfjárhæð skuli í engu tilviki fara yfir 59,7 milljón reiknieiningar. Í 7. gr. samningsins er kveðið á um að eiganda skips sem flytur meir en 2000 tonn af umbúðarlausri olíu sem farm sé skylt að hafa váttryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu í gildi. Sú upphæð skal ákveðin með því að beita fyrrgreindum ábyrgðartakmörkunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr.

5.4.6. Samningur um álbræðslu við Straumsvík

Í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík í Hafnarfirði, sem var veitt lagagildi með lögum nr. 76/1966, er að finna reglu í 12. gr. er kveður á um ábyrgð ÍSAL á tjóni af gastegundum og reyk frá verksmiðjunni. Þrátt fyrir að ekki sé skýrt kveðið á um eðli ábyrgðarinnar sem kveðið er á um í greininni er það sjónarmið ríkjandi að um hlutlæga ábyrgð sé að ræða.⁹⁰ Tjón er hlýst innan umrædds svæðis sätir hins vegar ýmsum takmörkunum, og þá einna helst er varðar búskap og garðyrkju, en slíkt tjón er talið utan þeirrar ábyrgðar sem greinin kveður á um. Einnig tekur ábyrgðin ekki til þeirra aðila sem ákveða að taka sér bólfestu innan svæðisins eftir gildistöku samningsins.⁹¹ Þetta þýðir í raun að ríkari ábyrgð er á ÍSAL vegna tjóns sem kann að verða utan umrædds svæðis en þess sem er innan þess.⁹²

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögnum kemur fram að í útblásturslofti frá álbræðslum er jafnan nokkurt flúor, sem getur haft skaðleg áhrif á gróður í næsta nágrenni, og því hættulegt. Af þeirri ástæðu má draga þá ályktun að eðlilegt taldist að ÍSAL bæri fulla ábyrgð á tjóni sem af útblæstrinum gæti hlotist.

5.5. Ábyrgð vegna tjóns af fasteignum

Í 51. og 52. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 er að finna hlutlæga ábyrgð. Greinarnar eru nánast samhljóða nema sá munur er á að 51. gr. tekur til eiganda séreignar en 52. tekur til húsfélags fjöleignarhúss. Í 51. gr. segir að eigandi séreignar er ábyrgur gagnvart öðrum

⁹⁰ Arnljótur Björnsson, „Bótaskylda án sakar“. *Tímarit lögfræðinga* 1984 (1), bls. 17.

⁹¹ Frumvarp til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, þskj, 434, 177. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/86/s/pdf/0434.pdf>. [Sótt á vefinn 23.07.2014].

⁹² Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 234.

eigendum hússins og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af einhverju af eftirfarandi; 1) vanrækslu á viðhaldi séreignar, búnaði hennar eða lögnum, 2) mistökum við meðferð hennar og viðhald eða 3) af bilun á búnaði séreignar og lögnum þótt eiganda verði ekki um það kennt. Í frumvarpi því er varð að lögunum kemur fram rökstuðningur á svo víðtækri ábyrgð eins og kveðið er á um í 51. og 52. gr. Þar segir að slík hlutlæg ábyrgð eins og um ræðir sé eðlileg og réttlæt看anleg í þeim tilvikum sem upp eru talin ef gildissviðinu er haldið þröngu. Er það rökstutt með því að eðlilegt sé og sanngjarnt að eigandi beri frekar áhættuna af því, ef búnaður í eignarhluta hans eða lagnir, sem honum tilheyrir, bili og gefi sig, en að aðrir eigendur þurfi að bera tjón þess bótagæta. ⁹³ Því má segja að hér séu fyrst og fremst sanngirnissjónarmið sem rökstyðja svo víðtæka ábyrgð.

Til þess að tryggja að tjónþoli fái greiddar bætur vegna tjóns sem tekur til 51. og 52. gr. er aðilum sem ákvæðin taka til gert skylt að hafa váttryggingu til þess að mæta þeirri ábyrgð og áhættu sem á þá geta fallið skv. 51. og 52. gr., sbr. 53. gr. laganna.

5.6. Ábyrgð á dýrum

Í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, er ákvæði sem hefur verið skýrt svo, að það taki til hlutlægrar ábyrgðar. Um er að ræða 34. gr. laganna, en þar segir:

„Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandinn gjalda ábúanda bætur. [...]“

Að öðru leyti gilda almennar reglur um ábyrgð á tjóni af völdum dýra. ⁹⁴ Ákvæðið var fyrst sett með lögum nr. 42/1969 um fjallskil o.fl. og í frumvarpi því er varð að þeim lögum var ekki talið nauðsynlegt að setja skýringar við ákvæðið. Því er ekki alveg ljóst hvaða rök löggjafinn studdist við þegar svo víðtæk ábyrgð var sett á eigendur búpenings.

Draga má þá ályktun að ákvæðinu hafi verið ætlað að hafa varnaðaráhrif og vera hvatning fyrir eiganda búpenings til þess að hirða vel um girðingar sínar. Einnig má sjá sanngirni í því að sá sem fyrir tjóni verður vegna ágangs búpenings fái fullar bætur úr hendi eiganda búpeningsins.

5.7. Lög um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991

Lög um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991 eiga rætur sínar að rekja til tilskipunar Evrópuráðsins frá 25. júlí 1985. Tilgangur þeirra er að veita neytendum bótagætt vegna líkamstjóns eða

⁹³ Frumvarp til laga um fjöleignarhús, þskj. 159, 143. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/117/s/0159.html>. [Sótt á vefinn 23.07.2014].

⁹⁴ Arnljótur Björnsson. Skaðabótagættur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 110-111.

skemmda á munum sem er dreift eða framleiddir í atvinnuskyni.⁹⁵ Í 6. gr. laganna er að finna meginregluna um bótaábyrgð framleiðanda. Þar segir:

„Framleiðandi skal greiða bætur fyrir tjón sem rakið verður til ágalla á vöru sem hann hefur framleitt eða dreift.“

Í frumvarpi því sem varð að lögunum segir að samkvæmt reglunni beri framleiðandi ábyrgð án sakar, þ.e. hlutlæga bótaábyrgð. Tjónþola nægir þó ekki að sanna orsakatengsl milli notkunar vörunnar og tjóns síns svo unnt sé að beita hlutlægri ábyrgð um bótagrundvöllinn. Það er skilyrði fyrir beitingu reglunnar að tjónþoli sanni að tjón hans hafi hlotist vegna ágalla vöru, sbr. 2. mgr. 6. gr. Stundum getur það reynst tjónþola erfitt að sanna að vara hafi verið gölluð og því má segja að ekki sé um að ræða alveg hreina hlutlæga ábyrgð. Ýmsar takmarkanir á hlutlægu ábyrgðinni er að finna í 7. gr. laganna, en þær eru háðar því að framleiðandi geti sýnt fram á að tiltekin atriði eigi við og leysi hann undan ábyrgð. Einnig er að finna takmörkun á bótafjárhæð í 8. gr. laganna en þar segir að tjón takmarkist við fjárhæð sem svarar til 70 milljón Evrópureikningseininga (ECU).⁹⁶ Í 10. gr. laganna er það áréttað að dreifingaraðili ber einnig ábyrgð á skaðsemistjóni beint gagnvart tjónþola og síðari dreifingaraðilum. Er það til þess að styrkja réttarstöðu tjónþola og auka líkur hans á að fá greiddar bætur fyrir skaðsemistjón.⁹⁷

Rök með svo víðtækri ábyrgð um skaðsemistjón er að finna í frumvarpi því er varð að lögunum. Þar er það meðal annars rökstutt með því að neytandi eigi erfitt með að verjast tjóni af þessu tagi og verði að treysta á að söluhlutur sé ekki hættulegur. Eins segir að framleiðandi, og í einhverjum tilfellum seljandi eða milliliður, eigi auðveldara með að meta hvort hætta sé á ferðum og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón. Svo víðtæk ábyrgð á að hvetja aðila til slíkra ráðstafana og geti þeir auðveldlega dreift tjónskostnaðinum með því móti að kaupa ábyrgðartryggingu. Að auki sé aðstaða þeirra í skaðabótamálum oft sterkari en neytenda, m.a. vegna þess að þeir eigi betri aðgang að sönnunargögnum um orsakir tjóns en tjónþoli.⁹⁸

Rök gegn svo víðtækri ábyrgð um skaðsemistjón eru einna helst þau að hún geti komið í veg fyrir tækniframfarir eða tafið fyrir þeim, hún sé óeðlilega þungbær og stundum í miklu ósamræmi við endurgjald seljanda eða framleiðanda. Hins vegar hafa þessi rök ekki talið veða

⁹⁵ Arnljótur Björnsson. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur (1999), bls. 113.

⁹⁶ Það er þó rétt að taka fram að árið 1999 var ECU skipt út fyrir Evru. Svo virðist sem ekki hafi verið gerð orðalagsbreyting í lögunum þegar það átti sér stað eða það ekki talið nauðsynlegt.

⁹⁷ Frumvarp til laga um skaðsemisábyrgð, þskj. 36, 36. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/113/s/0036.html>. [Sótt á vefinn 23.07.2014].

⁹⁸ Frumvarp til laga um skaðsemisábyrgð, þskj. 36, 36. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/113/s/0036.html>. [Sótt á vefinn 23.07.2014].

þungt á móti rökum með víðtækri ábyrgð. Einkum vegna þess hve mikil áhersla hefur verið lögð á neytendavernd við undirbúning löggjafar.⁹⁹

5.8. Lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000

Í lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000 er að finna víðtæka ábyrgð á líkamstjóni, sem sjúklingur verður fyrir vegna starfa þeirra sem lögin taka til. Talið var tilefni til þess að setja lög um sjúklingatryggingu þar sem skaðabótaréttarleg staða sjúklinga á Íslandi þótti ekki nægilega trygg og var talin lakari en á öðrum Norðurlöndum. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. eiga þeir sjúklingar rétt til skaðabóta sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslu eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni. Sama rétt eiga þeir sem missa framfaranda við andlát slíkra sjúklinga. Einnig tekur bótarétturinn til sjálfboðaliða sem annað hvort gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð á sjúkdómi hjá viðkomandi eða þeirra sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva, sbr. 3. og 4. mgr.

Sú víðtæka ábyrgð sem er að finna í lögnum er talin fela í sér afbrigði af hlutlægrí ábyrgð.¹⁰⁰ Ekki er þó unnt að segja að lögin kveði á um hreina hlutlæga ábyrgð. Í 2.–4. gr. laganna eru talin upp þau tjónsatvik sem lögin taka til. Samkvæmt greinunum skal greiða bætur til þeirra sem falla undir tjónsatvikin án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins. Ólíkt öðrum hlutlægum reglum er það ekki skilyrði að tjónþoli sanni að orsök tjóns hans sé að rekja til tiltekinna tjónsatvika. Samkvæmt orðalagi greinarinnar þarf tjónþoli aðeins að sýna fram á að tjón hans megi „að öllum líkindum“ rekja til nánar tilgreindra tjónsatvika. Í 5. gr. laganna er þó sett hámark á þá bótafjárhæð sem hlutlæga ábyrgðin tekur til. Í greininni segir að bótafjárhæðin miðist við 5.000.000 kr. og að fjárhæðin skuli breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysliverðs. Af þessu leiðir að fari bótafjárhæð umfram það bótaþak sem af lögnum leiðir þurfi tjónþoli að sanna sök einhvers til þess að fá skaðabætur fyrir þá fjárhæð sem er umfram. Með öðrum orðum þarf tjónþoli að byggja kröfu sína um skaðabætur, sem fara yfir bótaþakið, á sakarreglunni.

Í 10. gr. laganna er kveðið á um váttryggingarskyldu þeirra aðila sem eru bótaskyldir samkvæmt lögnum. Er það í höndum ráðherra að setja reglugerð um lágmark váttryggingarfjárhæðar innan hvers váttryggingarárs og framkvæmd váttryggingarskyldu. Hins

⁹⁹ Frumvarp til laga um skaðsemisábyrgð, þskj. 36, 36. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/113/s/0036.html>. [Sótt á vefinn 23.07.2014].

¹⁰⁰ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 238.

vegar eru heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sem ríkið á í heild eða að hluta utan þessarar váttryggingarskyldu 10. gr., sbr. 11. gr.

Í frumvarpi því er varð að lögunum koma fram helstu rök fyrir úrræði sem tryggir sjúklingum víðtækari rétt til bóta en öðrum tjónþolum. Í fyrsta lagi eru sönnunarvandkvæði í þessum málaflokki oft meiri en á öðrum sviðum bæði vegna læknisfræðilegra álitamála og einnig vegna þess að oft eru ekki aðrir til frásagnar en þeir sem eiga hendur sínar að verja þegar tjónþoli heldur því fram að mistök hafi orðið. Rekstur skaðabótamála er oft mikill, sérstaklega þegar erfitt er að sanna gáleysi eða orsakatengsl. Í öðru lagi auðveldar slíkur bótaréttur upplýsingaöflun um það sem miður hefur farið í heilbrigðiskerfinu og þannig hægt að sjá hvað má betur fara til þess að bæta kerfið. Slíkur bótaréttur sem lögin mæla fyrir um er óháður því að unnt sé að sýna fram á persónulega ábyrgð læknis eða annars starfsmanns. Líklegt væri því að starfsmenn muni vera fúsari til samvinnu um að afla upplýsinga en ella. Í þriðja lagi ætti víðtækur bótaréttur að greiða fyrir því að sjálfboðaliðar fáist til að gangast undir læknisfræðilegar tilraunir eða gefa líffæri, blóð o.s.frv. Í fjórða lagi hafi það aukið á þörf á virkari bótaúrræðum, að kröfum vegna mistaka lækna eða starfsmanna fjölgi. Í fimmta lagi er talið að víðtækur bótaréttur geti dregið úr vonbrigðum og jafnvel geðrænum veikindum sjúklinga sem fylgja gjarnan afdrifaríkum fylgikvillum eða óvenjulegum eftirköstum læknismeðferða.¹⁰¹ Að lokum má nefna að íslensku sjúkratryggingalögin voru samin að fyrirmynd dönsku löggjafarinnar á þessu sviði. Í rökum fyrir setningu laganna í Danmörku kom fram að sakarreglan væri óheppilegur bótagrundvöllur á þessu sviði. Var það einkum vegna þess að skilyrði reglunnar um að sanna sök leiddi til óheppilegra áhrifa á samband læknis og sjúklings.¹⁰²

Ætla má að hér sé fyrst og fremst gætt að sanngirnissjónarmiðum, það er að segja að sjúklingar sem nýti sér heilbrigðisþjónustu megi vænta þess að fá tjón bætt sem af getur hlotist. Einnig er ábyrgðin sett með það í huga að með tímanum hafi hún þau áhrif að bæta kerfið, aðferðir eða meðferðir sem sjúklingar gangast undir hjá læknum. Verði lækni eða heilbrigðisstarfsmanni á mistök er reglum laganna ætlað að fría þann aðila frá ábyrgðinni og þannig að koma í veg fyrir að aðilar reyni að fela mistök sín eða það sem fór úrskeiðis. Öll rökkin hér að framan eru þó ekki óumdeilanleg. Má þar nefna að af þessari skipan hlýst mikill kostnaður sem fellur á skattgreiðendur og þá sem nýta sér heilbrigðisþjónustuna og má því setja spurningarmerki við hvort sanngirnir sé gætt með tilliti til þess.

¹⁰¹ Frumvarp til laga um sjúklingatryggingu, þskj. 836, 535. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/125/s/0836.html>. [Sótt á vefinn 24.07.2014].

¹⁰² Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 454.

5.9. Tengsl hlutlægra ábyrgðarreglna við váttryggingar

Af framangreindu má sjá að tengsl váttrygginga og hlutlægra ábyrgðarreglna eru mikil. Í flestum tilfellum, þó ekki öllum, er lögfest skylda á aðila að tryggja sig fyrir því tjóni sem á hann getur fallið samkvæmt þeirri hlutlægu ábyrgð sem hann ber. Af framangreindum lögfestum reglum virðist það einkum vera þegar hætta er á að tjón geti orðið mikið að þá sé ríkari skylda lögð á aðila að vera váttryggður fyrir mögulegu tjóni. Svo má segja að með því að hafa lögfesta váttryggingarskyldu á aðilum sem hlutlægar ábyrgðarreglur taka til sé verið að tryggja að þeir geti staðið undir þeirri ábyrgð sem á þá getur fallið og að tjónþoli fái tjón sitt bætt að fullu. Þannig hefur því einnig verið slegið föstu að útbreiðsla váttrygginga, einkum ábyrgðartrygginga, hafi auðveldað rýmkun skaðabótaábyrgðar, þar með talið greitt veginn frekar fyrir reglur um hlutlæga ábyrgð.¹⁰³ Má því segja að rík tengsl séu á milli hlutlægra ábyrgðarreglna og váttrygginga.

5.10. Samantekt

Í þessum kafla hefur verið farið yfir lögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur á Íslandi með áherslu á að skoða hvaða rök standi þeim að baki. Það skal þó tekið fram að upptalningin í kaflanum á gildandi hlutlægum ábyrgðarreglum er ekki tæmandi.

Til að byrja með var farið yfir mikilvægi þess að ákvæði séu skýr sé þeim ætlað að kveða á um hlutlæga ábyrgð. Er það fyrst og fremst vegna þess að reglan um hlutlæga ábyrgð er undantekningarregla. Að öllu jöfnu gildir meginregla skaðabótaréttar, þ.e. sakarreglan. Í þessu samhengi var 23. gr. a. skbl. tekin fyrir en í Hrd. 472/2011 og Hrd. 90/2013 tók Hæstiréttur á ágreiningi varðandi túlkun ákvæðisins, þ.e. hvort það kvæði á um hlutlæga ábyrgð starfsmanna sem lenda í vinnuslysi eður ei. Hæstiréttur taldi að hvorki yrði ráðið af orðalagi ákvæðisins né lögskýringargögnum með því að slík regla hafi verið lögfest í ákvæðinu. Eru þessir dómur ágætis dæmi um mikilvægi þess að ákvæði og lögskýringargögn séu skýr. Að mati höfundar er alveg hægt að túlka frumvarp laganna svo að ákvæðið bæri með sér hlutlæga ábyrgð þar sem mikið er vísað til þess að ákvæðið sé að norrænni fyrirmynd en þess má geta að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru sérstök atvinnuslysatriggingalög sem í grunninn byggja á hlutlægri ábyrgð. Eins er í frumvarpinu fjallað um að meðábyrgð í líkamstjónum sætir oft sérstakri meðferð í lögum og er þar einungis vísað til ákvæða sem hafa verið lögfest sem hlutlægar ábyrgðarreglur. Hvað sem því líður þyrfti að gera verulegar breytingar á löggjöfinni og kerfinu í heild áður en lögfest verði atvinnuslysalög á Íslandi sem byggja á hlutlægri ábyrgð.

¹⁰³ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 228.

Svo aftur sé vikið að meginumfjöllun kaflans, þ.e. gildandi lögfestum hlutlægum ábyrgðarreglum, er í kafla 4.3. að framan farið yfir rök, bæði með og á móti, fyrir setningu hlutlægra ábyrgðarreglna á Norðurlöndunum, að Íslandi frátöldu. Áhugavert var því að skoða þau sjónarmið sem löggjafinn á Íslandi leit til við setningu þeirra hlutlægu ábyrgðarreglna sem í gildi eru á Íslandi.

Eins og gera mátti ráð fyrir er ekki að sjá að rökin með setningu reglnanna séu eitthvað frábrugðin hér á landi þegar þau eru borin saman við þau rök sem nefnd eru í kafla 4.3. Til að byrja með eru rökin með hlutlægum ábyrgðarreglum á sviði samgangna, einkum varðandi ökutæki og flugför, þau að farartæki séu hættuleg umhverfi sínu. Áður fyrr hafði verið í gildi sakarlíkindareglan á þessum sviðum en það hafði aðeins ýtt undir að menn lögðu í hæpin og kostnaðarsöm málaferli. Var því þjóðhagslegur sparnaður einkum rök með setningu hlutlægu reglnanna. Þegar hlutlæga ábyrgðarreglan var sett í siglingalögin, þ.e. 172. gr. laganna, voru rökin fyrst og fremst þau að sjósókn væri erfiður og áhættusamur atvinnuvegur. Því hafi verið nauðsynlegt að búa svo um hnútana, að sá sem verður fyrir slysi á sjó fengi tjón sitt bætt eins mikið og unnt er. Það var hins vegar athyglisvert að sjá að á þessu sviði hefur váttryggingaréttur nánast tekið yfir bótahlutverkið af skaðabótaréttinum. Með ákvæðinu í siglingalögunum eru skaðabætur tryggðar tjónþola með hlutlægri ábyrgð upp að vissu fjárhæðarþaki. Með gerðardómi vegna kjaramála fiskimanna, sem kveðinn var upp 30. júní 2001, var úrskurðað að útgerðir væru skyldar til þess að tryggja þá, sem kjarasamningurinn næði til, fyrir bótafjárhæðum sem fara umfram þá fjárhæð sem kveðið er á um í 172. gr. siglingalaga með váttryggingum.

Margar hlutlægar ábyrgðarreglur er að finna í lögum sem ætlað er að koma í veg fyrir umhverfistjón. Einna helst voru þau rök að baki reglunum að þeim væri ætlað að hafa varnaðaráhrif en einnig gætir sanngirnissjónarmiða í reglunum þar sem sanngjarnt verður að teljast að sá sem vinnur með skaðleg efni gæti fyllstu varúðar og bæti það tjón sem af þeim getur hlotist. Það má segja að lög um umhverfisábyrgð séu bylting á sviði umhverfisverndar. Lögin voru sett árið 2012 á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins um umhverfisábyrgð. Í grunninn byggja lögin á meginreglu umhverfisréttarins um að mengunarvaldur skuli að jafnaði bera þann kostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum mengunar, þ.e. greiðsluregla umhverfisréttarins. Bótagrundvöllurinn er því fyrst og fremst hlutlæg ábyrgð en þó með ákveðnum undantekningum. Eru lögin því ein af fáum lögum á Íslandi sem byggja fyrst og fremst á hlutlægri ábyrgð. Megintilgangur laganna eða tilskipunarinnar er fyrst og fremst að hafa fyrirbyggjandi áhrif, þ.e. nokkurs konar varnaðaráhrif. Eins og höfundur kemur inná í umfjölluninni um lögin má segja að það sé að

einhverju leyti verið að færa umhverfisvernd í hendur þeirra rekstraraðila sem eru hvað hættulegastir umhverfinu þegar kemur að mengun.

Nokkur önnur sjónarmið var einnig að finna í röksemdum fyrir setningu hlutlægu ábyrgðarreglnanna. Má þar nefna að oft eru tjónþolar í mjög slæmri stöðu til að sanna orsakatengsl tjóns og tjónsatburðar eins og sjá má í frumvarpi laga um sjúklingatryggingu, t.d. þegar sjúklingur leitar réttar síns vegna meðferðar sem hefur farið úrskeiðis. Einnig ber að nefna að í minnst tveimur frumvörpum að þeim lögum sem nefnd hafa verið var að finna þau rök að starfsemi sé almennt talin hættuleg og því nauðsynlegt að um hana fari hlutlæg ábyrgð vinnuveitanda.

Sú ítarlega rannsókn sem gerð var á þeim lögfestu hlutlægu ábyrgðarreglum sem reifaðar hafa verið hér í kaflanum leiddi einnig í ljós sterk tengsl milli hlutlægra ábyrgðarreglna og vátrygginga. Má segja að reglurnar og tryggingarnar haldist nokkurn veginn í hendur því án vátrygginga væru hlutlægu ábyrgðarreglurnar mun erfiðari í framkvæmd og missi bara marks.

6. Hlutlæg ábyrgð án beinnar lagaheimildar

6.1. Inngangur

Að framan hefur verið fjallað um hlutlægar ábyrgðarreglur almennt og einnig verið farið nokkuð ítarlega yfir þær hlutlægu ábyrgðarreglur sem hafa verið lögfestar hér á landi. Sérstaklega var skoðað hvaða rök lágu að baki reglunum og einnig gerð grein fyrir tengslum reglnanna við váttryggingar. Í þessum kafla verður ljósinu hins vegar varpað á ólögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur. Í mörgum löndum hafa dómstólar dæmt skaðabætur á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar án beinnar lagastoðar. Afstaða dómstóla hefur þó verið með ólíkum hætti í einstökum löndum en t.d. í Noregi hafa dómstólar talið ástæðu til að dæma hlutlæga ábyrgð, án beinnar lagastoðar, í ríkara mæli en annars staðar. Á Íslandi hefur bótaábyrgð á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar án beinnar lagastoðar verið nokkuð umdeild og virðast íslenskir dómstólar ekki fallast á að í gildi sé ólögfest meginregla um hlutlæga ábyrgð í íslensku réttarfari, heldur frekar látið reyna á þanþol sakarreglunnar.¹⁰⁴ Í nær öllum þeim málum þar sem málsaðili reisir bótakröfu sína á ólögfestri hlutlægri ábyrgð snýr ágreiningur aðila um tjón sem starfsmaður hefur orðið fyrir við framkvæmd vinnu. Málsástæður hafa verið misjafnar en mætti gjarnan setja í tvo flokka, annars vegar slys þar sem tjónþoli ber fyrir sig að beita eigi hlutlægri ábyrgð vegna þess hve hættulegt starf hans var og hins vegar vegna þess að tjón má rekja til galla eða bilunar í tæki.

Fyrir árið 1970 var Hæstiréttur þó ekki svo skýr í sinni afstöðu, en í nokkrum dómum virðist Hæstiréttur dæma bótaábyrgð á grundvelli ólögfestrar hlutlægrar ábyrgðar og þá sérstaklega þegar um var að ræða líkamstjón, sem varð vegna bilunar eða galla í tækjum. Í kaflanum verða dómarnir sem féllu fyrir 1970 reifaðir og afstaða dómstóla túlkuð. Eins verða dómar sem féllu um og eftir árið 1970 reifaðir, en þá virðist Hæstiréttur hafa breytt eða myndað sér skoðun um gildi ólögfestra hlutlægra ábyrgðarreglna í íslenskum rétti. Í lok kaflans verður svo hæstaréttardómur nr. 363/2008 reifaður ítarlega en niðurstaða dómsins er mjög áhugaverð að því leyti að Hæstiréttur virðist teygja sakarregluna mjög mikið í þeim tilgangi að fella skaðabótaábyrgð á meintan tjónvald.

Megintilgangur kaflans er að kanna hvaða sjónarmið lágu að baki niðurstöðum dómstóla í þeim dómum sem féllu fyrir 1970 og svo hins vegar hvað varð til þess að dómstólar viku svo frá þeirri stefnu, ef þeir höfðu þá yfir höfuð myndað sér stefnu. Eins verður reynt að varpa ljósi á hvað hafði áhrif á það að dómstólar fóru að víkja frá svo ríkri meginreglu sem sakarreglan er og dæma aðila skaðabótaskylda á grundvelli ólögfestra hlutlægra

¹⁰⁴ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 224.

ábyrgðarreglna, en eins og kom fram í umfjölluninni í kaflanum um lögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur þurfa reglurnar að vera mjög skýrar svo unnt sé að víkja frá sakarreglunni.

6.2. Réttarþróun hlutlægrar ábyrgðar á Íslandi

Eins og kemur fram í inngangi þessa kafla, voru íslenskir dómstólar ekki skýrir í afstöðu sinni gagnvart gildi ólögfesta hlutlægra ábyrgðarreglna til að byrja með. Það var ekki fyrr en í kringum 1970 sem þrír stefnumarkandi dómur, er vörðuðu ólögfesta hlutlæga ábyrgð féllu. Fyrir þann tíma mátti sjá merki þess að dómstólar dæmdu skaðabótaábyrgð á grundvelli víðtækra ábyrgðarreglna. Umfjöllun um dómaframkvæmd á þessu sviði hefur því gjarnan verið skipt í tvo þætti, þ.e. dóma sem kveðnir eru upp fyrir 1970, og dóma, sem kveðnir eru upp eftir 1970.¹⁰⁵

6.2.1. Dómar fyrir 1970

Eldri dómum sem féllu fyrir 1970, og varða á einhvern hátt ólögfesta hlutlæga ábyrgð, er flestum sammerkt að forsendur þeirra eru ekki alltaf ótvíræðar, þannig að ekki er víst, hvort niðurstöður þeirra séu reistar á ólögfestum hlutlægum ábyrgðarreglum eða ekki. **Hrd. 1953, bls. 617** er mjög áhugaverður að því leyti að þar hafði héraðsdómur reist niðurstöðu sína á hlutlægri ábyrgð með vísan til þess hve hættuleg starfsemin væri. Hæstiréttur bætir hins vegar svo í þær forsendur tveimur röksemdum, þ.e. galla eða bilun í tækjum eða mistökum, án þess að neitt slíkt væri sannað. Í málinu voru málsatvik eftirfarandi:

V/s Þyrill var stutt í Hvalfirði í því skyni að taka þaðan hvallýsi til flutnings. Vegna þess að skipið hafði áður flutt flugvélabensín, þurfti að fara fram hreinsun á geymum skipsins. Hreinsun fór fram á venjulegan hátt með eimingu með gufu og skolun með sjó til þess að kæla. Eftir að búið hafði verið að eima geymana þurfti að bíða þess að þeir væru orðnir nægilega kaldir, svo unnt yrði að senda menn niður í þá til að hreinsa. Stýrimaður skipsins hafði farið þrisvar niður í einn geyminn, þar af tvisvar með rafmagnsljós, og taldi ekki óhætt að senda menn niður strax. Lét hann því hásetana halda áfram að sprauta sjó í geyminn og fór á meðan að ræða við vélstjóran. Sprenging varð í geyminum með þeim afleiðingum að þilfar skipsins flettist frá. Við sprenginguna fórust tveir hásetar og þriðji maður úr landi, sem staddur hafði verið hjá þeim við geyminn. Í málinu var deilt um rétt ekkju og barna eins þeirra til skaðabóta.

Í héraðsdómi voru dómkvaddir tveir sérfróðir og óvilhallir menn til þess að skoða þær skemmdir sem urðu af sprengingunni, öryggisbúnað skipsins og láta í ljós álit sitt um orsakir

¹⁰⁵ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 240.

sprengingarinnar. Samkvæmt skoðunargerð hinna dómkvöddu manna var ekkert athugavert við öryggisbúnað skipsins og gátu þeir ekkert sagt um orsök sprengingarinnar. Var því ósannað að ónógum búnaði skipsins hafi verið um að kenna eða óvarkárni manna í starfi, sem stefndi bar ábyrgð á. Með öðrum orðum var það ósannað að stefndi hafi sýnt af sér einhvers konar háttsemi sem gæti talist sagnæm. Þrátt fyrir það féllst héraðsdómur á skaðabótaábyrgð útgerðarinnar með eftirfarandi rökum:

„Hins vegar er það og ósannað, að eiginmaður stefnanda hafi sýnt óvarkárni í starfi sínu. Að þessu athuguðu og þar sem telja verður flutning benzíns og vinnu í sambandi við hann sérstaklega hættulegan atvinnurekstur, þykir eðlilegt að leggja ábyrgð á slysum, sem hljótast við atvinnureksturinn, á atvinnurekandann.“

Í Hæstarétti var þessi niðurstaða staðfest en með þeim rökum, að rekja mætti upptök sprengingarinnar til einhverrar bilunar í tækjum eða mistaka, þótt ekki yrði talið sannað að skipverjar hafi átt þar sök. Sagði í dómi Hæstaréttar að þegar til þessa væri litið og til þess, hve þessi starfsemi væri hættuleg, þætti eðlilegt að leggja skaðabótaábyrgð á útgerðina.

Augljóslegt er að héraðsdómur reisir sína niðurstöðu á hlutlægri ábyrgð með vísan til þess, hve hættuleg starfsemin væri. En eins og fyrr segir bætir Hæstiréttur tveimur röksemdum við niðurstöðu héraðsdóms, þ.e. galla eða bilun í tækjum eða mistökum, án þess að neitt slíkt væri sannað. Forsendur Hæstaréttar eru því óljósar og þar af leiðandi ekki nægilega ótvíræðar til að telja dóminn dæmi um beitingu ólögfestrar hlutlægrar ábyrgðarreglu.

Áþekkar forsendur eru í **Hrd. 1968, bls. 1271** en þar sprakk gufuketill þegar rafvirki var staddur inni í ketilrýminu. Hlaut rafvirkinn mikil meiðsl sem síðar drógu hann til dauða. Í skaðabótamáli sem ekkja hans og börn höfðu komst Hæstiréttur að eftirfarandi:

„Það virðist hins vegar ljóst, að sprengingin hafi orðið annað hvort vegna bilunar á tækjum eða vegna lélegrar umhirðu. Ber aðaláfrýjandi því fébótaábyrgð á tjóni því, sem gagnáfrýjendur hafa orðið fyrir af þessum sökum.“

Þrátt fyrir að niðurstöður þessara tveggja dóma séu ekki ótvíræðar voru þær hins vegar taldar gefa vísbendingu um vilja Hæstaréttar til að beita víðtækari ábyrgðarreglum en sakarreglunni.¹⁰⁶

Að mati fræðimanna hafa eftirfarandi þrjár dómar verið taldir góð dæmi, þar sem án nokkurs vafa er beitt ólögfestum reglum um hlutlæga ábyrgð.¹⁰⁷

¹⁰⁶ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 243.

¹⁰⁷ Sjá t.d. Viðar Má Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 241-242.

Hrd. 1968, bls. 1051

Málavextir voru þeir að H, starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins, R, var að vinna við viðgerðir uppi í rafmagnsstaur þegar hann féll úr sturnum og slasaðist. Í málinu taldist sannað að lás á öryggisbelti, er hann hafði um sig, hefði opnast af einhverjum ástæðum og að á því hefði verið smíðagalli. Í dómnum segir að stefndi mátti treysta því að beltíð væri ekki haldið slíkum galla sem það var haldið. Einnig er tekið fram að stefndu hefðu heldur ekki mátt gera sér grein fyrir smíðagalla þeim, sem á beltinu var, né að þeir hafi haft ástæðu til að draga í efa öryggi það, sem beltíð átti að veita. Segir svo: „*Hins vegar þykir vinnuveitandi verða að bera ábyrgð á því gagnvart starfsmanni sínum, að slíkt öryggistæki sé ekki haldið leyndum galla, sem telja verður að umræddur smíðagalli (konstruktionsgalli) hafi verið. Verður því lögð á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.*“

Hrd. 1970, bls. 434

Í málinu var deilt um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda, F, á slysi sem S hlaut við vinnu sína við hausunarvél í fiskvinnsluhúsi. S stjórnaði vélinni og átti að hagræða fiski, sem rann svo til hausunar í vélinni. Slysið varð með þeim hætti, að S rann til á hálu gólfi og festist hönd hans í svonefndri færisskúffu og dróst hann að hausunarvélinni. Verkstjóri fiskvinnslunnar náði að ýta á stopprofann, en gaf jafnframt fyrirmæli um að taka öryggi úr rafmagnstöflu þannig að straumur til vélarinnar yrði rofinn. Þeir, er það áttu að gera, vissu ekki hvaða öryggi átti að taka úr sambandi og fór þá verkstjórinn til að gera það, en slepti um leið rofanum og vélin fór af stað. Dróst hendi S inn í vélina og slasaðist hann mjög alvarlega og hlaut miklar varanlegar afleiðingar. Talið var, að orsök slyssins væri helst að rekja til þess, að stopprofinn var bilaður. Í dómi Hæstaréttar er því fyrst slegið föstu, að S hafi ekki sýnt af sér óvarkárni og hálka á gólfinu hafi ekki verið á hans ábyrgð. Síðan segir svo um orsök slyssins og ábyrgð á tjóninu: „*Rofi vélarinnar var bilaður, og má rekja slys þetta til þess vanbúnaðar. Ber gagnáfrýjandi Fiskiðjan h/f því að fullu fébótaábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda vegna slyss þessa.*“

Hrd. 1970, bls. 544

I, starfsmaður varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli, slasaðist alvarlega, er bifreið vinnuveitanda hans, sem hann ók, valt. Um orsakir þess og ábyrgð íslenska ríkisins, sem stefnt var í málinu vegna ákvæða í varnarsamningi, segir m.a. svo í forsendum Hæstaréttar: „*Telja verður í ljós leitt, að slys það, sem mál þetta er risið af, hafi hlotist af bilun í stýrisbúnaði bifreiðarinnar VL 2880. Bifreið þessi, er var eign varnarliðsins, var atvinnutæki gagnáfrýjanda, en hann starfaði í þjónustu varnarliðsins. Bifreiðareigandi ber því að lögum bótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaust.*“

Eins og hér sést er það öllum þessum þremur dómum sammerkt, að vinnuveitandi er dæmdur bótaskyldur án sakar vegna slysa, er urðu vegna bilunar tækis. Töldu fræðimenn því að full rök hafi verið til þess, að draga þá ályktun að í íslenskum rétti væri í gildi regla um hlutlæga skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á líkamstjóni, sem starfsmenn hans verða fyrir í starfi, vegna bilunar eða galla í tæki er vinnuveitandinn á. Niðurstöður dómanna eru einnig í samræmi við kenningar fræðimanna og úrlausnir dómstóla annars staðar á Norðurlöndum á þessum tíma, þar sem víðtæk ábyrgð var lögð á eigendur tækja ef bilun eða galli veldur slysi.¹⁰⁸

Það má hins vegar velta vöngum yfir því hvort Hæstiréttur hefði þurft að fara þessa leið ef í gildi hefðu verið sambærilegar reglur og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 kveða á um í dag. Með þeim lögum eru mjög víðtækar skyldur settar á atvinnurekanda að þeir sjái til þess að allur aðbúnaður sé í lagi, sbr. 13. gr. laganna. Þannig hefðu tjonþolar sennilega verið í mun betri stöðu til þess að sýna fram á sök atvinnurekanda í ofangreindum málum.

6.2.2. Dómar eftir 1970

Í framhaldi af túlkun dómstóla í framangreindum dómum var líklegt að þróunin héldi áfram á þann veg að dómstólar dæmdu ábyrgð án beinnar lagastoðar í ríkari mæli. Svo varð þó ekki og breyttu dómstólar um stefnu uppúr 1970.¹⁰⁹ Hafa dómstólar eftir þennan tíma, svo ótvírætt sé, ekki dæmt hlutlæga ábyrgð, án þess að fyrir því væri bein stoð í settum lögum.¹¹⁰ Til þess að varpa frekara ljósi á breytta afstöðu dómstóla eftir 1970 í að beita ólögfestri hlutlægru ábyrgðarreglu um líkamstjón á starfsmönnum, sem verður vegna bilunar eða galla í tækjum, verða hér reifaðir nokkrir dómar.

Þeir dómar sem taldir eru gefa fyrstu vísbendingar um breytta afstöðu dómstóla til ólögfesta hlutlægra ábyrgðarreglna eru **Hrd. 1970, bls. 3** og **Hrd. 1974, bls. 977**.¹¹¹ Báðir dómarnir varða slys á fólki er varð vegna þess að drykkjarflaska brotnaði eða sprakk vegna galla í gleri hennar.

Hrd. 1970, bls. 3

A var starfsmaður hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar h/f, þar sem hann vann ýmis störf í verksmiðju fyrirtækisins. Þann 27. september 1966 fól verkstjórinn honum að taka á móti flöskum er voru að koma úr hitaofni verksmiðjunnar og setja þær í kassa. Vinnutilhögun þarna var sú, að flöskurnar voru settar á kerru og kerran svo sett inn í hitaofn, þar sem

¹⁰⁸ Arnljótur Björnsson. Kennslubók fyrir byrjendur. (1999), bls. 116.

¹⁰⁹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 243.

¹¹⁰ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 243.

¹¹¹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 244.

flöskurnar voru hitaðar upp í 80 stig á celsíus í um það bil 45 mínútur. Síðan var kerran tekin út úr ofninum og rennt fram á gólf verksmiðjunnar, þar sem flöskurnar voru látnar kólna í um það bil 30 mínútur. Þegar flöskurnar höfðu kólnað hóf A, ásamt samstarfsmanni sínum, að losa flöskurnar af kerrunni í kassa. Við eina tilfæringuna varð það slys að ein af flöskunum sprakk með þeim afleiðingum, að glerbrot hrökk í hægra auga stefnanda. Við þetta missti A sjón á auganu og hlaut því varanlega örorku af völdum slyssins. Í dómnum var það talið í ljós leitt, að algengt væri að flöskur springi í verksmiðjunni. Sprengingarnar eru taldar stafa af galla í gleri flasknanna, sem í sumum tilvikum er ókleift að sjá við skyggingu flasknanna. Var því um viðvarandi hættu í sambandi við starfsemi Egils Skallagrímssonar h/f að ræða, sem vitað var um. Niðurstaða héraðsdóms, sem Hæstiréttur samþykkti var eftirfarandi: *„Af þessum sökum lítur rétturinn svo á, að nauðsyn hefði borið til, að stefnandi væri látinn nota hlífðargleraugu eða andlitshlíf við framangreint starf sitt. Úr því að þessar öryggisráðstafanir voru eigi viðhafðar, þykir verða að leggja á stefnda óskoraða skaðabótaábyrgð á slysi því, er stefnandi varð fyrir í verksmiðju hans hinn 27. september 1966, enda er ósannað, að stefnandi hafi sjálfur átt nokkra sök á slysinu.“*

Eins og að framan sagði gaf Hrd. 1974, bls. 977 einnig vísbendingar um breytta afstöðu dómstóla. Var þar einnig um að ræða slys er varð þegar drykkjarflaska sprakk.

Hrd. 1974, bls. 977

Í þessu máli varð A, afgreiðslustúlka í Herjólfu, H, fyrir því óláni að verða fyrir glerbrotum flösku sem sprakk með þeim afleiðingum að varanlegur skaði á öðru auga hennar hlaut af. Höfðaði hún skaðabótamál vegna líkamstjóns síns gegn E, framleiðanda flöskunnar. Talið var sannað með matsgerð, að á flöskunni hafi verið „veikur punktur“, er valdið hafi hættu á, að flaskan spryngi við 20-25 stiga hita. Er atvikið átti sér stað stóð flaskan við ofn sem orsakaði þann þrýsting sem óx og olli að lokum sprengingu. Ekki var talið í ljós leitt að geymsla flöskunnar hafi verið óhæfileg. Ekki kom fram í dómnum að framleiðanda flöskunnar hafi verið ljós sú hættu sem af flöskunni gæti skapast. Hæstiréttur taldi, að gera yrði ríkar kröfur til þeirra, sem seldu vörur á almennan markað, að venjuleg meðferð á vörunum hefði ekki hættu í för með sér. E hafði ekki látið H í té leiðbeiningar um meðferð gosdrykkja í verslun hans og að hættu gæti verið samfara því að geyma þá við aðstæður þær, er voru í verslun H. *„Með vísan til þessa og til raka héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómsmönnum, þykir bera að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að aðaláfrýjandi beri fulla fébótaábyrgð á slysi gagnáfrýjanda, enda þykir gagnáfrýjandi eiga beinan bótarétt á hendur aðaláfrýjanda eins og hér stendur á.“*

Eins og sést í þessum dómum leitast Hæstiréttur við að sýna fram á saknæma háttsemi vinnuveitandans, eða ábyrgðaraðila, og að galli eða bilunin sé vegna þeirrar háttsemi. Í fyrri dómnum var sýnt fram á að um viðvarandi og þekktan galla væri að ræða. Því hefði mátt ætlast til af vinnuveitandanum að gera viðhlítandi ráðstafanir svo tjón hlytist ekki af við framkvæmd vinnunnar. Í seinni dómnum leggur Hæstiréttur mjög stranga sakarábyrgð á framleiðanda flöskunnar. Þeir hafi borið ábyrgð á að kaupendur væru upplýstir um meðferð gosdrykkja frá þeim. Af nýlegri dómum sem sýna afstöðu Hæstaréttar til hlutlægrar ábyrgðar þegar kemur að bilun eða galla má nefna **Hrd. nr. 385/2000** þar sem starfsmaður KEA fótbrotnaði er fótur hans varð á milli lyftuganga og þaks vörulyftu þegar hann hugðist athuga með bilun í lyftunni.

Hrd. 385/2000

B, sem starfaði sem rafvirki hjá KEA hafði verið kallaður til vegna þess að vörulyfta hafði festst áður en hún var komin í rétta stöðu. Þegar honum hafði tekist að opna lyftudyrnar teygði hann sig inn til að skoða aðstæður. Snerti hann gólfið með öðrum fæti með þeim afleiðingum að lyftan féll með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði er fótur hans varð á milli lyftuganga og þaks vörulyftunnar. Ástæða bilunarinnar var talin vera sú að slakrofi hafði ekki virkað og slaki hafi myndast á spilvír lyftunnar. Í dómnum voru nægar líkur taldar að því leiddar að eftirliti og fyrirbyggjandi viðhaldi á lyftunni hefði ekki verið nægjanlega sinnt og það væri frumorsök slyssins. Í því samhengi benti rétturinn á, að gildandi reglur, um eftirlit og viðhald lyftunnar, hefðu ekki verið virtar. Einnig hafði Vinnueftirlitið, fyrir slysið, gert athugasemdir um að virkni slakrofa lyftunnar skyldi tryggð. Taldi rétturinn að KEA bæri ábyrgð á þessum frumorsökum slyssins og væri því skaðabótaskyld. B var látinn bera tjón sitt að hálfu þar sem hann var talinn hafa farið gáleysislega að.

Í þessum dómi sést bersýnilega að dómurinn leitast við að sýna fram á saknæma háttsemi vinnuveitandans og að gallinn eða bilunin sé vegna þeirrar háttsemi. Hefði dómurinn talið að í gildi væri ólögfest hlutlæg ábyrgðarregla hefði ekki þurft að ganga svo langt að sanna eiginlega orsök slyssins og hver bæri ábyrgð á því heldur aðeins að slysið væri rakið til bilunar í búnaði lyftunnar. Hægt væri að rekja fjölda dóma sem sýna sömu niðurstöðu og þeir dómur sem hafa verið reifaðir hér að framan. Ekki er ástæða til að reifa þá alla en sem dæmi má nefna Hrd. 1977, bls. 1244, Hrd. 1993, bls. 974, Hrd. 1994, bls. 1733 og Hrd. 1995, bls. 525.

7. Hlutlæg ábyrgð þegar um hættulega starfsemi er að ræða

7.1. Inngangur

Þótt það megi telja að það hafi haft einhverja þýðingu í úrlausnum dóma um skaðabótaábyrgð að starfsemi sé hættuleg hefur aldrei verið talið að í gildi sé í íslenskum rétti regla um hlutlæga ábyrgð á líkamstjóni sem verður vegna hættulegrar starfsemi.¹¹² Sem dæmi vísast til Hrd. 1953, bls. 617, sem reifaður var í kafla 6.2.1, en eins og fram kom þar reisti héraðsdómur niðurstöðu sína á því að líta yrði til þess að starf það sem tjónþoli vann hafi verið hættulegt og því bæri að leggja skaðabótaábyrgð á atvinnurekanda. Hæstiréttur tók þó ekki, svo ótvírætt væri, undir þau sjónarmið en tók þó tillit til þess.

Danski lögfræðingurinn Henry Ussing hafði mikil áhrif á réttarþróunina á Norðurlöndunum og setti fram kenningar um hlutlæga ábyrgð á ýmsum sviðum.¹¹³ Setti hann meðal annars fram kenningu og rök fyrir hlutlægri ábyrgð þegar um sérstaklega hættulegan atvinnurekstur er að ræða. Verður í þessum kafla farið yfir þá kenningu Ussings og gerð grein fyrir hvaða þýðingu hún hefur í dag. Í framhaldi af því verða svo nokkrir dómar reifaðir þar sem tjónþoli hefur reist skaðabótakröfu sína á því að atvinnurekandi beri hlutlæga ábyrgð þar sem starf hans hafi verið hættulegt.

7.2. Kenningar Henry Ussing

Megininntakið í kenningum Ussings var, að beita ætti reglum um hlutlæga ábyrgð, þótt ekki væri fyrir því bein lagastoð, vegna tjóns sem stafaði af sérstakri og hættulegri starfsemi. Setti hann fram eftirfarandi fimm skilyrði sem þurftu að vera uppfyllt svo unnt væri að beita reglunni:¹¹⁴

1. Að háttsemin/starfsemin væri sérstök, þ.e. hún væri einungis stunduð af tiltölulega fáum. Gera yrði kröfu um, að starfsemin væri þannig, að hún væri augljóslega óvenjuleg, og hin hlutlæga ábyrgð því undantekning.
2. Að hættan af henni væri einnig óvenjuleg. Ekki væri unnt að gera kröfu um sérstaklega hátt hættustig, en hættan væri þess eðlis, að hún væri sérstök/óvenjuleg.
3. Að hættan hafi verið þekkt, þegar háttsemin/starfsemin fór fram. Í þessu felst, að þeim, sem t.d. rekur starfsemi, verður að hafa verið ljóst, að hún hefði sérstaka hættu í för með sér.

¹¹² Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 248. Sbr. Arnljótur Björnsson. Kennslubók fyrir byrjendur, bls. 116.

¹¹³ Henry Ussing, Erstatningsret, 6. útg. (1962), bls. 86 og áfam.

¹¹⁴ Skilyrðin eins og þau eru þýdd í bók Viðars Má Matthíassonar, Skaðabótaréttur, bls. 225. Sjá einnig Henry Ussing, Erstatningsret, 6. útg. (1962), bls. 127-130.

4. Hin hlutlæga ábyrgð ætti einungis að taka til tjóns á utanaðkomandi fólki, þ.e. ekki þeim, sem ætti starfsemina, er um ræðir, né þeim, sem væri í samningssambandi við hann.
5. Það ætti ekki að hafa áhrif á skyldu hlutlægrar ábyrgðar, þótt tjóni yrði valdið af ástæðum, sem féllu undir force majeure.

Eins og sagði að framan höfðu þessi sjónarmið mikil áhrif bæði á viðhorf löggjafans til þess á hvaða sviðum ætti að lögfesta hlutlæga ábyrgð og á úrlausnir dómstóla. Í Noregi er það viðurkennt að í gildi sé regla um hlutlæga ábyrgð þegar um hættulega starfsemi er að ræða en það má segja að skilyrðin sem dómstólar leggi til grundvallar séu dregin af sjónarmiðum Ussings. Þar er það í fyrsta lagi skilyrði að af starfsemi þeirri, sem um ræðir, stafi sérstök hættu sem er meiri en gengur og gerist. Í öðru lagi verður tjónið að vera dæmigert fyrir starfsemina og í þriðja lagi verður hættan á tjóni að vera viðvarandi. Ekki eru allir fræðimenn þó sammála um hvort þetta séu lágmarksskilyrði eða hvort dómstólar hafi svigrúm til mats á því, hvort beita eigi hlutlægri ábyrgð í öðrum tilvikum.¹¹⁵ Dómstólar á Íslandi hafa hins vegar ekki fallist á þessi sjónarmið en áhrifa kenninga Ussings gætir þó í málalíbúnaði íslenskra lögfræðinga, en margir hverjir hafa byggt á þessum sjónarmiðum í skaðabótamálum.¹¹⁶

Eins og þarna segir hafði kenning Ussings mikil áhrif á þessu sviði skaðabótaréttar en í dag hefur þó verið talið að nokkuð hafi dregið úr þýðingu kenningar hans, einkum vegna þess hve erfitt er að afmarka hvað telja ber hættulegan atvinnurekstur og hvað falli utan þess.¹¹⁷ Til að varpa frekara ljósi á afstöðu íslenskra dómstóla til reglunnar er best að skoða þá dóma þar sem reynt hefur á regluna.

7.3. Dómar er varða hlutlæga ábyrgð þegar um hættulega starfsemi er að ræða

Eins og komið hefur fram má fullyrða að aldrei hafi verið í gildi í íslenskum rétti regla um hlutlæga ábyrgð á líkamstjóni, sem verður vegna hættulegrar starfsemi. Hins vegar virðist það hafa haft einhverja þýðingu í úrlausnum dómstóla. Til þess að varpa frekara ljósi á afstöðu dómstóla verða hér reifaðir dómar þar sem tjónþoli reisti jafnan kröfu sína um skaðabætur m.a. á þeirri málsástæðu að um hættulega starfsemi hafi verið að ræða sem eigi að leiða til hlutlægrar skaðabótaábyrgðar atvinnurekanda á slysi.

7.3.1. Slysi á sjómanni við störf

Í fyrstu verða hér nefndir tveir dómar sem varða slysi á sjómönnum sem urðu fyrir tjóni við vinnu um borð í skipi. Það skal tekið fram að atvik beggja dómanna áttu sér stað fyrir

¹¹⁵ Viðar Már Matthíasson, Skaðabótaréttur, bls. 225.

¹¹⁶ Viðar Már Matthíasson, Skaðabótaréttur, bls. 226.

¹¹⁷ Bernhard Gomard, Moderne erstatningsret, bls. 74.

lögfestingu hlutlægu ábyrgðarreglunnar sem er að finna í 1. mgr. 172. gr. siglingalaga og nefnd hefur verið hér að framan. Í fyrri dómnum, **Hrd. 1957, bls. 577** eru málsatvik eftirfarandi:

Að morgni 7. maí 1955 var b/v Neptúnus á siglingu út af Vestfjörðum. Varð þá 1. vélstjóri var við leka í stjórnborðseldkatli skipsins. Nauðsynlegt var að gera við lekann og voru því viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess. Slökkt var á öllum vélum og var tjónþoli sendur af 1. vélstjóra inn í eldhol ketilsins til þess að loka því ketilröri sem lak. Fótábúnaður tjónþola var aðeins ullarsokkar og lágir leðurskór en um það bil ökladjúpt, brennheitt vatn, var á botni sótkassans. Hafði hann að auki með sér planka sem hann lagði yfir botn sótkassans. Gerði tjónþoli nú eftir föngum við lekann á ketilrörinu og fór að því búnu út úr eldholinu. Skömmu síðar fór tjónþoli að nýju inn í sótkassann samkvæmt skipun 1. vélstjóra, og var eins búinn og í fyrra skiptið, en hafði auk þess sleggju meðferðis til þess að slá fastan tappa, er hann hafði sett í enda ketilrörsins í fyrra skiptið. Í þeim svifum, sem tjónþoli var að slá eitt höggið á tappann með sleggjunni, sloknaði ljós á handlampa, er hann hafði meðferðis. Við þetta kom slinkur á tjónþola, og rann hann með báða fætur út af plankanum niður í brennheitt vatnið á botni sótkassans. Fór brennheitt vatnið upp fyrir ökla á hægri fæti, en upp fyrir á rist á vinstri fæti. Hlaut tjónþoli af þessu mikil brunasár á fæturna.

Í skaðabótamáli sem tjónþoli höfðaði gegn útgerðinni vegna tjóns síns byggði hann kröfu sína á því að 1. vélstjóri hafi vanrækt að leiðbeina honum um fótábúnað hans, er hann skipaði honum að fara inn í eldholið. Í öðru lagi byggði stefnandi kröfu sína á því, að öryggisbúnaður í sótkassanum hljóti að teljast hafa verið með öllu óforsvaranlegur við jafn hættulegar aðstæður, þar sem hann hafi ekki haft annað til að standa á en fyrrnefndan planku, sleipan af sóti og lekavatni. Segir einnig í málsástæðum tjónþolans að hér hafi verið um að ræða svo hættulegt verk að stefndi hljóti þegar af þeim sökum að bera fébótaábyrgð á slysinu.

Niðurstaða héraðsdóms, sem var staðfest af Hæstarétti, var sú að stefndi bæri að $\frac{3}{4}$ hlutum fébótaábyrgð á tjóni stefnanda. Var það rökstutt með þeim hætti að 1. vélstjóra bar, sem yfirmanni í vélarrúmi, að sjá um að fyllsta öryggis væri gætt og vísaði dómurinn þar í hve aðstaða öll var erfið, bæði vegna þrengsla og geysilegs hita og ekki hvað síst vegna þess að sjóðheitt vatn var á botni sótkassans. Taldi dómurinn að áriðandi hafi verið að byrgja vatnið í botni sótkassans. Stefnandi var látinn bera $\frac{1}{4}$ tjóns síns sjálfur þar sem honum hefði mátt vera ljóst, sem menntaður vélstjóri og með nokkra reynslu, að ekki var gætt viðhlítandi öryggisráðstafana.

Miðað við rökstuðning sinn beitir dómurinn aðeins sakarreglunni í niðurstöðu sinni. Þrátt fyrir það virðist dómurinn beita strangri sakarábyrgð, ef ekki hlutlægri ábyrgð að hluta, þar sem eftirfarandi kom að auki fram í niðurstöðunni:

„Er þá einnig haft í huga, að jafnvel þótt gætt sé fyllsta öryggis hlýtur ávallt nokkur áhætta að vera því samfara að framkvæma starf það, sem stefnanda var falið, meðan hiti er svo mikill í eldholinu, sem hér var raunin, en á þeirri áhættu beri atvinnurekandinn ábyrgð.“

Það er kannski full mikið að segja að dómurinn beiti þarna hlutlægri ábyrgð en hann tekur að minnsta kosti sérstaklega tillit til þess að starf það sem tjónþoli var settur í hafi verið sérstaklega hættulegt vegna aðstæðna í rýminu. Af þessu má jafnvel draga þá ályktun að þegar um hættulegt starf er að ræða verður sakarábyrgðin strangari gagnvart meintum tjónvaldi. Í dag mætti einnig rökstyðja skaðabótaábyrgð útgerðarinnar með vísan til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, sem áður hefur verið vísað til hér að framan í kafla 6.2.1, þ.e. til þeirra sjónarmiða að atvinnurekandi skuli tryggja öryggi og aðbúnað starfsmanna sinna.

Í Hrd. **1962, bls. 232**, sem einnig varðar slys á sjómanni, voru málsatvik þau að sjómaður slasaðist þegar sjóhnútur skall á skip er hann starfaði á. Kom sjóhnúturinn skyndilega í ljós og lítill tími var til þess að forða sér á öruggan stað. Studdi hann skaðabótakröfu sína gegn útgerðarfélaginu meðal annars á því að sjómennska sé hættuleg atvinna. Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur leituðu eftir sök í málinu og sýknuðu útgerðina þar sem ekki var talið í ljós leitt að slysið mætti rekja til mistaka eða handvammrar skipstjórnarmanna eða annarra skipverja.

Séu þessir dómur bornir saman við þau sjónarmið sem norskir dómstólar styðjast við mætti ætla að niðurstaðan hefði verið önnur, sér í lagi í þeim síðari. Í fyrsta lagi stafar af sjósókn sérstök hættu sem sé meiri en gengur og gerist þar sem sjómenn hafa minna svigrúm til þess að forða sér ef einhver hættu skapast. Í öðru lagi má einnig segja að bæði slysin hafi verið dæmigerð fyrir starfsemina, sérstaklega í seinni dómnum þar sem sjóhnútur skall skyndilega á skipið. Í þriðja lagi var hættu á tjóni viðvarandi í báðum tilfellum. Skip geta alltaf bilað skyndilega og á þann hátt að nauðsynlegt sé að gera við bilunina eins fljótt og hægt er þótt aðstæður séu erfiðar. Einnig getur veðurfar ávallt breyst skyndilega og sjórinn verið órólegur þannig að sjómenn eigi erfitt með að fóta sig.

Eins er líka áhugavert að skoða dómana og rökstuðning tjónþola með tilliti til hlutlægu ábyrgðarreglunnar sem síðar var lögfest í siglingalögum. En eins og kemur fram í umfjöllun reglunnar í kafla 5.3.1. studdist löggjafinn meðal annars við þau sjónarmið að sjósókn við strendur Íslands væri erfiður og áhættusamur atvinnuvegur.

7.3.2. *Slys er rekja má til force majeure*

Mjög áhugaverður er **Hrd. 1996, bls. 159** þar sem héraðsdómur og Hæstiréttur hafa misjafna nálgun á málsástæðu tjónþola varðandi hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda vegna þess hve hættuleg starfsemin var. Í málinu voru málsatvik eftirfarandi:

J, sem starfaði hjá V, hafði verið að ryðja snjó á Hnífsdalsvegi þegar snjóflóð (force majeure) féll skyndilega á bifreið hans sem valt niður í fjöru. Afleiðingar slyssins urðu þær að stefnanda var metin tímabundin og varanleg örorka. Í kjölfarið höfðaði J skaðabótamál gegn V og A, því váttryggingafélagi sem slysatryggði stjórnanda bifreiðarinnar.

Í málinu varð uppi ágreiningur um hvort skilyrðum 92. gr. umfl. um skaðabótaábyrgð væri fullnægt og ættu við atvikið. Að auki kom til álita að dæma V skaðabótaábyrgan án sakar þar sem aðstæður á þessum tímapunkti hafi verið mjög hættulegar. Um þessa málsástæðu voru héraðsdómur og Hæstiréttur ekki sammála. Héraðsdómur taldi skilyrði 92. gr. umfl. um skaðabótaábyrgð ekki uppfyllt þar sem tjónsathurðurinn sjálfur, þ.e. snjóflóðið, gæti ekki á neinn hátt tengst notkun bifreiðarinnar og því bæri váttryggingafélagið enga ábyrgð. Hins vegar tók héraðsdómur sérstaklega tillit til aðstæðna og mat þá hættu sem var til staðar þegar slysið átti sér stað. Dómurinn tekur það fram að sennilega hefði eftirlit og athugun á aðstæðum mátt vera betri en mat það ekki V til gáleysis að svo hafi ekki verið. Að auki hafi verið mikilvægt að halda veginum opnum með tilliti til öryggis íbúa sem hefðu ekki haft aðgang að heilsugæslu eða öðrum nauðsynjum hefði hann verið ófær. En varðandi mat héraðsdómsins á aðstæðum segir orðrétt úr dómnum:

„Á hinn bóginn telur dómurinn rétt að líta til þess, hversu almennt hættulegt það verkefni var, sem stefnandi fékkst við. Ekki er unnt að fullyrða, að starfið hafi almennt verið hættulegt vegna snjóflóða, en við sérstakar aðstæður á vissum tímum var um þá hættu að ræða. Ekki leikur vafi á, að umræddan dag var snjóflóðahætta á slysstað, enda mun snjóflóðahætta hafa verið á svæðinu þennan dag. Jafnvel þótt fyllsta öryggis hafi verið gætt, hlaut því alltaf nokkur áhætta að vera því samfara að vinna starf það, er stefnanda var falið. Verður því að telja, að starf stefnanda við snjóruðning á Hnífsdalsvegi (Eyrarhlíð) hafi verið nokkuð áhættusamt. Starfsemi þessa verður að telja frekar óvenjulega og hættuna henni samfara nokkuð sérstaka.“

Og segir svo í framhaldinu:

„Þegar litið er til þessa svo og þess, að Vegagerð ríkisins er nokkuð vel í stakk búin til að bera bótaábyrgð í tilvikum sem þessu, þ.e. annaðhvort með kaupum á ábyrgðartryggingu eða með því að líta á tjónskostnaðinn sem hluta rekstrarkostnaðar við snjómokstur, er það niðurstaða dómsins, að bótaábyrgð vegna slyss stefnanda eigi að ráðast af grundvallarreglum skaðabótaréttarins um hlutlæga ábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegrar starfsemi. Með tilvísun til þess ber þegar af þessum ástæðum að fallast á kröfu stefnanda um bótaábyrgð Vegagerðar ríkisins.“

Þarna má sjá að dómurinn viðurkennir með berum orðum að í gildi sé grundvallarregla í skaðabótarétti um hlutlæga ábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegrar starfsemi. Það verður að teljast mjög áhugavert í ljósi þess sem áður hefur verið haldið fram, þ.e. að aldrei hafi verið í gildi slík regla.

Hins vegar verður að líta á dóminn í víðu ljósi þar sem Hæstiréttur féllst ekki á þessi sjónarmið. Þar segir:

„Því er lýst í héraðsdómi, að snjóflóðahætta sé á Hnífsdalsvegi við vissar aðstæður. Dómstólar hafa hrundið kröfum um að fella skaðabótaskyldu án sakar á atvinnurekendur eða aðra vegna slysa, sem menn hafa orðið fyrir við vinnu á sjó eða landi af völdum náttúruafna. Ekki verður talið, að í þessu máli séu rök til að víkja frá þeirri dómafrankvæmd. Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda.“

Hæstiréttur féllst hins vegar á að skilyrði 92. gr. umfl. um skaðabótaábyrgð væru uppfyllt og dæmdi váttryggingafélagið bótaskyldt. Það er hins vegar allt annar handleggur og mætti alveg rökraða hvort tjónsatburðurinn hafi tengst notkun bifreiðarinnar eða ekki. Í þessu felst samt sem áður að það virðist ekki hafa haft áhrif á rétt stjórnanda ökutækis til bóta úr slysatryggingu ökumanns, þótt orsakir slyssins verði án efa raktar til náttúruhamfara.¹¹⁸ Og með það í huga virðist það hins vegar hafa áhrif þegar til álita kemur að dæma skaðabótaskyldu án sakar á atvinnurekendur.

7.3.3. Tjón vegna hættulegra efna

Tilvik þar sem starfsmenn hafa orðið fyrir varanlegu tjóni vegna vinnu við skaðleg efni hafa einnig ratað á borð dómstóla. Dómur Hæstaréttar frá 1997, bls. 2663 er gott dæmi um hvernig lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, hafa sett þröngan ramma um hvernig haga skuli aðbúnaði á vinnustöðum. Þar hafði starfsmaður orðið fyrir varanlegri skerðingu á andlegri getu eftir að hafa andað reglulega að sér skaðlegum efnum í starfi sínu.

Hrd. 1997, bls. 2663

P vann við prentstörf hjá V um 14 ára skeið. Við prentstörfin var notast við ýmis hættuleg hreinsiefni til þess að hreinsa vélarnar. Við hreinsunina notaði P ávallt hanska, en öndunargrímur hafði hann aldrei, enda hafði P ekki aðgang að öndunargrímum þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir af hálfu vinnueftirlitsins. Eins var loftræsting slæm og því vinnuaðstaða P stórhættuleg. Afleiðingar þessa urðu þær að P varð fyrir skerðingu á andlegri getu. Varð umtalsverð röskun á minni hans, hann átti í tjáningarerfiðleikum og

¹¹⁸ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 251.

hafði persónu- og skapgerðarbreytingar, og hlaut talsverðan skort á eðlilegri skynjun.

Höfðaði hann því skaðabótamál gegn V og krafði hann um bætur vegna tjóns síns.

Tjónþoli byggði skaðabótakröfu sína fyrst og fremst á því að vinnuumhverfi hans hafi verið algerlega óforsvaranlegt sem hlyti að hafa úrslitaáhrif um lögfræðilegt sönnunarmat í málinu. Vísaði hann því til stuðnings til fyrrgreindra laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem fjöldi ákvæða hefði verið brotinn, bæði hvað varðar vinnu, vinnustað, vélar og tæki, og meðferð hættulegra efna. Þessi sjónarmið féllust héraðsdómur og Hæstiréttur á með vísan til þess að vinnueftirlitið hafi margoft gert athugasemdir við slæmt og stórhættulegt vinnuumhverfi á vinnustaðnum.

Eins og segir að framan er þessi dómur ágætis dæmi um það hvernig löggjafinn hefur með ströngum lögum og reglugerðum, varðandi öryggi á vinnustöðum, sett mikla ábyrgð á atvinnurekendur til þess að varna slysum. Hins vegar hafa dæmi sýnt að tjón geti hlotist af starfsemi þrátt fyrir að öllum lögum og reglum varðandi öryggisatriði hafi verið fylgt eftir og í þeim tilfellum þarf tjónþoli að setta sig við þá staðreynd að fá ekki greiddar skaðabætur.

7.3.4. Jarðgangagerð

Í Hrd. nr. 363/2008 reyndi í fyrsta sinn á það fyrir dómstólum hvort ólögfest hlutlæg ábyrgð gæti gilt um tjón er verða við gerð jarðganga. Fyrir þennan dóm höfðu íslenskir fræðimenn tekið jarðgangagerð sem dæmi um athafnasvið þar sem ólögfest hlutlæg ábyrgð gæti mögulega verið réttmæt.¹¹⁹ Málsatvik voru eftirfarandi:

Stefnandi, B, hóf störf hjá stefnda, Í hf., haustið 2003 við gerð Fáskrúðsfjarðarganga. Þann 4. desember það ár var B ásamt fleiri starfsmönnum Í að ljúka við að hlaða sprengiefni í holur innst í stafni ganganna. Stefnandi hafði beygt sig til að binda saman kveikjuþræði, þegar grjót féll á hann úr um það bil þriggja til fjögurra metra hæð með þeim afleiðingum að hann hlaut varanlegt líkamstjón. Lögregla og Vinnueftirlit ríkisins rannsökuðu slysið, en ekkert kom fram í skýrslum þeirra um rannsókn á hvaðan steinninn féll eða hvað gæti hafa valdið því. Í málflutningi B var því borið við að ástæða þess að steinninn hafi fallið af stafni jarðganganna hljóti að tengjast öðru hvoru því að steinninn hafi orðið laus af völdum sprengingar nokkrum klukkustundum fyrir slysið og starfsmenn Í hf. ekki veitt því athygli þegar þeir í kjölfarið leituðust við að fjarlægja laust berg af stafninum eða steinninn hafi losnað mun síðar þegar borað var inn í stafninn til að koma fyrir sprengiefni fyrir næsta áfanga verksins og starfsmönnum yfirsést það.

¹¹⁹ Sjá Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur (2005), bls. 249. Sbr. Arnljótur Björnsson. Kaflar úr skaðabótarétti, bls. 253-254.

Þetta mál er mjög áhugavert að skoða, bæði hvernig það fór fyrir héraðsdómi og svo fyrir Hæstarétti. Er því tilefni til að fara ítarlega yfir niðurstöður beggja dómstiga og skoða hvernig tekið var á málsástæðum stefnanda varðandi hlutlæga ábyrgð.

Í málsástæðum kvaðst stefnandi byggja dómkröfu sína um skaðabætur á reglum um hlutlæga ábyrgð, sakarlíkindareglunni, sakarreglunni, reglunni um vinnuveitendaábyrgð, sem og ströngum bótareglum um skaðabótaábyrgð vegna þeirrar miklu hættu sem felst í sprengivinnu við jarðgangagerð. Ekki er ástæða hér að rekja rökstuðning stefnanda fyrir öðrum málsástæðum heldur en þeirri sem kveður á um hlutlæga ábyrgð.

Taldi stefnandi fyrst og fremst, í ljósi atvika að slysinu og eðlis þess starfs sem stefnandi sinnti, að stefndi bæri hlutlæga ábyrgð á slysi stefnanda, eða ábyrgð á grundvelli sakarlíkindareglunnar. Rökstuddi stefnandi þá málsástæðu með eftirfarandi hætti:

„Jarðgangagerð hafi verið tekin sem dæmi um athafnasvið þar sem ólögfest hlutlæg ábyrgð sé réttmæt. Að mati stefnanda séu allar aðstæður til að beita reglunni um hlutlæga ábyrgð í þessu máli. Störf verði varla mikið hættulegri en þau störf sem stefnanda og samstarfsmönnum hans var gert að vinna í umrætt sinn. Þeir hafi unnið við erfiðar aðstæður, í þröngum göngum inni í fjalli, og hafi haft það meginverkefni að sprengja leið í gegnum bergið. Af slíku verki stafi mikil og augljós hættu á líkamstjóni af því tagi sem stefnandi varð fyrir. Verkið sé unnið í þágu atvinnurekstrar stefnda og eðlilegt að ábyrgð sem af verkinu leiði sé hans. Stefnandi kveðst vilja taka fram að slík ólögfest hlutlæg ábyrgð sé ekki fjarlægari en svo að stefndi sé að öllum líkindum sérstaklega ábyrgðartryggður fyrir henni.“

Í niðurstöðum héraðsdóms segir svo þetta um ofangreinda málsástæðu stefnanda:

„Í settum lögum er ekki að finna heimild til þess að leggja bótaábyrgð á stefnda. Þá er ekki fyrir að fara ólögfestri bótareglu í íslenskum rétti sem byggt verði á hér. Ábyrgð stefnda verður því ekki reist á hlutlægum grunni.“

Héraðsdómur leitaðist því eftir að meta ábyrgðina eftir sakarreglunni. Fann dómurinn ekkert að því verklagi sem viðhaft var í göngunum sem virtist hafa verið eðlilegt miðað við framlögð gögn. Segir svo: „Þótt starfsemin sé hættuleg verður ekki séð hvað stefndi hefði getað gert frekar til að varna tjóni.“ Sýknaði héraðsdómur því Í hf. af öllum kröfum stefnanda.

Fyrir Hæstarétti fór málið hins vegar á annan veg. Hæstiréttur féllst á skaðabótaskyldu Í hf. en tók samt sem áður ekki á málsástæðu B varðandi hlutlægu ábyrgðina. Segir eftirfarandi í niðurstöðu Hæstaréttar:

„Þar sem ganga verður út frá því að hann (*steinninn*) hljóti að hafa komið í lóðréttu falli á áfrýjanda og vitað var hvar hann stóð þegar slysið varð, verður að leggja til grundvallar að unnt hefði verið að bera steinninn við tiltölulega lítið svæði á stafninum til að leitast við að staðreyna hvaðan hann kom. Með slíkri rannsókn hefði mátt leiða frekar í ljós hvort steinninn gæti hafa losnað við borun nýrrar holu fyrir sprengiefni eða verið laus allt frá síðustu sprengingu, svo og hvort ummerki á berginu bentu til að starfsmenn stefnda hefðu

átt að verða þess varir. Stefndi getur ekki firrt sig ábyrgð á því að þetta hafi ekki verið gert með því að vísa til þess að það hafi verið hlutverk lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins að rannsaka orsakir slyssins... Að öllu þessu virtu er óhjákvæmilegt að stefndi beri hallann af því að ekki hafi verið gerð viðhlítandi rannsókn á orsökum slyss áfrýjanda. Verður því tekin til greina krafa hans um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda, en ekki eru efni til að fella sök á slysinu að neinu leyti á áfrýjanda.“

Af niðurstöðum beggja dómstiga má greinilega sjá að ekki skuli fara öðruvísi með regluna um ólögfesta hlutlæga ábyrgð þegar um slys við jarðgangagerð er að ræða. Hins vegar verður niðurstaða Hæstaréttar að teljast mjög áhugaverð og óljóst hvaða ályktun má draga út frá henni. Hæstiréttur virðist beita sakarreglunni mjög rúmt og vísar til þess að það hafi verið á ábyrgð vinnuveitanda að verklagi rannsóknarinnar á tildrögum slyssins hafi ekki verið háttað með réttum hætti þrátt fyrir að bæði lögregla og vinnueftirlitið hafi mætt á slysstað. Það verður að teljast afar einkennilegt en Hæstiréttur er með því að beita sakarreglunni mjög rúmt bara til þess eins, að því er virðist, að fella ábyrgðina á vinnuveitandann. Höfundur gengur jafnvel svo langt að segja að Hæstiréttur sé hreinlega að beita dulbúinni hlutlægi ábyrgð.

Af þessum sökum verður að taka niðurstöðu Hæstaréttar með fyrirvara og varast að draga of víðtækar ályktanir út frá henni.

7.4. Sérlæg um atvinnuslysátryggingar á Norðurlöndunum

Tilfni er hér til að koma örstutt inn á sérstök lög um atvinnuslysátryggingar sem hafa verið lögfest á öðrum Norðurlöndum. Ekki er tilfni til að fara ítarlega í löggjöfina en hins vegar er áhugavert að skoða löginn þar sem þau byggja í grunninn á hlutlægi ábyrgð og taka sérstaklega til tjóns sem starfsmaður verður fyrir við vinnu. Með lögnum er sett skylda á vinnuveitanda að tryggja sig fyrir því tjóni sem löginn taka til.¹²⁰ Löginn eiga að tryggja starfsmönnum skaðabætur verði þeir fyrir tjóni við vinnu, hvort sem það er vegna slyss eða sjúkdóms sem rekja má til starfsins. Löginn taka til allra þeirra sem starfa fyrir einhvern annan, hvort sem það er launað eða ólaunað starf.¹²¹ Löginn taka þó ekki til allra bótaþátta og er tæmandi talning á þeim bótaþáttum sem þau ná til. Er þeim ætlað að bæta kostnað vegna læknishjálpar, endurhæfingar eða hjálpartækja. Eins er þeim ætlað að bæta varanlega örorku og miskabætur. Einnig tryggja þau aðstandendum dánarbætur ef framfarandi verður fyrir því að missa lífið í eða við vinnu. Löginn taka hins vegar ekki til t.d. tímabundins tekjutaps eða þjáningabóta. Um þá bótaþætti fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Áhugavert er að skoða þessi lög og bera þau saman við þau tilvik þar sem reynt hefur á ólögfestar hlutlægar

¹²⁰ Sjá t.d. athugasemdir með lögum 2013-03-14 nr. 278 um atvinnuslysátryggingu. Vefútgáfa Karnov, slóð: <https://jura.karnovgroup.dk/document/7000648809/1?versid=197-1-2001#rr51-ufr>. [Sótt á vefinn 05.11.2014].

¹²¹ Sjá Bo von Eyben og Helle Isager. Lærbog í erstatningsret, bls. 293, Peter Lødrup. Lærbok í erstatningsrett, bls. 190, Jan Hellner og Svante Johansson. Skadestandsätt, bls. 210.

ábyrgðarreglur fyrir íslenskum dómstólum. Væru sambærileg lög í gildi á Íslandi þyrfti ekki að fara út í löng málaferli þar sem reynt væri að sýna fram á sök vinnuveitanda í hvert skipti sem tjón yrði. Án þess að hafa kannað það sérstaklega má gera ráð fyrir öflugri tryggingarstarfsemi á þessu sviði þar sem lögin kveða á um vátryggingarskyldu atvinnurekanda.

Í greinargerð dönsku vinnuslysalaganna, sem sett voru árið 2003, kemur fram að tilgangur laganna hafi verið að einfalda bótakerfi launþega. Þessi einföldun hafði það í för með sér að tilvik sem áður höfðu venjulega ekki verið talin bótaskyld voru talin bótaskyld. Þannig fjölgaði bótaskyldum tilvikum með nýja bótakerfinu. Aftur á móti tók kerfið af ákveðinn vafa varðandi hvað væri bótaskyld og hvað ekki. Öll slys eða sjúkdómar sem rekja má til starfs eru talin bótaskyld og þarf ekki að sýna fram á með flóknum og langdregnum málaferlum að einhver saknæm háttsemi atvinnurekanda hafi valdið slysinu. Vitað var að framkvæmd nýja kerfisins legði aukinn kostnað á atvinnurekendur með tryggingarskyldu.¹²² Áhugavert væri því að kanna fjárhagshliðina á þessu bótakerfi og bera saman við það kerfi sem er á Íslandi. Áhugavert er að sjá að það sem styður helst þá hugmynd að veita þeim sérstaklega bætur sem slasast í vinnuslysi eru af pólitískum, félagslegum og efnahagslegum toga. Efnahagsleg rök hafa einkum verið þau að kostnaður vöru ætti að bera blóð verkamannsins (e. The cost of the product should bear the blood of the workman).¹²³ Þegar upp er staðið er allavega óhætt að segja að bótakerfið á Norðurlöndunum er mjög sanngjarnt gagnvart launþegum.

¹²² Sjá athugasemdir með lögum 2013-03-14 nr. 278 um atvinnuslysatryggingu. Vefútgáfa Karnov, slóð: <https://jura.karnovgroup.dk/document/7000648809/1?versid=197-1-2001#rr51-ufr>. [Sótt á vefinn 05.11.2014].

¹²³ Jan Hellner og Marcus Radetzki. Skadestandsrátt (2010), bls. 293.

8. Ólögfest hlutlæg ábyrgð á Norðurlöndunum

Að framan hefur umfjöllunin eingöngu snúið að hlutlægri ábyrgð á Íslandi, bæði hvað snýr að afstöðu löggjafans og svo dómstólum, fyrir utan stutta umfjöllun um atvinnuslysatriðgingalögin hér að framan. Í þessum kafla verður hins vegar skoðað hvernig afstaða dómstóla er á öðrum Norðurlöndum, að Finnlandi undanskildu¹²⁴, varðandi hlutlæga ábyrgð þegar um slys á fólki er að ræða. Eins og komið hefur fram að framan hafa íslenskir dómstólar farið varlega í að draga ályktanir þegar ólögfestum hlutlægum ábyrgðarreglum er beitt og verið tregir til að dæma skaðabótaábyrgð á grundvelli þeirra. Ísland er einnig það land af Norðurlöndunum þar sem löggjafinn hefur einnig verið mjög tregur við að mæla fyrir um hlutlæga ábyrgð á ýmsum sviðum, sem almennt er viðurkennd á hinum Norðurlöndunum.¹²⁵ Lengi vel sá t.d. löggjafinn á Íslandi ekki ástæðu til að mæla fyrir um hlutlæga ábyrgð á sviði umhverfisréttar, enda eru lög um umhverfisábyrgð ný af nálinni eins og kemur fram í kafla 5.4.1. Þau hefðu sennilega ekki komið til ef innleiðingarskylda tilskipana Evrópusambandsins væri ekki til staðar.

Í eðli sínu er munurinn á afstöðu löggjafans á Íslandi og löggjafa á öðrum Norðurlöndum til hlutlægra ábyrgðarreglna ekki mikill. Hins vegar má sjá mun á afstöðu dómstóla til ólögfesta ábyrgðarreglna og þá helst hjá norskum dómstólum. Verður hér því gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem greina að þessa afstöðu dómstóla.

8.1. Danmörk

Í Danmörku hafa dómstólar, eins og á Íslandi, sýnt varfærni í að beita ólögfestum hlutlægum ábyrgðarreglum. Það hefur þó verið talið að þeir hafi gengið lengra en íslenskir dómstólar. Til að mynda var talið að ekki væri hjá því komist að beita ólögfestri hlutlægri ábyrgð í **UFR 1989, bls. 1108**:

Mál þetta var höfðað af hópi starfsmanna, og í sumum tilvikum eftirlifandi maka fyrrum starfsmanna, á hendur verksmiðju, D, sem framleitt hafði eternit þak- og loftaplötur frá árinu 1928 og notað mikið af asbesti við framleiðsluna. Asbest var einnig notað við framleiðslu á rörum og fleiri vörum. Margir starfsmenn D höfðu greinst með lungnasjúkdóm, m.a. krabbamein, sem rakið var til notkunar á asbesti í framleiðslunni. Í forsendum dóms Hæstaréttar Danmerkur segir, að D sé stór verksmiðja, sem í áraraðir hafi notað mikið magn af asbesti í framleiðslu sinni, sem starfsmenn hennar hafi andað að sér. Lengi hafi verið vitað, að langvarandi innöndun asbestryks gæti valdið sjúkdómum,

¹²⁴ Hér eftir verður aðeins átt við Danmörku, Noreg og Svíþjóð þegar talað er um Norðurlöndin.

¹²⁵ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls. 224.

sem hættulegir væru lífi og heilsu. Fyrirsvarsmenn D hefðu haft vitneskju um þetta og með jöfnu millibili þurft að annast tilkynningar á slíkum sjúkdómstilvikum starfsmanna til heilbrigðisyrivalda. Síaukin vitneskja um hættueiginleika asbests hafi svo leitt til þess, að D þurfti að breyta framleiðsluþáttum sínum og hætta að nota asbest frá 1. janúar 1988. Við þessar aðstæður taldi Hæstiréttur Danmerkur, að D ætti að bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum þeirra sjúkdóma, sem starfsmenn hefðu fengið og raktir yrðu til innöndunar á asbestryki.¹²⁶

Bent hefur verið á þennan dóm sem dæmi um beitingu ólögfestrar hlutlægrar ábyrgðarreglu og það skýrt svo að útilokað sé að framkvæma sakarmat í þessu tilviki. Orðalag í forsendum dómsins felur þó í sér skírskotun til huglægrar afstöðu fyrirsvarsmanna D, sem er talið undirstrika nokkra tregðu til þess að reisa dómsniðurstöðuna eingöngu á hlutlægrri ábyrgðarreglu.¹²⁷ Vakin skal athygli á því að dómurinn og atvik málsins eiga sér stað fyrir gildistöku laga um atvinnuslysátryggingu í Danmörku sem fyrst tóku gildi árið 2003.

Í Danmörku hallast flestir fræðimenn að því að í gildi sé ólögfest hlutlæg ábyrgðarregla um tjón, sem verður vegna bilunar eða galla í tækjum. Hins vegar hefur ekki verið samræmi í dómum á þessu sviði, þar sem dómstólar hafa þar sem kostur er dæmt ábyrgð á sakargrundvelli.¹²⁸ Ekki eru allir fræðimenn þó sammála þar sem einhverjir hafa notað mun þrengri merkingu á hugtakið hlutlæg skaðabótaábyrgð.¹²⁹

8.2. Noregur

Í Noregi eru hlutlægar ábyrgðarreglur útbreiddastar þegar tekið er mið af öllum Norðurlöndunum. Er það einkum vegna þess að dómstólar í Noregi hafa talið ástæðu til að dæma hlutlæga ábyrgð, án stoðar í settum lögum, í ríkara mæli en annars staðar.¹³⁰ Eins og kom fram í kafla 7.2. um kenningu Ussings varðandi hlutlæga ábyrgð á líkamstjóni, sem verður vegna hættulegrar starfsemi, hafa norskir dómstólar tekið mikið mið af þeim sjónarmiðum sem þar komu fram. Líta þeir í fyrsta lagi til þess að af starfsemi þeirri, sem um ræðir, stafi sérstök hættu sem er meiri en gengur og gerist. Í öðru lagi verður tjónið að vera dæmigert fyrir starfseminu og í þriðja lagi verður hættan á tjóni að vera viðvarandi.

Einnig er í gildi ólögfest regla um hlutlæga ábyrgð á tjóni sem verður vegna bilunar eða galla í tækjum sem notuð eru við framkvæmd starfs. Sem dæmi má nefna dóm sem nefndur hefur verið „lyftudyradómurinn“ eða **Rt. 1957, bls. 1097** þar sem maður varð fyrir líkamstjóni

¹²⁶ Dómareifun fengin úr bók Viðars Mús Matthíassonar, Skaðabótaréttur, bls. 243-244.

¹²⁷ Viðar Mús Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls. 244

¹²⁸ Bo von Eyben og Helle Isager. Lærbog í erstatningsret, bls. 146-148.

¹²⁹ Sjá t.d. Stig Jørgensen. Erstatningsret, bls. 122.

¹³⁰ Peter Lødrup. Lærbok í erstatningsrett, bls. 247 og áfram.

er hann féll niður lyftuop og lenti á lyftuganginum. Var tjónið rakið til þess að bilun varð í lás á lyftudyrnum sem olli því að þær opnuðust án þess að lyftan sjálf væri við dynnar þegar maðurinn hugðist nota lyftuna.¹³¹

8.3. Svíþjóð

Eins og á öðrum Norðurlöndum þá hafði kenning Ussings áhrif á réttarþróunina Svíþjóð.¹³² Þau svið þar sem lögfestar hafa verið hlutlægar ábyrgðarreglur eru að miklu leyti þau sömu og finna má á öðrum Norðurlöndum.¹³³ Í Svíþjóð, eins og í Danmörku og Noregi, hófst umræðan varðandi ólögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur í kjölfar hugmynda Ussings varðandi beitingu þess konar reglu þegar um hættulega starfsemi væri að ræða. Reglan fékk fyrst fótfestu í sænskum rétti með NJA 1927 s 72 og NJA 1928 s 316. Fyrrgreindi dómurinn fjallar um skemmdir sem urðu á húsi sem raktar voru til uppgraffar á nærliggjandi lóð en sá síðarnefndi fjallar um sérstaklega hættulega heræfingu.¹³⁴

Þróunin upp frá þessu varð ekki sú að ólögfest ábyrgð var dæmd í auknu mæli eins og gerðist í Danmörku og Noregi. Hlutlæg ábyrgð var dæmd í einhverjum tilfellum en þau voru þó afar fá. Nýleg þróun hefur þó gefið ákveðnar vísbendingar sem ýta undir þá möguleika að dæma hlutlæga ábyrgð án lagastöðar. Má þar nefna NJA 1991 s 720 þar sem tjónþoli höfðaði skaðabótamál gegn rekstraraðila hitaveitu vegna tjóns sem hann varð fyrir er heitavatslögn í eigu hitaveitunnar sprakk. Dómurinn kvað sérstaklega á um það í niðurstöðu sinni að rekstur hitaveitu væri ekki sérstaklega hættuleg starfsemi. Hins vegar taldi dómurinn margar ástæður vera fyrir því að hitaveitan ætti að bera skaðabótaábyrgðina án þess þó að kveða á um hlutlæga ábyrgð. Til að mynda taldi dómurinn það eitt og sér nægja að fyrirtækið gæti valdið stóru tjóni og að það væri einokunaraðili á markaðnum.

Fleiri dómur ýttu svo undir þessa þróun eins og t.d. NJA 1997 s 468 þar sem einnig var um að ræða tjón vegna vatns og NJA 2001 s 368 þar sem rekstraraðili vatns- og fráveitukerfis var látinn bera hlutlæga skaðabótaábyrgð á vatnsskemmdum sem urðu þegar rót af tré stíflaði kerfið.

Eins og sést þá varða dómarnir ekki tjón á mönnum heldur gáfu til kynna breytta afstöðu dómstóla til ólögfestra hlutlægra ábyrgðarreglna. Eins og fyrr segir er í gildi í Svíþjóð sambærileg lög og í gildi eru í Noregi og Danmörku varðandi vinnuslys, þ.e.

¹³¹ Peter Lødrup. Lærbok i erstatningsrett, bls. 263.

¹³² Jan Hellner og Marcus Radetzki. Skadeståndsrätt (2010), bls. 172.

¹³³ Jan Hellner og Marcus Radetzki. Skadeståndsrätt (2010), bls. 174-175.

¹³⁴ Jan Hellner og Marcus Radetzki. Skadeståndsrätt (2010), bls. 178.

atvinnuslysatriggingalög. Er því öll skaðabótaábyrgð á vinnuslysum í Svíðþjóð byggð á hlutlægum grunni eins og komið hefur fram áður.

9. Niðurstaða

Í þessari ritgerð hefur verið til skoðunar hlutlæg ábyrgð sem grundvöllur skaðabótaábyrgðar, bæði sem lögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur og sem ólögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur. Þar sem reglan leggur skaðabótaábyrgð vegna tjóns á þann aðila sem hún tekur til hverju sinni án þess að sá aðili hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi er eðlilegt að spyrja sig hvort það sé ekki ósanngjarnt gagnvart meintum tjónvaldi. Við vinnslu ritgerðarinnar hefur höfundur því lagt áherslu á að svara því hvað réttlæti þá víðtæku ábyrgð sem reglan um hlutlæga ábyrgð kveður á um.

Til að byrja með var það tækniþróunin sem þvingaði fram hlutlægar ábyrgðarreglur. Á síðari hluta 19. aldar töldu menn það nauðsynlegt, af tillitssemi við hagsmuni almennings, að setja reglur um víðtækari ábyrgð en tíðkaðist. Voru það þrjú atriði sem helst studdu þá þróun. Í fyrsta lagi hafi hætta á tjónum aukist verulega með aukinni iðnvæðingu, umferð ýmiss konar vélknúinna tækja eins og járnbrautarlesta o.fl. Í öðru lagi hafi hætta á alvarlegri slysum, einkum líkamstjónum, aukist verulega með vélvæðingu í iðnaði og í samgöngum. Í þriðja lagi hafi vald ört stækkandi verkalýðsstéttar aukist mjög verulega og óhjákvæmilegt hafi verið að verða við kröfum hennar um meira félagslegt öryggi en það sem leiddi af sakarreglunni.

Hlutlægar ábyrgðarreglur hafa verið settar á misjöfnum sviðum en þær eiga þó allar það sameiginlegt að vera settar þar sem sérstök hætta, sem telja má meiri en almenna hættu, hefur verið talin stafa af einhverri ákveðinni háttsemi. Til að mynda voru hlutlægar ábyrgðarreglur settar á eigendur farartækja, er umferðarlögin, nr. 50/1987, og loftferðalögin, nr. 60/1998, tóku til, þar sem sérstök hætta var talin stafa af notkun þeirra. Þar var talið að farartækin væru hættuleg umhverfi sínu og því nauðsynlegt að kveða á um hlutlæga ábyrgð.

Hlutlægar ábyrgðarreglur hafa einnig verið lögfestar á sviðum þar sem atvinnustarfsemi hefur verið metin svo að hún sé hættulegri en almennt megi teljast. Má þar nefna siglingalögin, nr. 34/1985, og lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001. Önnur sjónarmið sem einnig studdu hlutlæga ábyrgð á þessum sviðum, og þá einkum á sviði umferðarlaga, voru þau að koma í veg fyrir langdregin og kostnaðarsöm málaferli, en fyrir gildistöku hlutlægu ábyrgðarreglunnar hafði sakarlíkindareglan verið í gildi.

Nú á síðari tímum hafa hlutlægar ábyrgðarreglur einnig verið settar á sviði umhverfisréttar. Þar sem markmiðin eru fyrst og fremst þau að koma í veg fyrir umhverfistjón og einnig að draga úr mengun, þ.e. að hafa varnaráhrif. Nýjasta dæmið um hlutlæga ábyrgð á þessu sviði eru lög um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012. Byggja lögin í grunninn á hlutlægri ábyrgð og má segja að verið sé að færa umhverfisvernd í hendur þeirra fyrirtækja sem eru hvað hættulegust

umhverfinu. Einnig byggja lögin á alþjóðlegri reglu sem má útfæra sem svo að sá sem mengar, hann borgar (e. polluter pays principle). Þannig gætir einnig sanngirnissjónarmiða með löggjöfinni þar sem sanngjarnt verður að teljast að sá sem vinnur með skaðleg og hættuleg efni gæti fyllstu varúðar og bæti það tjón sem af þeim getur hlotist.

Þegar lögfestu hlutlægu ábyrgðarreglurnar sem nefndar voru í þessari ritgerð voru skoðaðar komu einnig í ljós sterk tengsl hlutlægra ábyrgðarreglna við váttryggingarétt. Óhætt er að segja að váttryggingar séu ómissandi þáttur í þróun hlutlægra ábyrgðarreglna. Var því í nær flestum þeim lögum sem kveðið var á um hlutlæga ábyrgð, einnig kveðið á um váttryggingarskyldu þess aðila sem hlutlæga ábyrgðin tók til. Hafi atvinnurekandi eða aðili sem ber hlutlæga ábyrgð á tjóni ekki möguleika á að tryggja sig fyrir slíku tjóni er alls óvíst hvort hann geti staðið undir þeirri ábyrgð sem á hann er lögð. Þar af leiðandi missir ábyrgðarreglan marks þar sem tjónþoli fær ekki tjónið sitt bætt. Því má segja að váttryggingar hjálpi hlutlægum ábyrgðarreglum að vaxa og dafna, ef svo má að orði komast, og séu mikilvæg stoð þeirra.

Farið var í gegnum fleiri ákvæði og lög sem kveða á um hlutlæga ábyrgð í ritgerðinni sem ekki er unnt að nefna sérstaklega hér. Þetta eru aðeins dæmi um þau sjónarmið og rök sem segja má að séu rauði þráðurinn í þeim rökum og sjónarmiðum sem gilda hvað mest þegar hlutlægar ábyrgðarreglur eru lögfestar. Er það fyrst og fremst á sviðum þar sem háttsemi telst sérstaklega hættulegri en almennt megi telja. Er þá víðtæku ábyrgðinni ætlað að hafa sérstök varnaðaráhrif til þess að koma í veg fyrir að tjón hljóti af háttseminni.

Þau tilvik þar sem ólögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur hafa helst komið til álita eru annars vegar þau þar sem tjón má rekja til bilunar eða galla og hins vegar þau þar sem aðili hefur talið að það starf sem hann vann, er hann varð fyrir tjóni, hafi verið hættulegra en önnur störf. Nánar tiltekið eru þetta tilvik þar sem starfsmaður hefur orðið fyrir tjóni við vinnu.

Af dómaframkvæmd að dæma var afstaða dómstóla til ólögfesta hlutlægra ábyrgðarreglna nokkuð óljós hér áður fyrr. Dómstólar á Íslandi voru lengi vel tregir að taka afstöðu til gildis ólögfesta hlutlægra ábyrgðarreglna. Miðað við þá dóma sem voru skoðaðir virðist það hafa verið upp úr 1970 sem dómstólar mynduðu ákveðna stefnu í sinni afstöðu og má segja að í dag séu ekki í gildi ólögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur á Íslandi. Í dag leitast dómstólar alltaf við að sýna fram á saknæma háttsemi meints tjónvalds til þess að fella skaðabótaábyrgð á hann. Af þeim dómum sem reifaðir voru má þó sjá að í einhverjum tilfellum virðast dómstólar teygja sakarábyrgðina heldur langt til þess að fella skaðabótaábyrgð á aðila.

Þau sjónarmið sem helst hafa staðið að baki ólögfestum hlutlægum ábyrgðarreglum endurspeglar að miklu leyti kenningu danska prófessorsins Henry Ussing um hlutlæga ábyrgð

á líkamstjóni sem verður vegna hættulegrar starfsemi. Samkvæmt þeirri kenningu þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt en þar gildir þó fyrst og fremst að það starf sem tjónþoli vann í umrætt skipti, er hann varð fyrir tjóni, hafi verið sérstaklega hættulegt og hættulegra en almennt megi teljast, og því eðlilegast að atvinnurekandi beri ábyrgð á tjóninu. Hafði kenning hans mikil áhrif á Norðurlöndunum en eins og fyrr segir hafa íslenskir dómstólar aldrei fallist á þau sjónarmið þegar íslenskir lögfræðingar hafa byggt á þeim í skaðabótamálum. Þegar dómar eru skoðaðir sést þó að það að starfsemi sé hættuleg getur haft þýðingu við úrlausn um skaðabótaábyrgð.

Kenning Ussings hefur í dag að einhverju leyti misst marks þar sem erfitt er að skilgreina hvaða háttsemi sé sérstaklega hættulegri en önnur. Í dag, í þeim löndum sem dómstólar hafa fallist á ólögfasta hlutlæga ábyrgð, hafa þau sjónarmið þó einkum legið til grundvallar að það standi atvinnurekandanum næst að tryggja sig fyrir slysum og að hann sé betur í stakk búinn til þess að takast á við óvænt útgjöld sem af tjónum geta hlotist.

Lokaorð

Við vinnslu þessarar ritgerðar hefur höfundur orðið margt vísari. Þau sjónarmið og rök sem standa að baki þeim hlutlægu ábyrgðarreglum sem hafa verið lögfestar liggja nokkuð ljós fyrir höfundi og í raun ekkert út á þau að setja. Þar gildir fyrst og fremst að hlutlæg ábyrgð er nauðsynleg þar sem sérstök hættu stafar af einhverri háttsemi. Það sem kom þó höfundi mest á óvart við vinnslu ritgerðarinnar var hve flókið bótakerfið er í raun þegar kemur að vinnuslysum. Þar gildir fyrst og fremst sakarreglan sem hefur nánast verið afnumin á þessu sviði á Norðurlöndunum. Alls staðar á Norðurlöndunum, nema á Íslandi, hafa verið lögfest lög um vinnuslysáttryggingar sem kveða á um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda á vinnuslysum eða sjúkdómum. Eins og kemur fram í umfjöllun um þau lög taka þau reyndar ekki til allra bótaþátta en veita hins vegar tjónþola ríkan rétt til bóta. Að mati höfundar ætti að skoða að taka upp sambærileg lög á Íslandi. Þó svo að dómstólar virðist hafa myndað sér nokkuð sterka skoðun á gildi ólögfestra hlutlægra ábyrgðarreglna er það þó að sjá í einhverjum tilfellum að einhver vafi sé þar á. Til að mynda leiddi reifun á Hrd. 1996, bls. 159 í ljós að afstaða dómstóla til reglunnar er kannski ekki eins skýr og hún kann að hljóma. Þar viðurkenndi héraðsdómur í raun að til væri grundvallarregla í skaðabótarétti um hlutlæga ábyrgð atvinnurekanda vegna hættulegrar starfsemi. Hæstiréttur tók þó fyrir að slík regla væri í gildi. Niðurstaða Hrd. nr. 363/2008, er varðar tjón er varð við gerð jarðganga, er einnig mjög áhugaverð. Þrátt fyrir að Hæstiréttur taki ekki á málsástæðu tjónþola um hlutlæga ábyrgð vegna hættueiginleika starfsins beitir Hæstiréttur mjög strangri sakarábyrgð, eiginlega svo strangri að hún nálgast það að vera dulbúin hlutlæg ábyrgð. Niðurstaðan er frekar furðuleg og því kannski rétt að draga ekki of miklar ályktanir út frá henni. Gefur manni þó örlítið svigrúm til þess að velta fyrir sér raunverulegum vilja dómsins í þessu tilfelli. Fannst dómnum bara sanngjarnt að tjónþoli fengi bætur í þessu tilfelli eða var virkilega svigrúm til þess að teygja sakarregluna svona mikið?

Heimildaskrá

Alþingistíðindi.

Arnljótur Björnsson. Bótaskylda án sakar. *Tímarit lögfræðinga* 1984 (1. hefti). Bls. 6-35.

Arnljótur Björnsson (1990). *Kaflar úr skaðabótarétti*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Arnljótur Björnsson (1999). *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur* (2. útgáfa).

Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Arnljótur Björnsson (2003). *Ökutæki og tjónbætur*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

von Eyben, B (2007). *Lærebog i erstatningsret* (6. útgáfa). Jurist- og Økonomforbundets

Forlag: Kaupmannahöfn.

Gomard, B (2002). *Moderne erstatningsret* (1. útgáfa). Jurist- og Økonomforbundets

Forlag: Kaupmannahöfn.

Guðmundur Sigurðsson. Vinnuslys, slysatrygging sjómanna. *Tímarit lögréttu* 2004 (1. tbl.).

Bl. 11-35.

Hákon Árnason. „Notkunarhugtak 1. mgr. 88. gr. og 1. mgr. 91. gr. umfl.“. *Úlfljótur* 1996 (1.

tbl.). Bls. 75-79.

Hellner J. og Radetzki M. (2010). *Skadeståndsrätt*. Norstedts Juridik AB: Stokkhólm.

Jørgensen S. (1972). *Erstatningsret* (2. útgáfa). Juristforbundets Forlag: Kaupmannahöfn

Lødrup P. (2011). *Lærebok i erstatningsrett* (6. útgáfa). Gyldendal Norsk Forlag AS: Osló.

Ussing, H. (1962). *Erstatningsret* (6. útgáfa). Juristforbundets Forlag: Kaupmannahöfn.

Viðar Már Matthíasson (2005). *Skaðabótaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Vinding Krise, A (1989). *Erstatningsretten* (5. útgáfa). Jurist- og Økonomforbundets

Forlag: Kaupmannahöfn.

Lagaskrá

Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Lög nr. 124/2009 um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum.
Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
Lög nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.
Lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.
Lög nr. 60/1998 um loftferðir.
Lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.
Lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús.
Skaðabótalög nr. 50/1993.
Lög nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð.
Umferðarlög nr. 50/1987.
Lög nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
Siglingalög nr. 34/1985.
Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
Lög nr. 14/1979 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olú.
Umferðarlög nr. 26/1958, brottfallin.
Lög nr. 32/1929 um loftferðir, brottfallin.
Bifreiðalög nr. 21/1914, brottfallin.

Dómaskrá

Ísland

Hrd. 90/2013.
Hrd. 472/2011.
Hrd. 29/2011.
Hrd. 188/2009.
Hrd. 363/2008.
Hrd. 385/2000.
Hrd. 307/1999.
Hrd. 455/1998.
Hrd. 1997, bls. 2663.
Hrd. 1996, bls. 159.
Hrd. 1995, bls. 525.
Hrd. 1994, bls. 1733.

Hrd. 1993, bls. 974.
Hrd. 1977, bls. 1244.
Hrd. 1974, bls. 977.
Hrd. 1970, bls. 544.
Hrd. 1970, bls. 434.
Hrd. 1970, bls. 3.
Hrd. 1968, bls. 1271.
Hrd. 1968, bls. 1051.
Hrd. 1962, bls. 232.
Hrd. 1958, bls. 112.
Hrd. 1957, bls. 577.
Hrd. 1953, bls. 617.

Danmörk

UfR 1989. bls. 1108.

Noregur

Rt. 1996, bls. 1122.
Rt. 1957, bls. 1097.

Svíþjóð

NJA 2001, bls. 368.
NJA 1997, bls. 468.
NJA 1991 s 720.
NJA 1928, bls. 316.
NJA 1927, bls. 72.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY
